

ÁRSSKÝRSLA SJÁLANDSSKÓLA

2008-2009



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Hagnýtar upplýsingar	5
<i>Nemendur</i>	5
<i>Starfsmenn</i>	7
<i>Ytri tengsl</i>	14
<i>Skólaárið</i>	15
<i>Skóladagurinn hjá 1.-7.bekk</i>	16
<i>Skóladagurinn hjá 8.bekk</i>	17
<i>Skólahúsneði – skólalóð</i>	18
Áherslur í starfi Sjálandsskóla árið 2009 – 2010	20
Tyllidagar og viðburðir á skólaárinu	20
Samstarf heimilis og skóla	25
<i>Skýrsla foreldrafélags Sjálandsskóla</i>	26
Próunarverkefni á skólaárinu	28
Sjálfsmat skóla	28
Samtanteikt og mat á árangri skólustarfsins	29
Skýrslur umsjónarkennara	31
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. og 2. bekk</i>	31
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk</i>	36
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. og 6. bekk</i>	41
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk</i>	47
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk</i>	51
Skýrslur list og verkgreinakennara	56
<i>Skýrsla íþróttakennara</i>	56
<i>Sundkennsla</i>	62
<i>Skýrsla í myndmennt</i>	71
<i>Skýrsla í hönnun og smíði</i>	80
<i>Skýrsla tónmenntakennara</i>	87
Stuðningsþjónusta	99
<i>Skýrsla sérkennara</i>	99
<i>Skýrsla þroskaþjálfara</i>	101
<i>Skýrsla meðferðarfulltrúa</i>	102
<i>Skýrsla námsráðgjafa</i>	102

Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu – og upplýsingatækni í Sjálandsskóla veturinn 2008-2009.....	109
Tómstundaheimili	121
Fylgiskjöl	131
<i>Fylgiskjal 1 – Skipurit Sjálandsskóla</i>	<i>131</i>
<i>Fylgiskjal 2 – Skóladagatal 2008-2009.....</i>	<i>132</i>
<i>Könnun á viðhorfum forráðamanna og starfsmanna til vetrarfrís skólaárið 2009-2010</i>	<i>133</i>
<i>Læsispróf í Sjálandsskóla 2008-2009.....</i>	<i>134</i>
<i>Fylgiskjal 5.....</i>	<i>135</i>
<i>Samræmdu prófin í Sjálandsskóla 2008.....</i>	<i>135</i>
<i>Fréttir úr skólalífnu</i>	<i>139</i>
<i>Skóladagatal 2008-2009</i>	<i>164</i>
<i>Foreldrakönnun – haust 2008.....</i>	<i>166</i>

INNGANGUR

Ársskýrsla Sjálandsskóla kemur nú út í fjórða sinn. Markmiðið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um starfið í Sjálandsskóla veturinn 2008-2009. Gefið er yfirlit yfir starfið sem fram fer í skólanum auk þess sem fjallað er um ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel og ábendingar um sitthvað sem betur má fara. Að gerð skýrslunnar koma skólastjóri, kennarar, ritari og aðstoðarskólustjóri sem ritstýrir verkinu. Skýrslan skiptist í ellefu kafla auk formála. Skýrslunni er dreift til skólaráðs, stjórnar foreldrafélagsins, skólanefndar Garðabæjar, forstöðumanns fræðslu- og menningar sviðs, deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans og liggur frammi á skrifstofu hans. Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í Sjálandsskóla er að finna á heimasíðu skólans: <http://www.sjalandsskoli.is>

Sjálandsskóli er einsetinn grunnskóli og bauð á þessu ári upp á starf fyrir nemendur í 1.-8. bekk. Í Garðabæ hafa foreldrar val um grunnskóla fyrir börn í 1.-8. bekk og um eiginleg skólahverfi er ekki að ræða. Nærhverfi skólans er: Sjáland, Ásar, Grundir og Nes og markast það að Hafnarfjarðarvegi í suður, Gálghrauni í vestur, Arnarnesvogi í norður og Kópavogi í austur.

Fyrsti skóladagur skólaársins 2008-2009 var 22. ágúst og voru þá 179 nemendur skráðir við skólann. Fyrsta skóladaginn voru allir nemendur skólans boðaðir ásamt forráðamönnun í einstaklingsviðtöl hjá umsjónarkennurum. Markmið þessara viðtala var að kynnast nýjum nemendum og skerpa á markmiðum vetrarins. Skipulag skólans er í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá. Stefna skólans er í fylgiskjali 1. Skóladagatal skólans er í fylgiskjali 2. Skólustjóri á þriðja starfsári var Helgi Grímsson og aðstoðarskólustjóri var Ólöf Sigurðardóttir. Skipurit skólans er í fylgiskjali 3.


Sjálandsskóla í júní 2009

Ólöf S Sigurðardóttir aðstoðarskólustjóri

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR


Nemendur

Samtals voru 181 nemandi í skólanum þetta skólaár, 179 við upphaf skólaársins en 181 þegar mest var. Stúlkur í skólanum voru 95 og piltarnir voru 86. Skipting nemenda í árganga var með eftirfarandi hætti 1. og 2. bekk var samkennt í tveim umsjónarhópum alls 34 nemendur. Samkennt var í 3. og 4. bekk í þremur umsjónarhópum. Þar voru 47 nemendur. 61 nemenda var samkennt í 5. og 6. bekk í þremur umsjónarhópum og 7. bekk var kennt í einum umsjónarhóp alls 18 nem. og í 8. bekk var líka kennt í einum umsjónarhóp alls 21 nemenda.




Fjöldi nemenda Sjálandsskóla síðustu 4 ár

	2005-2006	2006-2007	2007-2008	2008-2009
Fjöldi nemenda	85	114	167	182



Eftirfarandi súlurit sýnir skiptingu nemenda skólans eftir lögheimili. Athyglisvert er hversu hlutfallslega fáir nemendur koma úr Sjáländsshverfi en hverfið er nokkuð stórt og afar nálægt skólanum. Skýrist það væntanlega af íbúasamsetningu og aldri íbúa hverfisins.



Ástundun

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að veikindadagar nemenda sem skráðir eru í Mentor eru samtals 716. Beðið var um leyfi fyrir nemendur í 525 daga.

Ef tekið er meðaltal af þessum fjarvistum þá er hver nemandi veikur í 4 daga og fær leyfi í 3 daga. Eftirfarandi tafla sýnir ástundun hjá nemendum skólans.

	Veikindi 2008-2009	Veikindi 2007-2008	Leyfi 2008-2009	Leyfi 2007-2008
1./2.bekkur	139		98	
3./4.bekkur	157		190	
5./6.bekkur	246		120	
7.bekkur	59		34	
8.bekkur	115		83	
Samtals	716	446	525	332

Starfsmenn

Starfsmenn Sjálundsskóla er hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinna í sameiningu að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu, með hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólustjóra og eiga í nánun samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera mikla ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd og mati og leggja metnað sinn í að styðja hvert annað í starfi, miðla þekkingu, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi. Skólaárið 2008-2009 störfuðu við skólann 38 starfsmenn, 19 kennarar og stjórnendur. 1 kennsluráðgjafi, 2 þroskaþjálfar, 1 stuðningsfulltrúi, 1 bókavörður, 4 starfsmenn við tómsundaheimilið, 3 skólaliðar 1 ritari og umsjónarmaður.



Eftirtaldir starfsmenn störfuðu við skólann þetta skólaár:


	Stöðuheiti	Stöðuhlutfall
Aleksander D Simeonov	Skólaliði	100%
Andri Freyr Björnsson	Starfsm. tómsundaheimilis	15%

Bjarney Gísladóttir	Bókavörður	62,5%
Bryndís A. Rail	Forfallakennari	
Davíð Örvar Ólafsson	Íþróttakennari	50%
Davíð Örvar Ólafsson	Forstöðum. Tómsundaheimilis	75%
Dorin Tamasan	Skólaliði	100%
Edda Björk Gunnarsdóttir	Umsjónarkennsla 5/6 bekkur	100% fyrir áramót
Edda Björg Sigurðardóttir	Umsjónarkennsla 5/6 bekkur	100% eftir áramót
Elfa Hrönn Friðriksdóttir	Umsjónarkennsla 7 bekkur	100% – kom úr orlofi í apríl
Erna Sif Auðunsdóttir	Umsjónarkennsla 8 bekkur	100%
Eygló R Sigurðardóttir	Smíðakennsla	100%
Fanney Hanna Valgarðsdóttir	Þroskaþjálfari	100%
Fjóla Hrund Björnsdóttir	Starfsm. tómsundaheimilis	15%
Guðrún Dóra Jónsdóttir	Myndmenntakennsla	100%
Gunnhildur Grétarsdóttir	Umsjónarkennsla 7 bekkur	Afleysing
Helgi Grímsson	Skólastjóri	100%
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Íþróttakennsla	100% kom úr orlofi í maí
Hrafnhildur Sævarsdóttir	Íþrótt og sundkennari	67%
Ingunn Þóra Hallsdóttir	Umsjónarkennsla 1/2 bekkur	100%
Ingveldur Karlsdóttir	Umsjónarkennsla 1/2 bekkur	100%
Jóhanna Jóhannsdóttir	Starfsm. tómsundaheimilis	17,5%

Jóhanna Elísa Magnúsdóttir	Meðferðafulltrúi	65%
Kristín Steinarsdóttir	Kennsluráðgjafi U T	100%
Margrét Helgadóttir	Umsjónarkennsla 5/6 bekkur	100%
Margrét Tómasdóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	66,7%
Margrét Þorleifsdóttir	Umsjónarkennsla 5/6 bekkur	100%
Oddur Albertsson	Umsjónarkennsla 7 bekkur	100% hálfan vetur
Ólafur Schram	Tónmenntakennsla	100%
Ólöf Sigurbjörg Sigurðardóttir	Aðstoðarskólalastjóri	100%
Sesselja Þóra Gunnarsdóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100%
Sigríður Huld Konráðsdóttir	Námsráðgjafi	66,7%
Sigríður Gísladóttir	Þroskaþjálfari	100%
Sigríður Ólafsdóttir	Sérkennari	66,7%
Sigrún Grímsdóttir	Forfallakennari	
Sigrún Reynisdóttir	Textílkennsla	100%
Sigurður Guðleifsson	Umsjónarmaður skóla	100%
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir	Ritari	100%
Sonia Dias F.C. Leite	Skólaliði	100%
Þórey Íris Halldórsdóttir	Umsjónarkennsla 3/4 bekkur	100%

Á næstu þremur myndum má sjá yfirlit yfir aldur, kyn og lögheimili starfsmanna.





Símenntun starfsmanna

Kennarar skólans komu til starfa 13. ágúst. Fyrstu dagarnir voru nýttir til samráðs. Nokkuð margir nýjir kennarar tóku til starfa og var farið ítarlega í hugmyndafræði og innra skipulag skólans. Þann 14. ágúst sóttu allir kennarar skólans námsstefnu um lesskilning sem haldin var að frumkvæði samtaka um skólaþróun. 7.nóvember sóttu nokkrir starfsmenn ársþing skólaþróunarsamtakanna um nemandann á 21.öldinni. Allnokkur tími fór í innleiðingu á nýju sjálfsmatsferli í skólanum Gæðagreini. Kennarar unnu í hópum allan veturinn að þeirri vinnu. Tveir kennarar fóru á kennslugagnasýningu í Birmingham. Umsjónarkennarar sóttu nokkur útikennslunámskeið. Umsjónarkennarar á yngsta stigi og sérkennari sóttu kynningu og námskeið á matslista Gerd Strand. Í kjölfarið var sá matslisti nýttur í starfinu. Sérkennari sótti námskeið í Logos lestrargreiningaraðferðinni og fékk réttindi til að nýta það tæki. Skólastjórnendur sóttu fjölmörg erindi og kynningar, m.a. ársþing skólastjórafélagsins og málþing skólastjórafélags Reykjaness. Þeir starfsmenn sem ekki höfðu nýlega lokið skyndihjálparnámskeiði fengu slíka kennslu. Sérkennarar og þroskaþjálfar sóttu erindi og námskeið sem hæfðu þeirra sérhæfingu. Starfsmenn skólans sóttu fjölmörg önnur námskeið og fræðslufundi. Starfað var samkvæmt gildandi símenntunaráætlun. Kennarar fara margvíslegar leiðir í persónulegri endurmenntun og gera grein fyrir henni í starfsmannaviðtölum. Ennfremur skila allir kennarar yfirlitsblaði yfir endurmenntun sína ár hvert.

Ráðningar starfsfólks

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum. Í ágúst 2009 bættust 13 nýjir í starfshópin, 9 kennarar, námsráðgjafi, þroskaþjálfari og 2 aðrir starfsmenn. Um áramótin hætti einn kennari og annar var ráðinn í staðinn. Tveir kennarar voru í fæðingarorlofi en komu báðir til starfa á ný á vormisseri. Allir nýjir starfsmenn voru kallaðir í viðtal. Við ráðningu var lögð rík áhersla á að allt starfsfólk skólans hefði það helsta hlutverk að starfa með börnum þó svo að hver starfsmaður hefði einnig sitt nánara verkvið. Þó var lögð rík áhersla á að starfsfólk sýndi sveigjanleika og væri tilbúið að grípa inn í störf allra annara starfsmanna ef aðstæður krefðust. Það er stefna skólans að allir þeir sem sinna kennslu í skólanum hafi kennsluréttindi og gekk það eftir.

Forföll starfsmanna

Þegar kennarar forfölluðust var leitast við að tryggja að störf nemanda fylgdu kennsluáætlun og skólanámskrá. Áfram var unnið eftir samkomulagi kennara við Gardabæ þar sem ákvæði í samningnum gerði ráð fyrir því að kennarar bættu á sig forföllum annarra kennara í teyrum án sérstakrar greiðslu. Þetta fyrirkomulag átti við um forföll á fyrsta degi. Einn kennari var frá í 49 daga vegna veikinda og hækkar það forfallatölur all verulega. Þá sinnti UT kennsluráðgjafi forfallakennslu sem og skólastjórnendur. Oft sinntu skólaliðar eftirliti með nemendum í forföllum kennara en þá með leiðsögn. Forföll annarra starfsmanna voru í flestum tilvikum leyst með hagræðingu og flutningi verkefna. Þegar borin eru saman forföll kennara á milli ára eru 25% meiri forföll skólaárið 2008-09 en árið á undan en ef forföll þessa eina kennara eru tekin frá þá eru forföll þessa árs nokkuð færri en á sl. ári eða 21% færri. Minkun forfalla er þó töluvert meiri þar sem mun fleiri kennarar starfa við skólann á þessu skólaári en því síðasta. Sjá nánar forföll skólaársins 2008-2009 í töflunni hér að neðan.

	Veikindi	Veikindi barna	Samtals
Kennarar	105 dagar	39 dagar	144 dagar
Aðrir starfsmenn	40 dagar	1 dagur	41 dagar
Samtals	145 dagar	40 dagar	185 dagar

Samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara

Samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara Í ágúst undirrituðu fulltrúar Garðabæjar og kennara Sjálandsskóla samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara. Var þetta sambærilegt samkomulag og gildi á skólaárinu 2007-2008. Samkomulagið fól í sér að vinnutímaákvæði kennara yrðu hliðstæð og hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga, þ.e. á bilinu frá kl. 8 – 17 og innan þeirra tímamarka væri öll vinnuskylda kennara. Markmið samkomulagsins var að tryggja enn frekar vinnuumhverfi þar sem kennarar vinna saman sem hópur fagmanna að undirbúningi, framkvæmd og mati skólastarfs, undir verkstjórn skólastjóra; nemendum, starfsmönnum og skólastarfinu í heild sinni til bóta. Helstu markmiðin voru eftirfarandi:

- Auka gæði skólastarfs
- Stuðla í ríkara mæli að því að kennarar séu virkir og ábyrgir þátttakendur í stefnmörkun, mótun, framkvæmd og mati skólastarfs í Sjálandsskóla.
- Tryggja það að kennarar geti átt virkt samstarf og samráð við samstarfsmenn á hverjum vinnudegi.
- Skerpa verkstjórnarhlutverk skólastjóra.
- Nýta betur þann mannauð sem starfar í skólanum á hverjum tíma.
- Hafa vinnuálag jafnara yfir skólaárið.
- Auka starfsánægju kennara og stuðla að aukinn sátt um kaup og kjör.

Það er mat kennara og skólastjórnenda að vinna samkvæmt samkomulagi hafi gefið góða raun og tekist hafi að ná þeim markmiðum sem lagt var af stað með. Samkomulagið er rós í hnappagat bæjaryfirvalda sem enn og aftur hafa sýnt þor og framsýni til þess að þróa nýjar leiðir í skólastarfi.

Starfmannasamtöl

Starfmannasamtöl voru í mars og apríl og tóku skólastjórnendur þau við kennara og suma starfsmenn en umsjónarmaður tók viðtölin við skólaliða. Í starfmannasamtölum var stuðst við umræðublað sem starfsmaður hafði fengið sent fyrir viðtalið. M.a. er rædd upplifun starfsmannsins í vinnunni, starfsánægja, starfið sjálft, samskipti og líðan á vinnustaðnum og hvaðeina annað sem starfsmaður og stjórnendur telja að þurfi að ræða.

Ytri tengsl

Fjölmarginir gestir komu í vetur og kynntu sér starfsemi skólans og bygginguna. m.a.:

Norrænir rithöfundar

Gestir úr Selásskóla

Gestir úr grunnskóla Snæfellsbæjar

Gestir úr Varmalandsskóla

Gestir af menntavísindasviði HÍ

Skólafólk frá Akureyri

Gestir úr Naustaskóla

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

Gestir úr Krikaskóla

Gestur frá University of Reading

Stjórnendur og kennarar skólans aðstoðuðu líka fjölmarga kennaranema með því að svara spurningalistum, viðtölum og aðstoðuðu nokkra nema með lokaritgerð.

Fjölmarginir kennarar, foreldrar og aðrir sem vildu kynna sér starfsemi skólans.

Tengsl við aðra grunnskóla, leikskóla, atvinnulíf, íþrótt- og æskulýðsfélög, kirkju og frjáls félagasamtök.

Sjálandsskóli átti margháttað samstarf við aðila innan Garðabæjar að þróun skólastarfs.

- Skólastjórnendur og kennarar 1.- 2. bekkjar áttu í samstarfi við leikskóla í bænum vegna "brúum bilið" verkefnisins.
- Skólastjóri og kennari í 7. bekk áttu samráð við Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Garðaskóla vegna flutnings nemenda í og úr Sjálandsskóla.
- Náðið samstarf var við leikskólann Sjáland og gagnkvæmar heimsóknir nemenda og starfsfólks reglulega allan veturinn. Unnið er að þróunarstarfi í samráði við leikskólann.
- Samráð og samvinna var við félagsmiðstöðina Garðalund.

- Unnið var samvinnuverkefni með Ikea en fyrirtækið styrkti unglíngadeild skólans á veglegan hátt.
- Samráð og samvinna var við félagsstarf aldraðra í Jónshúsi og Holtsbúð og Vífilstöðum.
- Samráð haft við Stjörnuna og skátafélagið Vífil vegna ýmissa verkefna.
- Kennsluráðgjafi í upplýsinga- og tæknimennt vann að þróun upplýsinga- og tæknimenntar í samstarfi við kennsluráðgjafa í öðrum grunnskólum Garðabæjar.
- Skólastjórnendur áttu reglulega fundi með skólastjórum í Garðabæ og sátu fundi grunnskólafulltrúa.
- Skólastjóri átti mikið samstarf við ýmsar stofnanir bæjarins vegna byggingaframkvæmda við skólann.
- Sjálandsskóli hélt helgistund í Vídalínskirkju í samstarfi við sóknarprest.
- Nemendur í tónlistarskóla Garðabæjar héldu tónleika í Sjálandsskóla.
- Nemendur skólans gerðu verð og vörukönnun í Fjarðarkaup í heimilisviku. Einnig fóru nemendur skólans í fjölmargar vettvangsferðir í nágrenni skólans allt skólaárið.
- Skólinn átti í samstarfi við fjölmargar bæjarstofnanir t.d. starfsfólk stofnana ÍTG, áhaldahús, garðyrkjudeild og bæjarskrifstofur vegna undirbúning og framkvæmd skólastarfsins.
- Þá átti skólastjóri og umsjónarmaður mikil samskipti við Fasteign vegna skólabyggingarinnar.



Tengsl við menntamálaráðuneytið og aðrar ríkisstofnanir.

Skólinn tók þátt í heimaskólaverkefni Kennaraháskóla Íslands sem felst í því að Sjálandsskóli fósttar kennaranema öll þrjú ár nemans í náminu. Í vetur voru fjórir nemar í heimaskólaverkefninu. Auk þeirra voru 2 aðrir kennaranemar í vettvangsnámi við skólann í vetur

Skólaárið

Fjöldi nemendadaga á skólaárinu voru 180. Skóladagatal Sjálandsskóla er fylgiskjal 3. Dagar þar sem verulega var brugðið frá námi og kennslu voru skólasetningardagur sem jafnframt var foreldraviðtalsdagur, jólaskemmtun og skólaslit. Sérstakir foreldraviðtalsdagar voru tveir, einn á haustönn og annar á vorönn. Ekki voru hafðir sérstakir prófadagar. Aðrir dagar á skólaárinu þar sem brugðið var út frá hefðbundnu skólastarfi hjá öllum nemendum skólans voru:

2. September	Gróðursetningardagur
15. nóvember	Dagur íslenskrar tungu
1. desember	Fullveldishátíð
25. Febrúar	Öskudagur
12. febrúar	Skíðaferð
15. maí	Íþróttadagur
25. apríl	Dagur umhverfisins
22. maí	Unicefhreyfingin
4-5. júní	Innilega

Þess ber þó að geta að ekki var um að ræða skerta kennsludaga heldur breytt fyrirkomulag. Aðeins öskudagur var einum tíma styttri en venja er. Fjallað er sérstaklega um skipulag þessara daga í sérstökum kafla. Einnig má lesa um flesta þessa viðburði í fréttadagbók (fylgiskjal 6).

Skóladagurinn hjá 1.-7.bekk

07:30 – 08:15	Skólahús opið. Nemendur áttu næðisstund undir eftirliti skólaliða
08:15 – 08:20	Nemendur hitta umsjónarkennara og fara síðan á samkomu (morgunsöngur, atriði, tilkynningar)
08:20 – 08:30	Umsjónartími (skipulag dagsins, lífsleikni, markviss málörvun)
08:30 – 09:30	1. kennslustund
09:30 – 09:45	Hlé (morgunhressing: ávextir, grænmeti eða annað hollt nesti)
09:45 – 10:05	Hlé (útivera)
10:05 – 11:05	2. kennslustund - Í lok stundar var stutt hlé á kennslu.
11:05 – 12:05	3. kennslustund
12:05 – 12:25	Hlé (heitur matur)
12:25 – 12:55	Hlé (frímínútur - val um að vera inni eða úti)

12:55 – 13:55	4. kennslustund
13:55 – 14:05 málörvun)	Umsjónartími (uppgjör dagsins, lífsleikni, markviss
14:05 – 17:00	Tómstundaheimili og annað frístundastarf.

Skóladagurinn hjá 8.bekk

07:30 – 08:15	Skólahús opið.
08:15 – 09:00	1. kennslustund
09:00 – 09:45	2. kennslustund
09:45 – 10:05	Hlé
10:05 – 11:05	3. kennslustund
11:05 – 12:05	4. kennslustund
12:05 – 12:35	Hlé (heitur matur)
12:35 – 13:20	5. kennslustund
13:20 – 14:05	6. kennslustund

Á samkomu komu nemendur í 1.-7.bekk saman í stiganum og sungu saman tvö lög, sáu skemmtiatriði ef slíkt var í boði og hlustuðu á tilkynningar. Skólastjóri stýrði samkomu og allir starfsmenn skólans tóku þátt í henni. Foreldrar og forráðamenn voru ávallt velkomnir að taka þátt í samkomu og nýttu margir sér það. Í 8.bekk hófs kennsla strax klukkan 8:15. Nemendur í 8.bekk komu af og til í morgunsöng.

Í umsjónartíma áttu nemendur stund með umsjónarhópnum sínum á umsjónarsvæði. Farið var í markvissa málörvun, lífsleikni, skipulag eða uppgjör dagsins eftir því hvort um var að ræða umsjónartíma í upphafi eða lok dags.

Á milli kennslustunda áttu nemendur hlé. Þetta hlé var notað til næringar, útiveru, hreyfingar og slökunar. Í fyrra nesti snæddu nemendur nesti að heiman. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur hefðu grænmeti eða ávexti í morgunnesti. Eindregið var hvatt til þess að allir nemendur fengju heitan mat í hádeginu og voru nemendur þá í heitum mat alla daga eða ekki. Í frímínútum gátu nemendur valið um hvort þeir færu út á skólalóð til leikja og íþróttar eða væru inni í rólegum leikjum, spilum, handavinnu eða vinnu með þroskandi leikföng.

Hver kennslustund hjá 1.-7.bekk var 60 mínútur og skipti þá ekki máli að hvaða fagi var unnið. Kennarar voru afar sáttir við þessa tímalengd og hentaði það skólastarfinu vel. Kennslustundir hjá 8.bekk voru ýmist 40 eða 60 mín.

Skóladagurinn var jafn langur hjá öllum nemendum. Var það upphaflega gert til þess að stuðla að betra næði í lok skóladags þar sem að allir árgangar voru saman á heimasvæði. Þannig fengu yngstu nemendur talsvert lengri skóladag en gengur og gerist en 5. , 6. og 7. bekkur bekkur ívið styttri. 8.bekkur hefur styttri frítíma á milli kennslustunda og voru því með lengri kennslutíma þrátt fyrir að lengd skóladagsins væri sú sama. Var þetta gert með samþykki foreldraráðs, grunnskólafulltrúa og menntamálaráðuneytis. Gafst þetta fyrirkomulag skóladags afar vel og hefur því verið haldið áfram. Sérstakir foreldraviðtalsdagar voru teknir á haustönn og vorönn. Var þetta nýbreytni í skólastarfinu sem gafst vel. Engir sérstakir prófdagar voru teknir.

Skólahúsnæði – skólalóð

Skólinn er staðsettur í útjaðri Sjálandshverfis í fjöruborðinu í Arnarnesvogi. Hraunholtslækur rennur undir skólabygginguna.



Skólalóðin

Sumarið 2008 var lækurinn afgirtur vegna byggingaframkvæmda við áfanga. Vorið 2009 setti umhverfisnefnd Garðabæjar upp 3 fuglaskoðunarskilti við göngustíginn meðfram Arnarnesvogi að áeggjan Sjálandsskóla. Eitt skiltið er staðsett beint fyrir utan skólann.

Fjaran og Arnarnesvogurinn

Nálægð við Arnarnesvoginn og Hraunholtslæk skiptir miklu máli í skólastarfinu og nýttist afar vel í allri útikennslu. Nemendur læra fljótt og vel að lækurinn og fjaran er ekki leiksvæði og þar má aðeins vera með starfsmanni skólans. Umsjónarmaður skólans (húsvörður) fór reglulega með barnahópa í „veiðiferðir“ niður í fjöru í frímínútum vor og haust. Aflinn var settur í 2000 ltr. kaldsjávarbúr sem staðsett er í anddyri skólans.

Öllum nemendum 5.-8. bekkjar stóð til boða að fara út á sjó haust og vor. Haldið var sérstakt þriggja daga námskeið, annars vegar fyrir stelpur og hins vegar stráka í meðferð kajakanna. Þá var á skólaárinu starfræktur kajakklúbbur fyrir nemendur 5.-8. bekkjar. Þegar mest var í klúbbunum voru félagar 12.

Vorið 2009 var nemi í tómsundafræðum í vettvangsnámi hér í skólanum (Magnus Lundberg). Hann vann að fjölbreyttum verkefnum með nemendum. Í einu verkefninu unnu nemendur að veðurmælingum og skoðuðu flóð og fjöru. Var af því tilefni settur upp sjávarhæðarmælir. Þá vann Magnús að verkefninu „Fjöruljóð“ en í því máluðu nemendur 5.-6.bekklar stök orð úr eigin ljóðum á steina sem settir voru niður í fjöru og gestir og gangandi geta rætt upp að eigin vilja og myndað eigin ljóð.

Skólahúsnæðið

Skólaárið 2008-2009 var nýting á skólahúsnæðinu svohljóðandi: öll heimasvæðin voru fullnýtt til kennslu. Tómsundaheimili var með miðstöð á gangi á mörkum heimasvæðisins og nýtti annað húsnæði skólans að vild. Forsalur á neðri hæð var nýttur sem matsalur. Nemendur sóttu sundkennslu eins og fyrr ár upp í Ásgarð og nemendur 5.-8. Bekklar sóttu hluta af sinni íþróttakennslu upp í Ásgarð.

Á árinu var unnið að fullum krafti að bygginu 2. áfanga skólans en þar er: Hátíða og matsalur, eldhús, tónlistarmiðstöð (tónmenntastofa og 5 herbergi til hljóðfæranáms), íþróttamiðstöð (3 íþróttasalir og sundlaug) og tómsundaheimili. Framkvæmdum við áfangann lýkur í júlí 2009 en tækjakaup frestast að hluta fram til ársins 2010.

Heimasvæði

Þetta skólaár var nemendum skipt á milli heimasvæða með eftirfarandi hætti. 1.-4. bekkur var saman á neðri heimasvæði í 5 umsjónarhópum, 5.-7. bekkur var saman á efra heimasvæði í 4 umsjónarhópum. Áttundi bekkur var á heimasvæði á neðri hæð í syðri álmu og var þar einnig tónmenntastofa skólans. Alþjóðaskólinn var með umsjónarsvæði á efri hæð syðri álmu og var einnig afmarkað þar lítið hreyfirými.

Sérgreinastofur

Hefðbundið skólasafn og tölvustofa sameinast í upplýsingamiðstöð Sjálandsskóla. Nokkuð hefur bæst í bókakost safnsins og nokkrir nemendur og aðrir Garðbæingar hafa gefið bækur til skólasafnsins.

Innangengt er á milli saumastofu (textílmenn), myndmenntastofu og smíðstofu (hönnun og tæknimenn) og hafa þeir kennarar sem þar kenna sameiginlega vinnuástöðu. Smíðakennsla fór fram í smíðastofu.

Íþróttakennsla fór fram á skólalóð og í “hreyfirými”. Fyrstu og síðustu vikur skólaársins fór kennslan fram utandyra en yfir vetrarmánuðina voru yngstu nemendur báða íþróttatímanna innandyra en þau eldri annan tímann úti á lóð en

hinn inni. Þetta fyrirkomulag gekk nokkuð vel en nemendur og kennarar bíða orðið spenntir eftir nýrri íþróttaaðstöðu. Sund var kennt í lotum í sundlauginni í Ásgarði.

ÁHERSLUR Í STARFI SJÁLANDSSKÓLA ÁRIÐ 2009 – 2010

Helstu áhersluatriði á skólaárinu 2009 – 2010 eru:

Ljúka samsetningu skólanámskrár

Hefja sjálfsmatsvinnu samkvæmt Gæðagreiini

Festa í sessi þau atriði sem til umfjöllunar voru í umbótavinnu

Auka notkun á Mentor upplýsingakerfinu t.d. í námsmati.

Byggja upp skólastarf með hliðsjón af þeim möguleikum sem 2. áfangi skapar með sérstakri áherslu á tengingu skóla og grenndarsamfélags.

Þróa val (valnámskeið) á unglíngastigi

Hefja undirbúning kennslu í framhaldsskólaáföngum með samstarfi við FG.

TYLLIDAGAR OG VIÐBURÐIR Á SKÓLAÁRINU

Morgunsöngur

Morgunsöngur hefur verið í allan vetur. Sungin hafa verið tvö lög á hverjum morgni og reynt að hafa söngskrána fjölbreytta og að lögín höfði til sem flestra nemenda. Þá hafa lög markvisst verið kennd í tónmennt til að fjölga lögum sem nemendur þekkja og geta sungið vel. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að nemendur syngi og þekki nokkur íslensk þjóðlög, lög við texta þjóðkunnra ljóðskálda, lög úr teiknimyndum og barnaleikritum, þjóðlög nokkurra annarra þjóða, ný og gömul barnalög og ný og gömul íslensk sönglög og dægurlög.

Reynt var að tengja morgunsönginn þeim þemum sem voru í gangi hverju sinni.

Gróðursetningardagur í Sandahlíð



Sjálandsskóli fékk úthlutað landsvæði til ræktunar hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar. Svæðið er í suðaustanverðri Sandahlíð nálægt Guðmundarlundi. Farið var með allan nemendahópinn föstudaginn 14. september í plöntunar og útivistarferð. Nemendahópnum var fjórskipt í vinnu. Á meðan einn hópur plantaði birkiplöntum undir stjórn starfsfólks Garðyrkjudeildar Garðabæjar voru hinir við leiki í Guðmundarlundi. Í hádeginu voru grillaðar pylsur og svo var frjáls leikur á svæðinu. Dagurinn tókst mjög vel enda var veður gott og allir í sólskinsskapi.

1. des. Fullveldisdagurinn

Fullveldisdagurinn hófst með því að nemendur í 7. bekk fluttu dagskrá sem var samansett af ýmsum fróðleik um fullveldishátíðina 1918, aðdraganda hennar og líf og starf Íslendinga á þeim tíma. Um leið og textinn var fluttur var sýnd glærusýning með ljósmyndum frá fullveldishátíðinni, frostavetrinum mikla og af húsum og lífsháttum Íslendinga. Að lokum voru sungin tvö ættjarðarlög. Nemendur Sjálandsskóla sem stunda nám í Tónlistarskóla Garðabæjar léku á lúðra. Að því loknu fór hver hópur nemenda til síns umsjónarkennara. Dagskráin gekk mjög vel.

Jóladagskráin

Í desembermánuði tók skipulag skólastarfsins nokkuð mið af jólunum. Hóparnir skipulögðu hver fyrir sig jólaþema. Nánari dagskrá var eftirfarandi:

18. desember

Kirkjuferð í Vídalínskirkju kl. 11. Allir nemendur ásamt starfsfólki gengu fylktu liði til Vídalínskirkju þar sem Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir tók á móti okkur.

19. desember – litlu jólin

Skipulag dagsins var eftirfarandi:

1.-2. bekkur, 5.-6. bekkur (klukkan 8:30-11:00)

8:30-9:00 Dansað í kringum jólatré

9:00-10:00 Skemmtidagskrá í stiga:

- Helgileikur í umsjón 5. bekkjar
- Kór Sjálandsskóla
- Skemmtiatriði frá öllum umsjónarhópum

10:10-11:00 Litlu jól í stofu með smákökum og gosi

3.-4. bekkur, 7. og 8. bekkur og Alþjóðaskólinn (klukkan 11:00-13:30)

Dansað í kringum jólatré
Skemmtidagskrá í stiga:

- Helgileikur í umsjón 5. bekkjar
- Kór Sjálandsskóla
- Skemmtiatriði frá öllum umsjónarhópum

Litlu jól í stofu með smákökum og gosi

Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel og börnin, foreldrar og starfsmenn áttu saman mjög notalegan dag.

Öskudagur

Á öskudegi var hluta úr degi brugðið út frá hefðbundnu skólastarfi. Nemendur máttu koma í öskudagsbúningi í skólann og starfsmenn voru einnig uppáklæddir í tilefni dagsins. Að loknum frímínútum var skemmtun og dans í hreyfirými. Síðan röðuðu nemendur sér upp í limbó og gátu síðan slegið Köttinn úr “tunnunni” frammi í matsal. Tvær tunnur voru hengdar upp, önnur fyrir yngri nemendur og hin fyrir eldri. Var tunnan spónaplötukassi og kötturinn lítið tuskudýr sem nemandinn fékk til eignar.

Eftir tunnusláttinn opnuðu 6 “verslanir” í skólanum þar sem nemendur gátu sungið söngva sína og fengið sælgæti að launum fyrir góðan söng. Sælgætið höfðu foreldrar gefið í skólann. Dagurinn tókst afar vel og voru börn og foreldrar ánægð með þennan dag.

Íþróttadagur

Undirbúningurinn hófst með þeim hætti að íþróttakennarar settu niður hugmyndir fyrir íþróttadag. Áður var búið að ákveða á kennarafundi að íþróttadagurinn yrði 15. maí. Annar íþróttakennarinn hitti svo nemendaráð og bar undir þau tillögur íþróttakennara. Þær tillögur voru samþykktar og bættu íþróttakennarar nokkrum leikjum við fyrrnefndar hugmyndir. Íþróttakennarar undirbjuggu svo daginn, raðaði kennurum niður á stöðvarnar og útskýrði nákvæmlega hvað þeir áttu að gera. Nemendur fengu að velja þær stöðvar sem þeir vildu vera á. Hóparnir voru aldursblandaðir allt frá 1.-4. og 5.-8 bekkjar í blöndun 1. - 8. bekkur. Hérna eru þær stöðvar sem nemendur gátu valið um:

Fyrsta lota

Hreystistöðvar

Frjálst – íþróttahöld sett út t.d. stultur, sippubönd, boltar, krikket, snúsnú, frisbee, kóngur og fl.

Brettapallar.

Brennó

Boðrtennis

Stinger

Handbolti

Önnur og þriðja lota

Kajakferð eldri

Hjólaferð eldri/yngrri

Línuskautuferð eldri/yngrri

Leikir á skólalóðinni

Fótboltamót eldri/yngrri

Rattleikur allur aldur

Fjórdá lota

Munkur

Sjóorusta

Kýló með kylfu og án kylfu

Skotbolti

Frjálst

Stinger



Dagurinn tókst með eindæmum vel og voru bæði kennarar og nemendur mjög sátt með daginn. Öll vinnan sem liggur að baki svona degi borgar sig margfalt þegar dagurinn ferð fram í góðu veðri og hvert einasta andlit í skólanum er með brosi. En svona dagar getur ekki orðið að veruleika nema allir taki þátt í honum og voru allir starfsmennirnir mjög mikilvægir hlekkir í þeirri keðju sem þarf til að allt gangi upp. Það er mjög mikill undirbúningur fyrir svona dag og nauðsynlegt er að búa til teymi að hausti sem skipuleggur einn íþróttadag fyrir áramót og annan eftir áramót. Íþróttadagurinn sem er fyrir áramót má vera með óvenjulegum íþróttum eins og t.d. pönnukökubakstri s.s. samþætta íþróttir og

aðrar námsgreinar, gömlum leikjum og einhverju öðruvísi sem nemendur eru ekki vanir. Sá íþróttadagur er þá aðallega til að þjappa nemendum skólans saman og þá er blandað frá 1. – 9. bekkjar. En íþróttadagur að vori til yrði meira blandaður eftir aldri svipaður og var núna í vor.

Unicefhreyfingin

Þann 19.maí tóku allir nemendur skólans þátt í í Unicefhreyfingunni. Nemendur Alþjóðaskólans tóku þátt með okkar börnum. Nemendur hlupu frá 1 og upp í 15 km hver. Fyrir daginn höfðu nemendur safnað áheitum meðal ættingja sinna. Umsjónarhóparnir komu svo hver á eftir öðrum og hafði u.þ.b. klukkustund til að hlaupa. Starfsmenn skiptust á að standa við hlaupaleiðina og aðstoða nemendur ef þörf var á. Skemst er frá að segja að hlaupið tókst frábærlega vel og söfnuðu nemendur Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans 431.551 kr.

Útilegan og vorhátíðin

4.- 5. júní var útivistardagur og innilega í Sjálandsskóla. Með yfirumsjón fóru Helgi Grímsson skólastjóri og Ólöf Sigurðardóttir aðstoðarskólustjóri. Allir kennarar skólans og aðrir starfsmenn tóku síðan þátt í frekari skipulagningu. Foreldrafélagið sá um skipulagningu á matartilbúningi en samið var við skólamat um að útvega kvöldmat þetta kvöld og nesti í hádeginu daginn eftir. Þeir nemendur sem ekki voru í mataráskrift greiddu 1500 krónur í fæðisgjald. Fimmtudaginn 4. júní var farið með rútum að Esjurótum. Í boði voru þrjár mismunandi gönguleiðir. Sú fyrsta var að ganga og leika sér í skóginum við Mógilsá. Önnur leiðin var ganga upp að “steini”. Sú þriðja var ganga upp á topp en sú leið var aðeins í boði fyrir nemendur í 5.-8. bekk með undirskrift foreldra.

Dagskráin var eftirfarandi:

Fimmtudagur 4. júní

Nemendur komu með farangur í skólann, sunginn morgunsöngur og stutt umsjón með umsjónarkennara. Þá var farið af stað í Esjugönguna. 10-15 foreldrar tóku þátt í göngunni með okkur og var það mjög ánægjulegt og auðveldaði ferðina mjög. Komið var tilbaka um miðjan dag og fengu þá börnin sér nesti. Að því loknu tók við dótadagur og frjáls tími til undirbúnings kvöldvöku. Kvöldverður var í umsjón foreldrafélagsins og fengu börnin grillaða hamborgara. Sú breyting var á innilegunni að foreldrar sáu um gæslu síðdegis og um



nóttina. Um kvöldið var sameiginleg kvöldvaka þar sem nemendur skemmtu með heimatilbúnum skemmtiatriðum. Yngri nemendur áttu að vera komin í ró um klukkan 22:00 en eldri nemendur máttu vaka til miðnættis. Þá átti að vera komin ró og ljósin voru slökkt. Nemendur í 8.bekk fóru að lokinni göngu í sund í Álftaneslauginni og þaðan í skálaferð í Lækjarbotna. Verð fyrir ferðina var 1500 krónur. Umsjónarkennari, skólastjóri og þroskaþjálfari skiptu með sér vöktum í skálanum.

Starfsmenn skiptu með sér vöktum þennan dag. 5 starfsmenn tóku síðdegisvaktina frá 16-22. Aðstoðarskólastjóri ásamt 10 foreldrum sáu um gistinguna. Kvöldið gekk ágætlega en mat starfsmanna var að ekki væri æskilegt að hafa innilegu nema með frekari aðkomu starfsmanna.

Föstudagur 6. júní

Klukkan 8 voru ljósin kveikt og nemendur tóku til við að ganga frá og fá sér að borða morgunverð sem foreldrafélagið sá um. Eftir það fóru nemendur ásamt sínum umsjónarkennara í dagsferðir af ýmsum toga.

Árgangarnir komu á misjöfnum tíma tilbaka en boðið var upp á samlokur og ávexti í hádegismat. Eftir það var frágangur allt til loka skóladags.

Nokkur fjöldi foreldra mætti á kvöldvökuna og var það mjög skemmtilegt.

Foreldrafélagið sá alfarið um matartilbúning þennan sólahring og var þar vel að verki staðið.

SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA

Forráðamenn eru mikilvægir samstarfsmenn skóla þar sem þeir bera ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Afar mikilvægt er að foreldrar finni sig velkomna í skólann og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi. Þess er vænst að foreldrar fylgist náið með námsframvindu barna sinna, hvetji barnið áfram, sýni áhuga, tali jákvætt um skóla og skólastarf við barnið og spyrji viðeigandi spurninga (hver spurning á sinn stað og stund). Hvatt er til þess að foreldrar komi með virkum hætti að skólastarfinu með markvissum heimsóknnum á skólatíma, þátttöku í starfi umsjónarþekkinga, foreldrafélags og foreldraráðs.

Viðamikil viðhorfakönnun var lögð fyrir foreldra í desember til þess að fá fram viðhorf foreldra til fyrstu mánaðanna í starfi skólans. Niðurstöður könnunarinnar eru fylgiskjal 9. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru foreldrar afar ánægðir með starf Sjálandsskóla og virðist nemendum líða vel í skólanum. Starf skólans er í samræmi við stefnuna, skólabragur og andi

uppbyggilegur og starfsfólk lætur sér annt um velferð barnanna. Þá komu skýrar vísbendingar um það sem betur má fara.

Samstarf kennara og foreldra

Á haustdögum kynntu kennarar skólans komandi starfsár og helstu áherslur í starfi. Skólaárið hófst á foreldraviðtalsdegi. Þar gafst dýrmætt tækifæri til þess að miðla upplýsingum milli foreldra og kennara. Á skólaárinu voru einnig að lágmarki tvö viðtöl við alla foreldra. Haldnir voru tveir sérstakir foreldraviðtalsdagar. Eins og gefur að skilja voru fundir, símtöl og tölvupóstsendingar tíðari hjá stórum hópi nemenda. Sérstakir viðtalstímar kennara voru ekki skráðir á töflu heldur var upplýsingagjöf og samráði við foreldra sinnt eins fljótt og hægt var. Gafst það fyrirkomulag afar vel. Rík áhersla var lögð á upplýsingastreymi til forráðamanna. Var það gert með vikulegum bréfum umsjónarkennara.

Foreldraheimsóknir

Fjölmarginir foreldrar komu reglulega í morgunsöng og einnig var fjölmenni á viðburðum á samkomu í byrjun skóladags. Allir hópar héldu kynningar og aðrar uppákomur með forráðamönnum og var almenn ánægja með það.

Skýrsla foreldrafélags Sjálandsskóla

Á skólaárinu 2008 -2009 skipuðu eftirfarandi stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla:

Guðrún Kristjánsdóttir, formaður
Aníta Sigurbergisdóttir, varaformaður
Elín Guðmundardóttir, gjaldkeri
Berglind Víðisdóttir, ritari
Einar Páll Tamimi, meðstjórnandi
Elma Vagnsdóttir, meðstjórnandi
Jóna Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi

Og Guðmundur Guðnason bættist við frá foreldraráði.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir starfsemi félagsins í vetur:

Í skólabyrjun kynnti formaður félagið í öllum bekkjardeildum. Félagið var falið að en bættist strax í og varð fullskipað eftir þá kynningar.

Á fyrstu vikum starfsársins stóð foreldrafélagið fyrir fundi með bekkjarfulltrúum. Farið var yfir fyrirhugaðar upptökur á skólaárinu og hlutverk bekkjarfulltrúa kynnt. Rætt var um vinnuhópa og var það sett í hendur bekkjarfulltrúa að koma þeim á með viðkomandi kennurum.

Foreldrafélagið lét til sín taka við að bæta umferðarmenningu og aðkeyrslu við skólann. Sendur var ítrekað út tölvupóstur til að kenna umgengni við hringtorgið og til áminningar. Stjórnin beitti sér einnig fyrir því að sett yrðu upp umferðarskilti sem banna það að bílum sé lagt í hringtorgið. Að lokum skipti stjórnin með sér vöktum við umferðarstjórnun á háannatímum. Mikið hefur áunnist, umferðin gengur greiðar og flestallir hafa sýnt verkefninu mikinn skilning.

Í desember stóð foreldrafélagið fyrir laufabrauðssteikingu í skólanum með nemendum og foreldrum. Það var vel heppnað og verður væntanlega árlegt.

Í mars hélt foreldrafélagið sitt árlega páskabingó. Þátttaka var mjög góð sem endranær.

Þjóðfélagsástandið gerði það að verkum að stjórnin hélt svolítið fastar um peningana en áður og stóð því ekki fyrir morguntónleikum eins og undanfarin ár. Einnig kom á daginn að hin árlega innilega skólans gat ekki orðið að veruleika nema foreldrar kæmu til aðstoðar og gistu í skólanum. Gekk það mjög vel og sáu foreldrar einnig um kvöldmat og morgunmat fyrir alla nemendur.

Á þessu skólaári voru ekki innheimt foreldrafélagsgjöld. Það mun þó án efa vera gert strax á næstu haustönn.

Aðalfundur Foreldrafélags Sjálandsskóla var haldinn 25.maí. Á þeim fundi var kosin ný stjórn sem að mestu er skipuð sama fólkinu. Elin Guðmundsdóttir og Guðmundur Guðnason gáfu ekki kost á sér áfram en Bryndís Björk (fulltrúi 1.-2. bekkjar) kemur inn í þeirra stað. Ákveðið var að færa aðalfund félagsins til hausts og mun næsti aðalfundur vera haustið 2010.

Foreldrafélagið hefur átt fulltrúa í Svæðaráði foreldrafélaganna í Garðabæ. Starfsemi svæðaráðsins hefur verið með minna móti í vetur.

Með tilkomu nýju grunnskólalaganna sem tóku gildi á árinu 2008 þá var foreldraráðið lagt af. Formaður foreldraráðs kom til liðs við foreldrafélagið og hann ásamt einum af meðstjórnendum félagsins urðu fulltrúar foreldra í nýstofnuðu skólaráði.

Þessar breytingar kölluðu á breytingar á lögum foreldrafélagsins. Breytingar á lögum félagsins voru samþykktar á aðalfundi og eru lögin nú í fullu samræmi við nýju Grunnskólalögin.

Framundan: Næsta haust verður nýbygging Sjálandsskóla tekin í notkun og mun Foreldrafélagið án efa hefja starf sitt af miklum krafti strax við skólabyrjun.

Fyrir hönd Foreldrafélags Sjálandsskóla,

Guðrún Kristjánsdóttir, formaður

ÞRÓUNARVERKEFNI Á SKÓLAÁRINU

Áfram var unnið markvisst að þróun skólastarfsins og var skólastefna Garðabæjar leiðarljós í þeirri vinnu.

Unnið var að formlegu þróunar- og samstarfiverkefni í 5./6. bekk: *Að rækta farsæl samskipti: Framfarir nemenda*. Samstarfsaðilar voru tveir aðrir skólar á höfuðborgarsvæðinu og Rannsóknarsetur um lífshætti barna og ungmenna við Háskóla Íslands. Verkefnið miðar að því að efla hæfni nemenda í samskiptum og verður unnið markvisst að því í bekkjarstarfinu. Verkefninu verður haldið áfram á næsta skólaári.

Kennarahópurinn vann að aðlögun Gæðagreina (sjálfsmatskerfis skólans) að áherslum Sjálandsskóla og var það verk unnið á skiplagsdögum og kennarafundum.

Mikil vinna var lögð í stefnumörkun skólastarfs í ljósi niðurstaðna foreldrakönnunar. Flestir starfsmenn skólans komu að þeirri vinnu og var allnokkrir kennarafundir helgaðir þessari vinnu. Niðurstaða þessarar hópavinnu birtist í þróunarskýrslu.

Megin áhersla var lögð á stefnumörkun í:

Íslensku og stærðfræðikennslu

Heimavinnu og þátttöku nemenda í áætlanagerð um eigið nám

Upplýsingamiðlun

SJÁLFSMAT SKÓLA

Lögð var fyrir formleg viðhorfakönnun fyrir foreldra í desember og brugðist við helstu niðurstöðum hennar. Skýrsla um könnunina er fylgiskjali 9. Niðurstaða könnunarinnar er að foreldrar eru almennt mjög sáttir við skólastarfið. Einnig

var lagt mat á stöðu mála á fundum með skólaráði, foreldraráði og kennararáði. Í nóvember var lögð fyrir nemendakönnun þar sem mat var lagt á líðan nemendanna. Á vordögum var síðan lögð fyrir starfsmannakönnun. Í kjölfarið á þessum könnunum var sett upp úrbótaáætlun. Kennarar unnu síðan að úrbótum síðari hluta skólaársins þar sem unnið var með þá þætti sem ekki þóttu koma nægilega vel út. Skólaárið 2008-2009 var markvisst unnið að innleiðingu skoska sjálfsmatskerfisins Gæðagreinis. Unnu starfsmenn í hópum við að gera þetta kerfi að “okkar”. Unnin var áætlun um sjálfsmat. Ráðgjafafyrirtækið Attendus vann að úttekt á sjálfsmatsaðferðum Sjálandsskóla á fyrir menntamálarðauneytið. Niðurstöðurnar voru þess eðlis að aðferðir skólans voru metnar fullnægjandi en framkvæmdin fullnægjandi að hluta. Skýrist það nokkuð af ungum aldri skólans. Unnið var markvisst með niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa. Lesa má um þá vinnu í fylgiskjölum 4 og 5.

SAMTANTEKT OG MAT Á ÁRANGRI SKÓLASTARFSINS

Fjórða starfsár Sjálandsskóla var farsælt. Skólinn náði góðum árangri í starfi sínu. Mörg markmið sem stefnt var að samkvæmt skólaskýrslu 2007-2008 náðust þó ekki af ýmsum ástæðum. Þau markmið sem unnið var með á skólaárinu voru eftirfarandi.

Efla nýsköpunarkennslu í skólanum

Hefja starf á unglíngastigi

Gera úttekt á náms- og kennsluháttum

Gera úttekt á gæðum námsumhverfis

Móta sjálfsmatsáætlun skólans

Vinna markvisst að framgangi skólustefnu Gardabæjar

Nýsköpunarkennsla í skólanum var eflað og var meðal annars samkeppni meðal nemenda í 5./6. bekk um hönnun leikfangabifreiðar.

Kennsla hófst í 8. bekk á skólaárinu. Í íslensku og stærðfræði var unnið eftir lotukerfi. Samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni voru kennd í þeim.

Aljóðaskólinn sá um enskukennslu. Nemendur 8. bekkjar komu allir af yngra stigi Sjálandsskóla eða voru aðfluttir í bæinn. Félagsstarf var í samstarfi við Garðalund. Starf 8. bekkjar heppnaðist vel og eru allir nemendurnir áfram í skólanum á næsta skólaári.

Beðið hafði verið um að bæjaryfirvöld stæðu fyrir formlegu ytra mati á starfi skólans (náms- og kennsluhættir, gæði námsumhverfis) nú þegar hann hefði slitið smábarnaskónum. Af því varð ekki.

Tekin var ákvörðun um að notast við Gæðagreini sem sjálfsmatstæki skólans. Sjálfsmatsaðferðir skólans voru teknar út á skólaárinu og fékk skólinn mjög góða umsögn miðað við á hvaða stigi hann er (ekki farinn að vinna formlega eftir sjálfsmatskerfin sem slíku).

Mikil vinna var lögð í úrbætur skólastarfs í ljósi niðurstaðna foreldrakönnunar. Flestir starfsmenn skólans komu að þeirri vinnu og var allnokkrir kennarafundir og skipulagsdagar helgaðir þessari vinnu. Megin áhersla var lögð á stefnumörkun í:

Íslensku og stærðfræðikennslu

Heimavinnu og þátttöku nemenda í áætlanagerð um eigið nám

Upplýsingamiðlun

Unnið var að öðru leyti áfram að framgangi skólafestnu Garðabæjar.

SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA

Skýrsla umsjónarkennara í 1. og 2. bekk

Nemendur í 1. bekk voru 13 og í 2. bekk voru nemendur 21 þar af voru 19 strákar og 15 stelpur. Umsjónarkennarar voru Ingunn Þóra Hallsdóttir og Ingveldur Karlsdóttir. Jóhanna Elísa Magnúsdóttir leikskólakennari aðstoðaði inn í bekk. Aðrir kennarar sem kenndu í hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir sem kenndi myndmennt, Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir kenndi hönnun og smíði, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi íþróttir og sund, Sigrún Reynisdóttir kenndi textímennt. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari og Ólafur Schram sem kenndi tónmennt.

Kennslustundir

Nemendurnir fengu 20 kennslustundir (60 mín hver stund). Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Þannig voru námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði og lífsleikni kennd samþætt við efni lotunnar. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð. Skólaárinu var skipt í 2 töflutímabil. Hönnun og smíði, textímennt og myndmennt, voru fastar í stundatöflu ein klukkustund á viku fyrir hvern nemenda bæði töflubilin. Tónmennt var í eina klukkustund á viku og íþróttir voru í tvær klukkustundir á viku í bæði töflutímabilin. Sund var kennt á tveimur námskeiðum annarsvegar að hausti og hins vegar að vori, samtals 16 kennslustundir. Reynt var eftir megni að samþætta sérgreinarnar við viðfangsefnin og gekk það almennt mjög vel.

Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að börnunum liði vel í skólanum að þau fái jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að vekja jákvæðan námsáhuga. Í upphafi var mikil áhersla lögð á almenna skólafærni. Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Lífsleikni var ríkur þáttur þennan vetur og mikið unnið með vináttu, tillitsemi og samkennd. Á hverjum degi var frátekinn tími þar sem nemendur gátu talað um það sem þeim lá á hjarta hverju sinni.

Mikil áhersla var lögð á lestrarnám og ritun. Í byrjun skólaárs skiptum við hópnum upp eftir lestrargetu og unnum þannig fram á vor. Nemendur höfðu þó möguleika á að fara á milli hópa eftir framvindu í náminu. Hjá 2. bekk var aukin áhersla lögð á einfalda málfræði og nemendunum leiðbeint með stafsetningu. Höfuðáherlsa var lögð á lestur og voru nemendur látnir lesa ákveðin texta heima

daglega og líka í skólanum. Mikil ánægja var með íslenskukassa með verkefnum, þar sem þreifað var á flestum markmiðum Aðalnámskrár.

Í stærðfræði var hópnum skipt upp þar sem nemendur unnu með samlagningu og frádrátt. Gerðu athuganir og bjuggu súlurit, unnu með formin, fundu tugi og einingar, ásamt því að gera margskonar mælinar og skráningu. Auk þess byrjuðu nemendur í 2. bekk að átta sig á hnitakerfinu, vinna með verð og verðgildi, daga og mánuði, ásamt að finna tölur á undan og á eftir, læra um hundrað og finna helmingi minna og tvöfalt meira.

Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti	Helstu áherslur í verkefninu
<i>Umhverfið nýr skóli</i>	Kynnast skólaumhverfinu og reglum innan skólans sem utan og reglum í umferðinni
<i>Heimilisfræði</i>	Verkefni sem tengjast heimilishaldi unnin í skóla og heima
<i>Lífsleikni</i>	Unnið með reglur, samskipti og vináttu
<i>Land og þjóð</i>	Kynnast einkennum íslenska lýðveldisins
<i>Jólin</i>	Kynnast íslensku jólhaldi og sögunni um fæðingu Jesú
<i>Kardemommubærinn</i>	Framkoma, leiklist, framsögn, söngur, leikræn tjáning
<i>Vísindi</i>	Unnin vísindaverkefni ýmsar mælingar s.s. vigt, rúmmál, og ummál. Einnig með segul, loft, rafmagn og hraða.
<i>Heimilifræði</i>	Verkefni sem tengjast heimilishaldi unnin í skóla
<i>Náttúrnan</i>	Náttúrnan skoðuð ásamt fuglalífi. Einnig var unnið með líkamann.

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2-3 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Fjölgreindakenningin var í hávegum höfð. Í upphafi og lok hvers dags hittist hver umsjónarhópur með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

Námsbækur og gögn

Kátt er í Kynjadal

Eining 1-2-3-4

Viltu reyna 1-2-3-4

Vasareiknir 1 og 2

Komdu og skoðu líkamann

Komdu og skoðu land og þjóð

Komdu og skoðu umhverfið

Komdu og skoðu eldhúsið

Pínulitla Ritrún

Litla Ritrún

Ritrún

Vinnubók 1-2-3

Stig af stigi 1-2

Skrift 1-2-3-4

Vita meira og meira

Meira í dag en í gær

Vinnubók - Við lesum A

Vinnubók- Við lesum B

Oðaskyggirnir

Lesum saman

Leikur að orðum 1 og 2

Sproti

Ýmsar lestrarbækur

Ýmsar handbækur í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti, ásamt ”Gera mitt besta” blöðunum þegar við átti. Foreldrar fengu einnig sendar heim námsmatmöppurnar sjö sinnum yfir skólaárið. Haldin var námskygning í byrjun skólaárs, formleg foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn, haldin var leiksýning fyrir foreldra. Bekkjjarfulltrúar skipulögðu vinahópa og tvö bekkjarkvöld.

Ferðir/útikennsla

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var í Þjóðmenningarhúsið, gróðursett í Sandahlíð, Alþingishúsið, Víðastaðatún í Hafnarfirði, Bessastaðakirkja, Ráðhús Reykjavíkur, Árbæjarsafn, Hellisgerði í Hafnarfirði, bókasafn Garðabæjar, hjólaferðir, skíðaferð, kirkjuferð og fjölmargar ferðir í nágrenni skólans. Vorferð var farin á Esju. Einnig voru haldnar sex sýningar á Kardemommubænum. Tvær hér í skólanum, ein í Hofsstáðaskóla, ein í leikskólanum Sjálandi, ein í Flataskóla og ein í Jónshúsi.

Verkefni í útikennslu:

- Fjaran og lækurinn – Í tengslum við fyrsta þemað okkar um umhverfið og umferðina. Við fórum í fjöruna og lækinn þar sem það er hluti af nánasta umhverfi skólans.
- Gálghaun-berjamó í tengslum við þemað: Umhverfið
- Gönguferð um nágrennið – umhverfisskoðun - skólinn utanfrá - form. Þessi gönguferð var farin í tengslum við þemað um umhverfið og umferðina. Gengið var um hverfið, spáð í umferðamerki og reglur í umferðinni.
- Grundhverfi – skoða formin í umhverfinu í tengslum við þemað: Umhverfið.
- Gálghaun- bökudum brauð á teini í tengslum við þemað: Heimilisfræði.
- Arnarnes – bökudum lummur á pönnu í tengslum við þemað: Heimilisfræði.
- Ferð til Bessastaða í tengslum við þemað: Land og þjóð.
- Ferð í Alþingishúsið og Ráðhúsið í tengslum við þemað: Land og þjóð
- Heimsókn í Hellisgerði í Hafnarfirði – hraunið skoðað með vasaljósum og leitað að álfum, jólaþorpið heimsótt og dansað í kringum jólatréð í tengslum við Jóláþemað.
- Heimsækjum Siggju í kertasteypu í tengslum við Jóláþemað.
- Ferð á Árbæjarsafn í tengslum við Jóláþemað.

- Heimsókn á bókasafn Garðabæjar. Starfsmenn bókasafnsins tóku vel á móti okkur. Krakkarnir lituðu myndir, skoðuðu bækur og horfðu á fræðslumyndbönd.
- Heimsókn í leikskólann Sjáland. Sjálandsskóli og leikskólinn Sjáland eru í miklu samstarfi yfir veturinn. Að þessu sinni fórum við í heimsókn til þeirra og lékum í garðinum ásamt því að taka vinafundi.
- Ratleikur í nágrennskólans.
- Gálghraun-leit af tröllum og álfum.
- Ferð í Þjóðmenningarhúsið í tengslum við þemað: Náttúran.
- Snjóbotuferð. Rennt var við enda skólalóðar (við undirgögnu) og við brettapalla.
- Víðistaðatún – veiða síli í tengslum við þemað: Náttúran.
- Fjöruhreinsun – tiltektaráttak hjá Garðarbæ í tengslum við þemað: Náttúran.
- Smíðavöllur- smíðuðum úr verðlausu efni.
- Tína rusl –dagur umhverfisins
- Skoða náttúruna í nágrenni skólans í tengslum við þemað: Náttúrna
- Esuganga – Allur skólinn fór saman í ferðina.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 139 dagar.

Leyfi voru 98 dagar.

Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og vorum viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar (íslenska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingartækni, þemu). Kannanir voru lagðar reglulega fyrir og nokkur hefðbundin skimunarpróf (Les, Tove Krogh, Læsi). Nemendur gerðu reglulega sjálfsmat eftir þemavinnu þar sem þeir mátu þrjá þætti: Mér fannst gaman í þemanu, Ég vann vel, Mér gekk vel að vinna með öðrum. Könnun á líðan nemenda var lögð fyrir af námsráðgjafa. Námsmat var kynnt foreldrum sjö sinnum í vetur í námsmatsmöppum. Í lok skólaársins var nemendum afhent námsmatsmappan sem innihélt allt mat vetrarins

Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Þemaloturnar voru í flestum tilfellum hæfilega langar og tókst okkur að vinna þau verkefni sem við lögðum upp með. Eina undantekningin er Kardemommubærinn en sýningar á honum urðu fleiri en gert var ráð fyrir í fyrstu og setti það smá strik í reikninginn. Mikil áhersla var lögð á grunnfærnina í lestri og ritun og gekk það vonum framar. Íslenskukassar

með verkefnavinnu gengu sérstaklega vel og voru börnin mjög áhugasöm fyrir þeim. Námsárangur var að jafnaði mjög góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utan dyra sem innan.

Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk

Tölulegar upplýsingar

Skólaárið 2008-2009 stunduðu 47 nemendur nám í 3. og 4. bekk. Skiptust þeir þannig að 31 nemandi var í 3. bekk og 16 nemendur í 4. bekk. Einhverjar breytingar urðu á nemendahópnum fyrir og eftir áramót. Einn nemandi hætti í skólanum um áramótin en tveir nemendur bættust í hópinn fljótlega eftir áramót. Einnig bættust tveir nýir nemendur í hópinn undir vor. Kynjaskipting hópsins var stúlkur 29 og drengir 18.

Nemendahópurinn skiptist í þrjá umsjónarhópa með þremur umsjónarkennurum. Þeir voru Margrét Tómasdóttir, Sesselja Þóra Gunnarsdóttir og Þórey Íris Halldórsdóttir. Umsjónarhóparnir skiptust í tvo 16 nemenda hópa og einn 15 nemenda hóp.

Aðrir kennarar sem kenndu 3.-4.bekk voru:

Íþróttir og sund: Hrafnhildur Sævarsdóttir.

Tónmennt: Ólafur Schram.

Textílmennt: Sigrún Reynisdóttir.

Myndmennt: Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Smíði og hönnun: Eygló Sigurðardóttir.



Aðrar námsgreinar en þær sem hafa verið taldar upp hér að framan kenndu umsjónarkennarar hópsins. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari fylgdi eftir námi nokkurra nemenda en einnig vann hún nánar með hópa sem kröfðust frekari þjálfunar t.d. í hraðlestrarnámskeiði, lestrarfærni og stærðfræðiþjálfun. Sigríður Konráðsdóttir námsráðgjafi ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara. Jóhanna Magnúsdóttir kom inn í bekkinn til að aðstoða 3 stundir á viku og Ingunn Þóra Hallsdóttir aðstoðaði eina stund á viku. Þeirra starfskraftar nýttust vel við stærðfræðikennslu bekkjarins.

Skipulag námsins

Kennslustundir nemenda skiptust í 60 mínútna lotur, fjórar lotur á dag, 20 lotur á viku.

Nemendur voru 14 lotur á viku með umsjónarkennurum á heimasvæði bekkjarins. Námið fór að stórum hluta til fram í þemum (sjá kafla um þemu) og voru námsgreinar samþættar. Íslenska og stærðfræði voru á föstum tímum í stundatöflu en einnig í þemum. Samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, tölvur, heimilisfræði og lífsleikni var samþætt þemalotum. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikill eftir því hvert viðfangsefnið var að undanskildum íslensku og stærðfræði eins og áður kom fram. Tónmennt, textilmennt, myndmennt, smíði og hönnun var kennt í eina klukkustund á viku. Íþróttir voru í tvær klukkustundir á viku. Sund var kennt á tveimur námskeiðum samtals 18 klukkustundir. Tölvukennsla var föst á stundatöflu. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð.

Helstu áherslur

Helsta markmið vetrarins var að skapa nemendum gott og jákvætt námsumhverfi til að vaxa og þroskast. Lögð var áhersla á jákvæða upplifun nemenda á skóla og byggja upp góðan bekkjaranda.

Í upphafi skólastarfsins var mikil áhersla lögð á jákvæð samskipti á milli nemenda, farið var í ítarlega upprifjun á námsefni og almenn skólafærni var æfð. Í vetur sátu nemendur bekkjarfundi með það að leiðarljósi að efla samkennd nemendahópsins og aðstoða við úrlausn deilumála. Einnig fóru nemendur á heimaþing. Þessum þáttum teljum við hafa verið gerð góð skil.

Skólinn, umhverfi hans og umgengnisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar.

Hér eru taldar helstu áherslur bekkjarins í undirstöðu námsgreinum.

Lestur

Hver skóladagur hófst á hljóðlestrarstund og þannig var tryggt að allir lásu að minnsta kosti einu sinni á dag. Í heimanámi nemenda var lögð rík áhersla á lestur. Ætlast var til að allir læsu minnst 15 mínútur á dag og fullorðinn kvittaði í þar til gert lestrarhefti. Kennarar kvittuðu einnig og skrifuðu jákvæðar, uppbyggjandi athugasemdir til nemenda sem gafst afar vel. Nemendur skrifuðu heima í stílabók eftir upplestri, minnst fjögur orð sem þeir höfðu lesið. Eftirfylgni kennara skiptir miklu máli til að ekki verði brotalöm á.

Málfræði og stafsetning

Áhersla var lögð á eftirfarandi hugtök og skilgreiningar á þeim.

andheiti - samheiti, sérnöfn - samnöfn, eintala-fleirtala, sérhljóðar og samhljóðar (tvöfaldir), kyn orða, sagnorð, nafnorð og lýsingarorð. Eldri nemendurnir og

einhverjir yngri unnu einnig með fallbeygingu nafnorða. Unnið var markvisst með stafrófið bæði í formi söngva, leikja og æfinga.

Í stafsetningu var ætlast til að nemendur skrifuðu stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum. Ætlast var til að þeir skrifuðu ekki stóran staf í miðju orði eða setningu. Einnig var áhersla lögð á að þeir kynnu einfaldar reglur um n og nn.

Stærðfræði

Í stærðfræði var unnið með talnaskilning, mælingar, ýmis rit, klukku, námundun og fl. Almenn brot voru ítarlega kynnt og einnig form. Kennsla í margföldun hófst að fullum krafti fyrri hluta vetrar sem og kennsla í deilingu. Nemendur fengu heimaverkefni að læra utan bókar margföldunartöflunnar frá 0 til 10. Nemendum voru kenndar hefðbundnar aðferðir við frádrátt og samlagningu sem voru að taka til láns og geyma tug.

Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Þemaverkefni vetrarins

Lagt var upp með að fækka þemum frá fyrri árum og lengja tímabilið sem hvert þema stóð úr 2 vikum í minnst 4 vikur fyrir stærstu þemun. Fyrir utan heimilisviku sem aldrei var lengri en ein vika. Nánari skýrsla um öll þemun hefur verið unnin.

Þemun sem fjallað var um voru eftirfarandi:

Þemaverkefni	Helstu áherslur í verkefninu
Garðabær-bærinn minn	Umfjöllun um nærumhverfi G.þéjar. Nemendur kynnast sínu nánasta umhverfi og þeirri þjónustu sem þar er í boði.
Draugar	Draugar vilja ekki dósagos. Áhersla á stærðfræði og íslensku. Undirbúningur fyrir samræmd próf hjá 4. bekk.
Heimilisvika	Matreiðsla og heimilisstörf.
Land verður til	Samfélagsgerð frá grunni. Verkefni unnið að fyrirmynd Kisulands Herðísar Egilsdóttur.
Jólin okkar	Jólin okkar fyrr og nú.
Saga mannkyns	Mannkynssagan í grófum dráttum í máli og

	myndum. Nemendur kynntu sér tímaás mannkynssögunnar og fjölluðu um helstu viðburði. Komdu og skoðuðu- saga mannkyns lá til grundvallar þemanu.
Heimilisvika	Matreiðsla og heimilisstörf.
Halldór Laxnes	Ævi og störf nóbelsverðlaunahafans. Fjallað var um helstu sögur hans og ljóð. Bókin Skrýtnastur er maður sjálfur var lesin með nemendum.
Páskar	Píslagangan og krossfestingin.
Ísland áður fyrr	Lífshættir Íslendinga áður fyrr skoðaðir. Nemendur kynntu sér húsbyggingu, afkomu og lífsskilyrði Íslendinga fyrr á tímum. Stuðst var við bækurnar Ísland áður fyrr (Fjölskyldan og heimilið).

Skipulag kennslunnar

Hugsmíðahyggja og hugmyndafræðin um einstaklingsmiðað nám var rauði þráðurinn í öllu skólastarfinu hjá 3. og 4. bekk í vetur. Leitast var við að nota fjölbreytta kennsluhætti til að mæta þörfum flestra. Hlutbundin vinna, leikir og spil, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var á hverjum mánudegi, aldrei minna en 2 kennslustundir í senn. Verkefni og námsgreinarnar voru mismunandi og fjölbreyttar. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf um starfið í vikunni sem leið. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur og ýmis önnur mál. Nemendur unnu nokkur heimaverkefni. Þeir gerðu skoðanakönnun hjá foreldrum, ömmu og afa í tengslum við verkefnið um Halldór Laxnes. Þeir sem óskuðu eftir því fengu heimavinnu í stærðfræði en einnig fengu þeir sem óskuðu eftir því að taka með sér vinnubækur heim. Aðeins lítill hluti hópsins óskaði eftir heimavinnu og var almenn ánægja foreldra með að skólinn hefði þá stefnu að nemendur væru ekki með annað heimanám en lestur alla jafna.

Ferðir og útikennsla

Hópurinn fór í ýmsar ferðir á skólaárinu. Farið var á Árbæjarsafn, Þjóðminjasafn Íslands, Gerðarsafn, Alþingi Íslendinga, Mjólkursamsöluna og Gljúfrastein. Nemendur heimsóttu bæjarskrifstofur Garðabæjar og bókasafn bæjarins og hlustuðu á upplestur Kristínar Steinsdóttur rithöfundar. Einnig var farið í skíðaferð, kirkjuferð, ýmsar hjólaferðir, sund á Álftanesi, gróðursett í Sandahlíð og fjölmargar ferðir í nágrenni skólans. Nemendur tíndu rusl í nágrenni skólans, stungu upp kartöflubeð skólans og settu niður kartöflur. Einnig sáu nemendur um að sækja egg í hæsnakofa.

Í útikennslu fengust nemendur við mismunandi viðfangsefni en leitast var við að tengja útikennsluna með einum eða öðrum hætti við þemur sem voru í gangi hverju sinni. Ratleikir tengdir íslensku, stærðfræði og þemum voru mikið notaðir. Í stærðfræði fengust nemendur við mælingar t.d. á trjám, vökva og vigtuðu rusl. Nemendur skoðuðu form í umhverfinu og tóku myndir af þeim formum sem þeir fundu. Nemendur fengu tækifæri til að elda mat yfir opnum eldi. Þeir elduðu meðal annars brauð á trjágrein, bjuggu til eplaeftirrétt og poppuðu. Farið var í fjöruferðir og skoðuðu nemendur dýrin með smádyrallykli og einnig í smásjá.

Uppákomur á vetrinum

Nemendur í 3. og 4. bekk tóku þátt í ýmsum viðburðum á vetrinum. Fjöldi danssýninga voru settar upp í morgunsöng. Nemendur í umsjónarhópi Þóreyjar sýndu tónlistaratriði. Á jólaskemmtun skólans voru settar upp þrjár stuttar leiksýningar. Nemendur 3. og 4. bekkjar tóku þátt í unicef hlaupi og söfnuðu áheitum til stuðnings börnum í Afríku. Nemendur 4. bekkjar tóku þátt í teiknisamkeppni Mjólkursamsölnunnar og vann einn nemandi bekkjarins til verðlauna.

Samræmd próf

Sjá nánar samræmd próf í Sjálandsskóla 2008 í skólaskýrslunni.

Ástundun

Skóladagar í vetur voru samtals 180.

Veikindadagar samtals í umsjónarhópunum voru 157 dagar.

Töluvert mikið var um umsóknir um leyfi. Alls voru nemendur 190 daga í leyfi á árinu.

Námsmat

Námsmatsmöppur voru sendar heim einu sinni í mánuði fyrir utan september, janúar og maí. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru hverju sinni og metin í möppu næsta mánaðar. Þemu voru metin við lok hvers þema. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir í íslensku og stærðfræði, hraðlestrarpróf og sex skimunarpróf (sjá skýrslu fyrir sérkennslu). Nemendur gerðu í nokkrum tilvikum sjálfsmat og einnig jafningjamat.

Könnun á líðan nemenda var lögð fyrir alla nemendur á miðju skólaári. Námsmat var kynnt foreldrum eftir jól og aftur um vorið í nemendaviðtölum. Í lok skólaársins var nemendum afhent mappa með öllu mati vetrarins að viðbættu júnímati. Í námsmati var lagt mat á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk mjög vel. Nemendahópurinn var samstilltur, jákvæður og ákaflega námsfús. Vel tókst að halda utan um loturnar, námsmatsmöppurnar og tímalengd stóðst mjög vel. Námsárangur nemendar var almennt góður og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár sem lagt var upp með í haust.

Skýrsla umsjónarkennara í 5. og 6. bekk

Nemendur í 5. bekk voru 36 talsins og nemendur í 6. bekk 25 talsins. Fram að áramótum voru umsjónarkennarar Margrét Helgadóttir, Margrét Þorleifsdóttir og Edda Björk Gunnarsdóttir. Eftir áramót hætti Edda Björg Gunnarsdóttir og við starfi hennar tók Edda Björg Sigurðardóttir. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum í almennri kennslu voru Oddur Albertsson, Gunnhildur Grétarsdóttir, Elfa Hrönn Friðriksdóttir og Ingveldur Karlsdóttir. Davíð Örvar Ólafsson og síðar Hrafnhildur Sigurðardóttir kenndu íþróttir, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi sund, Sigrún Reynisdóttir kenndi textílmennt, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt, Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir kenndi smíðar, tölvu- og upplýsingatækni, Kristín Steinarsdóttir kenndi einnig tölvu- og upplýsingatækni og Ólafur Schram kenndi tónmennt. Sigríður Gísladóttir yfirþroskaþjálfari hafði umsjón með einum nemanda í hópnum og var einnig til stuðnings fyrir fleiri nemendur innan hópsins. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari hafði yfirumsjón með sérkennslu fyrir hópinn, Ólafur Schram og Guðrún Dóra Jónsdóttir komu einnig þar að. Sigríður Konráðsdóttir námsráðgjafi var einnig til stuðnings fyrir nemendahópinn sem og skólaliðinn Andri Freyr Björnsson sem vann með hópnum fyrir áramót.

Kennslustundir

Nemendur fengu 22,5 kennslustundir (miðað við 40 mín. stundir) með umsjónarkennara eða öðrum sem kenndu almenna kennslu.

Námið fór fram í þemalotum og var samþætt að mestu. Íslenska, stærðfræði og enska voru þó kennd sérstaklega. Námsgreinarnar sem teknar voru til umfjöllunar í þemum voru íslenska, stærðfræði, enska, samfélagsfræði, náttúrufræði, tölvu- og upplýsingatækni, heimilisfræði og lífsleikni. Námsgreinarnar voru ekki allar kenndar í senn heldur voru ákveðin viðfangsefni tekin fyrir til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í þau eins og við átti og markmiðum Aðalnámskrár fylgt. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Í stundarskrá voru listgreinarnar smíði, myndmennt, textíl og tónmennt kenndar eina klukkustund á viku, íþróttir voru kenndar tvær klukkustundir á viku og tölvu- og upplýsingatækni eina klukkustund á viku.

Sund var kennt í tveimur 10 vikna tímabilum, 3 kennslustundir í viku. Enska var kennd sameiginlega fyrir báða árganga eina klukkustund í viku.

Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að byggja upp gott og heilbriggt námsumhverfi fyrir nemendur. Seinnipart vetrar var megin áherslan lögð á að bæta samskipti hópsins. Unnið var að sérstöku rannsóknarverkefni í samstarfi við Rannsóknarsetur Menntavísindasviðs Háskóla Íslands til að bæta samskipti meðal nemenda okkar. Verkefnið tengdist einkum markmiðum lífsleikni þ.e.a. efla sjálfsmat, sjálfsvirðingu og samkennd. Verkefnið tók á samskiptafærni einkum í gegnum klípusögur sem nemendur leystu, rökræddu og veltu fyrir sér út frá mörgum hliðum. Kennarar bættu við öðrum verkefnum m.t.t. þarfa hópsins s.s. með leiklist, traustleikjum og öðrum leikjum sem efla samkennd og sjálfsmat

Fimmtudagar voru helgaðir útikennslu að meðaltali 3.klst á viku. Á fyrstu vikum vetrarins var lögð áhersla á að árgangarnir kynntust og þjálfuðust í að vinna saman að ýmsum verkefnum. Lögð var áhersla á að nemendur væru virkir þátttakendur í að móta það skólasamfélag sem þeir eru hluti af og í kjölfarið var mikið unnið með samskipti, framkomu og samvinnu í hópnum. Eftir áramót var útikennslan fjölbreytt og kom inná flesta þætti námskrárinnar, s.s stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði (tengt þemum) og lífsleikni.

Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

Í einstaklingsmiðuðu námi er lykilatriði að fram fari meira nám en kennsla og var því mikil og stöðug áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum nemenda og að þeir beri sjálfir ábyrgð á eigin vinnu. Mikilvægt er að nemendur líti á skólann sem vinnustað sinn og því reynt að mestu að þeir klári vinnu sína á vinnustaðnum og nýti vinnutíma sinn sem best. Heimanám var fyrst og fremst í formi lestrar valbóka. Nemendur lásu bókina um *Benjamín dúfu* og unnu fjölbreytt verkefni tengd henni þar sem fengist var við lesskilning, málfræði, orðaforða o.fl. Önnur heimavinna var að mestu einstaklingsmiðuð í tengslum við þemu sem og þjálfun í stærðfræði, íslensku og ensku.

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Vináttan Lífsleikni, íslenska	Að nemendur kynnist betur innan hópsins, öðlist betri færni í samskiptum, taki tillit og beri virðingu hvert fyrir öðru.
Snorri Sturluson Samfélagsfræði, tölvu- og upplýsingatækni Íslenska og myndmennt.	Að nemendur þekki lífshlaup og ritverk Snorra og kynnist sögu handritanna. Einnig að nemendur þjálfist í að hlusta á umræður og taka þátt í þeim.
Heimilisvika I Heimilisfræði, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni, listir og lífsleikni.	Auka þátttöku nemenda í störfum fjölskyldunnar. Styrkja sjálfsbjargarviðleitni og auka ábyrgð nemanda á nánasta umhverfi sínu. Fá þjálfun í að útbúa einfalda rétti. Fengu þjálfun í borðsiðum, kurteisi og hreinlæti.
Himingeimurinn Íslenska, náttúrufræði, stærðfræði, enska, tölvu- og upplýsingatækni og listir.	Að nemendur þekki stöðu og hreyfingu jarðarinnar í sólkerfinu. Geri sér grein fyrir stærð reikistjarna og fjarlægð þeirra frá sólu.
Íslenska er málið mitt Íslenska. Lestur, málfræði, stafsetning, ritun.	Að nemendur þjálfist í að ná upp góðum lestrarhraða og lesi af öryggi. Nemendur þjálfist í grundvallaratriðum í málfræði og stafsetningu. Vinni greinargerð um stutta sögu.
Löndin okkar Landafræði, myndmennt, framsögn og tjáning,	Að nemendur fræðist um heimsálfurnar sjö, helstu einkenni þeirra og legu. Einnig að nemendur læri nánar um Norðurlöndin sem og Evrópu. Þau eiga að þekkja helstu lönd, höf og fjallgarða þar. Nemendur fengu þjálfun í framsögn og tjáningu.
Heimilisvika II Heimilisfræði og stærðfræði.	Að nemendur þjálfist að vinna eftir skriflegum uppskriftum. Að nemendur þjálfist í að nota mælitæki við matreiðslu.
Urð og grjótt Náttúrufræði, ljóð, leikræn tjáning, framsögn og tjáning, íslenska, ritun.	Að nemendur læri um dýr, fugla og náttúruna og geri sér grein fyrir mismunandi búsvæðum lífveranna. Nemendur lærðu um gróðurlendi, fædukeðjur og áhrif umhverfisþátta á lífríki jarðar.

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám í öllu skólastarfinu. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáferðir svo sem sýnikennslu, skoðunarferðir, gestafyrirlesara, heimsóknir, skriflegar æfingar, vinnubókarkennslu, töflukennslu, heimildaröflun, umræður, leikræna tjáningu og leiki.

Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulegðu eigið nám eins og áður hefur verið tilgreint. Í haust gerðu nemendur vikuáætlun í málfræði, stafsetningu, skrift og stærðfræði og unnu eftir þeirri áætlun í vinnustundum sem voru fimm klukkustundir á viku.

Eftir áramót var áherslum breytt í grunnfögunum íslensku, stærðfræði og ensku. Nemendum var skipt í fjóra hópa í íslensku, sex hópa í stærðfræði og þrjá hópa í ensku. Hóparnir fengu markvissar innlagnir og fylgdust námslega að. Eitt að markmiðum skiptingarinnar var að efla samvinnunám nemendanna. Gerð var tilraun að með að láta hópana setja áætlunavinnuna inn í þessar vinnustundir. Fyrirkomulagið heppnaðist einstaklega vel og teljum við mikilvægt að þróa það áfram.

Þemu voru kennd í eina til sjö vikur allt eftir umfangi og markmiðum þeirra. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum.

Útikennsla var einu sinni í viku þrjár klukkustundir í senn. Leitast var við að tengja sem flestar námsgreinar og þemu við útikennsluna. Má þar nefna ratleiki með verkefnum í íslensku, stærðfræði og landafræði, lífsleikni með verkefni í að efla sjálfstraust og samkennd og ýmsa traustleiki til að efla félagstengslin. Farið var í nokkrar vettvangsferðir t.d., Sögusafnið í Perlunni, Náttúrustofuna í Kópavogi, Byggðasafn Hafnarfjarðar, Þjóðmenningarhúsið og Hellisgerði í Hafnarfirði. Nemendur fóru ýmist fótgangandi eða með strætó í þessar ferðir.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Þar mætti telja í íslensku, Málrækt I og II, Skinnu I og II, Skruddu I og II, Skræðu I og II, Mál til komið, Mál í mótun, Mál er miðill, Skrift 4, 5, 6 og 7, Blákápu, Rauðkápu,

Ljóðspor og ýmis konar efni af vef Námsgagnastofnunar og af Skólavefnum. Í stærðfræði voru Einingar- og Geislabækurnar 1 og 2 kenndar. Í ensku voru aðallega bækurnar Work out og Build up notaðar en var notað málfræðihefti eftir Barbro Carlsson og Lena Sjöholm og ýmis konar efni í tölvutæku formi. Jafnframt voru notaðar þemabækurnar Heroes og A Year of Fun, Sú nýbreytni varð eftir áramót að tekin var upp notkun á fagabók þar sem nemendum var kennd tækni við glósugerð o.fl. sem á vonandi eftir að nýtast þeim áfram næstu árin. Gott og gagnlegt I og II í heimilisfræði var notað í heimilisfræðikennslunni sem og ýmis konar efni af vef og ljósrit. Snorra saga, Auðvitað bók 2. Evrópa álfan okkar, Lífríkið á landi, Benjamín dúfa, Samverubækur eftir Sigrúnu Aðalbjarnardóttur og Árnýju Elíasdóttur.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu s.k. föstudagspistla alla föstudaga með upplýsingum fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veittu upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Sú heimavinna sem nemendur unnu var oftast hugsuð sem samvinna nemenda og foreldra. Foreldrar kvittuðu fyrir heimalestri nemenda en það var eina fasta heimavinnan allan veturinn. Í heimilisviku unnu nemendur ýmis verkefni á heimilinu sem foreldrar höfðu eftirlit með og mátu frammistöðu nemenda. Foreldrafulltrúar nemendahópsins stóðu fyrir spilakvöldi með pizzum og skemmtiatriðum.

Útikennsla

Farið var í margar skemmtilegar ferðir í tengslum við þemavinnuna.



Útikennsla og ferðir	Helstu áherslur í verkefninu
Útileikir við Flatarskóla	Hópeflisleikir í tengslum við vináttuþemað.
Gróðursetningarferð í Guðmundarlund	Nemendur skólans fóru og gróðursettu plöntur í Sandhlíð
Tína haustruslið	Nemendur voru duglegir og týndu fleiri kíló af rusli.
Unnið að hætti víkinga	Eldaður matur á ströndinni við opinn eld, farið í víkingaleiki og farið í gegnum tæknina á tímum víkinganna. Tengt þemanu um Snorra Sturluson.
Kajak	Nemendur fengu kynningu á kajökum frá Helga og Sigú og þeir sem höfðu áhuga fengu að sigla þeim.
Sögusafnið í Perlunni	Farið var að sjá Íslandssöguna í máli og lifandi

	myndum. Tengt þemanu um Snorra Sturluson.
Þjóðmenningarhúsið	Sýningin „Handritin“ skoðuð. Þar fengum við að heyra sögu handrita og hlutverk um aldir. Snorra Eddu ofl. skoðuð. Tengt þemanu um Snorra Sturluson.
Skálaferð í Bláfjöll Himingeimurinn	Farið var í skálaferð með nemendum 5.-6. bekkja í Bláfjöll þar sem gisti var í eina nótt. Fórum í langar gönguferðir, leiki ofl. Haldin var skemmtileg kvöldvaka og foreldrar elduðu hamborgara fyrir nemendum. Stjórnuverið. Nemendur fengu fyrirlesara sem fræddi þá um stjórnurnar, tunglið og önnur fyrirbæri alheimsins í uppblásinni tjaldhvelvingu.
Gönguferð um Garðabæ	Fræðsla um nánasta umhverfið.
Rattleikur á skólalóð	Rattleikur um skólalóðina þar sem nemendur leystu málfræðiverkefni.
Bókasafnsferð og Hofsstaðir við Kirkjulund	Nemendur fengu fræðslu um notkun bókasafna. Eftir fræðslu var farið að minjagarð Hofsstaða við Kirkjulund og merkar fornminjar skoðaðar.
Kirkjuferð fyrir jólin	Allir nemendur skólans fóru í kirkjuferð í Vídalínskirkju fyrir jólin.
Útileikir hjá Flatarskóla	Traustleikir og samkennd þjálfuð.
Rattleikur á skólalóð	Nemendur leystu ýmsar stærðfræðiþrautir í skemmtilegum rattleik
Vináttuleikur í Hellisgerði	Hópeflisleikur þar sem nemendur áttu að hrósa hver öðrum.
Skíðaferð	Allir nemendur skólans fóru í dagsferð í Bláfjöll á skíði
Landafræðirattleikur á skólalóð	Nemendur fóru í skemmtilegan rattleik á skólalóðinni tengdan landafræðiþema okkar.
Gálgahraunið/ströndin	Ljóð/málfræði. Ljóðagerð í Gálgahrauni og á ströndinni Arnarnesvog. Nemendur bjuggu til ljóð eftir forskrift (lo, no, so) um ströndina eða hraunið.
Tína rusl/ljóðagerð á steina	Tíndum rusl úti við fjöruna og ströndina og ljóðin sem nemendur gerður í útikennslu í vikunni áður voru máluð á steina.
Byggðarsafn Hafnarfjarðar	Fengum leiðsögn um safnið þar sem við fræddumst um sögu Hafnarfjarðar.
Náttúrustofa Kópavogs	Náttúrugripasafn í Náttúrustofu Kópavogs skoðað í tengslum við náttúrufræðiþema okkar. Fengum leiðsögn þar sem aðaláherslan var á fugla, einkenni þeirra, fæðu, varp og búsvæð.
Lionshlaupið	Nemendur í 5. bekk tóku þátt í boðhlaupi Lionshreyfingarinnar og keppt var milli bekkja.
Útieldun á skólalóð	Útbjuggum eftirrétt úr eplum, músli, púður-sykri ofl. og grilluðum úti.
Unicef hlaupið	Allir nemendur skólans tóku þátt í árlegu Unicef hlaupi þar sem þeir söfnuðu áheitum sem renna í sjóð Unicef.
Esjuganga Bíó í Lúxussal í Smárabíói og pizza á eftir	Allir nemendur skólans fóru í Esjugöngu. Foreldrar eins nemanda í 5. bekk buðu öllum nemendum 5.-6. bekkja í bíó og upp á popp og

	kók. Eftir bíóið fengu nemendur svo Dominos pizzu og gos á Garðatorgi.
--	--

Ástundun

Veikindadagar í hópnum voru samtals 246 dagar og 38 stundir

Leyfisveitingar voru 120 dagar og 23 stundir.

Fjarvistir 5 dagar 51 stund

Seint 458 stundir

Námsmat

Breyting var gerð á fyrirkomulagi birtingar námsmats. Námsmatið var sent heim með nemendum fyrsta föstudag hvers mánaðar fyrir utan september, janúar og maí. Námsmatið var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Námsmatið byggðist á mati á könnunum, verkefnum, vinnusemi, sjálfs- og jafningjamati. Í heimilisvikunni tóku foreldrar einnig þátt í mati á vinnu nemenda. Kannanir voru lagðar fyrir í íslensku, stærðfræði og ensku jafnt og þétt yfir árið. Í lok skólaársins var nemendum svo afhent námsmatsmappan með símati vetrarins þar sem hægt er að fylgjast með þróun nemandans allan veturinn.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt vel. Mikið var unnið með framkomu og samskipti allra nemenda og framfarir urðu miklar þegar leið á veturinn. Vel tókst að halda utan um loturnar og tímalengd þeirra stóðst oftast. Námsárangur nemenda var almennt góður og var hann metinn útfrá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Útikennslan tókst vel einkum þegar hópnum var skipt upp í smærri hópa.

Það sem okkur þykir hafa tekist einkar vel á þessum vetri var hópaskiptingin í grunnfögunum, stærðfræði, íslensku og ensku. Þetta fyrirkomulag teljum við mikilvægt að halda í. Slík hópaskipting hentar einstaklingsmiðuðu námi vel og kennslan verður markvissari. Gjarnan myndum við vilja sjá áætlunarvinnu þróast inn í þetta fyrirkomulag, á þann hátt þjálfast nemandinn enn betur í að verða ábyrgari fyrir námi sínu.

Skýrsla umsjónakennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru 17 í vetur. Einn nemandi hætti og annar bættist við um áramót. Umsjónarkennarar voru Oddur Albertsson (ágúst – desember) og Gunnhildur Grétarsdóttir (janúar – apríl). Þá tók við Elfa Hrönn Friðriksdóttir til skólaloka. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund, Davíð Ólafsson kenndi íþróttir, Eygló R. Sigurðardóttir kenndi smíði, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi handmennt, Sigrún Reynisdóttir kenndi textílmennt, Ólafur Schram kenndi tónmennt og Pamela Hansford sem kenndi ensku. Eftirtaldir kennarar sáu um sérkennslu í bekknum Sigríður Konráðsdóttir, Guðrún Dóra Jónsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir.

Í ljósi þess að þrjár umsjónarkennarar sáu um kennslu vetrarins þá er skýrsla þessi nokkuð takmörkuð og lýsir aðalega starfinu eftir áramót.

Kennslustundir

Nemendur fengu 18,75 kennslustundir (miðað við 40 mínútna kennslustundir) með umsjónakennara á viku að meðaltali yfir veturinn. Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, enska, danska og samfélagsfræði sem var tekin í þemum með samþættingu í huga. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Listir voru fastar á stundatöflu, ein klukkustund á viku, smíði var ein klukkustund á viku tónmennt var ein klukkustund á viku og tvær kennslustundir í íþróttum og sund var kennt í lotum. Enska var í eina kennslustund á viku allan veturinn.



Helstu áherslur hópsins

Umsjónarkennari sá sjálfur um áætlun og stýrði nemendum í náminu. Megináherslur hópsins voru að koma á reglu og skipulagi í tengslum við námið. Ekki var um stöðuga heimavinnu að ræða nema í janúar og hluta af febrúar. Heimavinna tengdist helst íslensku, bókmenntum og þemu. Lögð var áhersla á að vinna með samskipti í hópnum og að hver og einn fengi að njóta sín. Heimavinna var síðan tekin upp aftur af fullum krafti eftir páska. Hún tengdist íslensku, stærðfræði og þemum jöfnum höndum. Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennaranum þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

Þemaverkefni vetrarins (eftir áramót)

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Þjóðsögur	Kynnast þjóðsögum, einkennum þeirra og vinni með þær á fjölbreyttan hátt.
Líkami mannsins	Kynnast mannslíkamanum og þeim breytingum sem verða á honum frá fæðingu til dauða.
Evrópa	Fái heildræna mynd af Evrópu ”smæð” hennar, sögu og menningu.
Efni og eðli	Kynnast frumeindum og sameindum og læri um sérkenni efna

Skipulag kennslunnar

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir, beina kennslu, leiki, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og söguaðferðarnám þar sem samþætting námsgreina bar hæst. Hvert þema var kennt í fjórar til sex vikur allt eftir umfangi og markmiðum þemans. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum.

Námsefni

Mál í mótun , Mál er miðill grunnbók og vinnubók, Grænkápa, Málrækt, Fallorð, Skrudda, Vallaskólaleiðin lotuefni í íslensku fyrir 8. bekk.

Geisli 2 grunnbók og vinnubók

Geisli 3 grunnbók og vinnubók

Almenn stærðfræði fyrir 8. bekk

Stærðfræði Helgu Sigurjóns (fyrir sérkennslunemendur)

Klar, parat, lestrarbók og vinnubók.

Þjóðsögubækur frá bókasafni (Jón Árnason), auk efnis á netinu.

Líkami mannsins, lestrarbók og vinnubók

Evrópa, álfan okkar.

Auðvitað III

Efni frá kennara (Pamela Hansford)

Foreldrasamstarf

Góð en stutt kynni voru á milli umsjónakennara og foreldra. Samskiptin fóru aðallega fram með tölvupósti, í gegnum síma og í viðtölum ef foreldrar eða kennari óskaði eftir því. Námsmatsmöppur fóru heim 7 sinnum yfir veturinn þar sem verkefni og viðfangsefni voru metin jafnóðum.

Ferðir (eftir áramót)

Ferð í Þjóðmenningarhúsið í tengslum við Þjóðsöguþema.

Ferð á Reyki í Hrútafirði.

Skíðaferð í Bláfjöll.

Útikennsla (eftir áramót)

Bæjarferð - Þjóðmenningarhús	Allir hópurinn saman í strætó.
Rattleikur í tengslum við Beinagrindina.	Nemendur skiptu liði og svöruðu spurningum.
Stærðfræði, rattleikur.	Nemendur skiptu liði og glímdu við stærðfræðidæmi.
Rattleikur í tengslum við Líkama mannsins.	Nemendur skiptu liði og svöruðu spurningum.
Gönguferð um hverfið.	Hressingarganga.
Útileikir	Fótbolti, brennó.
Gönguferð í hverfinu.	Skemmtiferð og ísferð.
Útikennsluverkefni í Evrópuþema	Nemendur drógu land og áttu að teikna það upp með krít á gangstétt. Vísbendingar gefnar og hinir áttu að geta hvaða land var um að ræða.
Ferð á Byggðasafn Hafnarfjarðar	Nemendur fóru með strætó í Hafnarfjörð og nutum leiðsagnar um leikfangasýningu og sýningu um sögu Hafnarfjarðar.

Ísverkefni	Nemendur bjuggu til ís utandyra eftir uppskrift frá Guðmundi Finnbogasyni.
Garðrækt	Nemendur reyttu illgresi úr blómabeðum.
Umhverfisdagurinn	Nemendur fóru út í hraun og týndu rusl.
Útieldun	Nemendur fóru með tjald, prímusu og matföng út í hraun. Þeir bjuggu til bál og elduðu fisk og dýrindis eftirrétt.

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 59 dagar og 8 stundir.

Leyfisveitingar voru 34 dagar.

Námsmat

Nemendur 7. bekkjar þreyttu samræmd próf og var árangur góður og að mestu í samræmi við væntingar. Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Kannanir voru lagðar fyrir í þeim greinum sem kenndar voru þvert á þemu í febrúar og mars. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hvernar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

Almennt mat á skólastarfi (eftir áramót)

Þegar umsjónarkennari sem tók við hópnum síðla vetrar var búin að koma hlutunum í sæmilega gott horf tóku við vinnuglaðir og duglegir nemendur sem voru þakklát fyrir aga og eftirfylgni. Lögð var áhersla á að innleiða ákveðin vinnubrögð og að nemendur tileinkuðu sér kurteisi og tillitsemi við hvert annað. Nokkuð vel tókst að halda utan um þemun hvað tímaramma snerti.

Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk

Nemendur í 8. bekk voru í vetur 21. 12 stúlkur og 9 drengir. Nýr nemandi byrjað í í september og annar kom í mars. Einn nemandi hætti í mars. Umsjónarkennari var Erna Sif Auðunsdóttir sem kenndi jafnframt stærðfræði og þær greinar sem kenndar voru í þemum. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru, Sesselja Þóra Gunnarsdóttir sem kenndi íslensku, Sigrún Reynisdóttir sem kenndi dönsku og textíl, Ólafur Schram sem kenndi tónmennt, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem

kenndi sund, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir (Hrafnhildur Sigurðardóttir leysti hann af í barnsburðarleyfi í apríl '09), Russell Aldersson kenndi ensku fyrir áramót og Pamala Hansford eftir áramót, Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir kenndi smíði, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt.

Fanney Hanna Valgarðsdóttir þroskaþjálfari kom að sérkennslu fyrir einstaka nemendur en aðallega voru það tveir nemendur sem nutu hennar aðstoðar.

Kennslustundir

Nemendur fengu 37,5 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði og íslenska var kennd 6 kennslustundir á viku hvor námsgrein. Danska og enska var kennd 2 kennslustundir á viku. Listir voru kenndar 4,5 kennslustundir á viku. Þema var kennd í 9,6 kennslustundir á viku. Íþróttir voru kenndar í 2,5 kennslustundir á viku. Verkstæði (frjáls tími fyrir nemendur í náminu) og bekkjarfundir voru 2,25 kennslustundir á viku. Tónmennt var kennd 1,5 kennslustundir á viku.

Námsgreinarnar voru ekki kenndar allar í senn heldur voru tekin fyrir ákveðin efni til umfjöllunar í þemunum og námsgreinum fléttað inn í það eins og við átti. Sund var líka kennt í lotum.

Helstu áherslur hópsins

Stærðfræðin og íslenskan var kennd í lotum eftir Vallaskólaleiðinni. 3 vikur í hverri lotu. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrög og að hver nemandi náði að skipuleggja vinnu sína og áætla sér heimavinnu þegar við átti. Hver nemandi vann svo á sínum hraða en verkefni og próf tekin í lok hvernar lotu. Leyfilegt var



að halda áfram í næstu lotu ef henni var lokið innan þriggja vikna. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnfram almennt skipulag hvernar kennslustundar. Þema var kennt í mislöngum lotum. Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka

sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra. Bekkjarfundir voru haldnir 1 sinni í viku að lágmarki.

Þemaverkefni vetrarins

Upp um fjöll og firnindi - Í þemavinnunni kynntust nemendur ýmsum þáttum sem viðkom útiveru og útivist. Nemendur lærðu m.a.: skyndihjálpi, á áttavita, kortalestur, og um útbúnað og útieldun. Vinna nemenda var bæði einstaklings-

og hópavinna. Vinna nemenda fór að mestu leyti fram í skólanum. Þemað endaði á því að allir nemendur fóru í útilegu og gistu í skála sem heitir Þrymheimar á Hellisheiði. Tilgangur ferðarinnar var að nemendur fengu tækifæri til að nýta sér kunnáttu sína og reynslu sem þeir höfðu tileinkað sér í vinnunni.

Tónlist 20.aldar - Markmið var að nemendur öðluðust skilning á sögu 20. aldarinnar í gegnum tónlist, kvikmyndir og tísku. Nemendur heyrðu tóndæmi frá allri öldinni og fengu hraðferð yfir sögu aldarinnar. Þemað var unnið í nánú samstarfi við Ólaf tónmenntakennara og fléttaðist tónmennt að miklu leyti inn í úrvinnslu verkefna. Unnin voru bæði einstaklings og hópverkefni.

1918 - Markmið þemans var að nemendur fengu tækifæri til þess að skoða byrjun 20.aldar á Íslandi og fengu innsýn yfir þær aðstæður sem landsmenn bjuggu við á þessum tíma. Spænska veikin, frostaveturinn mikli, kötlugos og fullveldið voru þættir sem nemendur kynntu sér ítarlega í hópavinnu. Nemendur bjuggu til heimsíðu með aðstoðar Eyglóar kennara. Próf var tekið í lokinn.

Aðeins ein jörð – Markmið þemans var m.a. að nemendur fengu tækifæri til þess að kynnast völdum þáttum úr sögu náttúruvísinda sem vörpuðu ljósi á þróun lífvísinda.

Innlögn í upphafi hvers kafla og glósu tími. Kaflapróf tekið eftir hvern kafla.

Horft var á dvd myndina Planet earth og nemendur fóru í dvd maraþon í skólanum og gistu yfir nótt. Nemendur skiluðu einstaklingsritgerð í lokinn.

Ég og þú - Markmið þemans var m.a. að nemendur þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna, séu meðvitaðir um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæm virðing og persónuréttur eru helstu mælikvarðar á siðlega kynímynd, kynupplifun og kynhegðun hvers og eins. Nemendur unnu í tveimur hópverkefnum og einu einstaklingsverkefni.

Skipulag kennslunnar

Þema var unnið út frá hugmyndum “hugsmíðahyggjunnar” og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Hugsmíðahyggjan leggur áherslu á möguleika mannsins til að greina heiminn á heildrænan hátt og sjá leiðir í að betrumbæta hann.

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluáðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og skapandi vinna voru þær áðferðir sem voru helst notaðar.

Stærðfræði og íslenska kennd í 3 vikna lotum með innlögn í upphafi, í hverri lotu er 1 megin þema, verkefnum skilað í lok hvernar lotu, sjálfspróf tekið og svo lotupróf, ef nemandi nær ekki ákveðinni fyrirfram einkunn (einkunn ákveðin í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í upprifjun og tekur aftur próf.

Kennsluaðferðir í öðrum námgreinum var í höndum hvers kennara og misjafnar eftir viðfangsefni.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Í íslensku voru notaðar bækurnar *Skerpa 1*, *Hrafnkellsaga Freyssgoða*, *Fallorð*, *Málrækt 3*, *Mályrkja 1*, *Málfinnur*, *Skrifinnur*, *Ritbjörg*, *Orðabækur*

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar *Almenn stærðfræði 1* og *Átta/tíu 1 og 2*.

Í dönsku var bókin *Tænk lesbók og verkefnabók. Í ensku voru notaðar bækurnar Matrix Pre-Intermediate*.

Í þema voru bækurnar: *Hljóðspor* og *Eru ekki allir í studí* notaðar í þemanu Tónlist 20. Aldar. Ýmsar bækur s.s *Öldin okkar*, *Ísland í aldanna rás* og fleiri bækur af bókasafni sem nemendur öfluðu sér voru notaðar í þemanu 1918.

Einkenni lífvera og *Lifandi veröld* voru bækur sem notaðar voru í þemanu Aðeins ein jörð. Ýmsir fræðslubæklingar um *kynlíf stelpu og stráka*, bæklingar um *áfengi, tóbak og vímuefni* fengu nemendur í hendur í þemanu Ég og þú. Jafnframt var bókin *Um stelpur og stráka* lesin.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi vikulega eða oftár fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

Útikennsla og ferðir

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 8.bekk. Nemendur fóru í tvisvar í sund annað en skólasund. Farið var í Kópavogslaug eftir dvd maraþon-innilegu og í Álftaneslaug eftir Esjugöngu. Í desember fórum við í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjálandsskóla. Í janúar fórum við á sýningu Jólaskaiðarinnar á Garðatorgi, Ásdís Olgeirsdóttir hönnuður tók á móti okkur og fræddi okkur um hönnunarferli á vörum og aðstoðaði okkur með hugmyndir og ferli að Ikea verkefninu. Við heimsóttum hana einnig á hönnunarsafn

Garðabæjar, þar sýndi hún okkur merka hönnunarhluti og hélt fyrirlestur fyrir nemendur.

Í tilefni af degi íslenskrar tungu fóru nemendur í miðbæ Reykjavíkur. Tilgangur ferðarinnar var að lesa ljóð fyrir gangandi vegfarendur. Nemendur unnu saman 2-3 í hóp og tengdum við daginn jafnframt við þemað okkar "1918" því nemendur staðsettu sig við þekktar byggingar sem voru til á þessum tíma t.d. Stjórnarráðið, Alþingishúsið og Menntaskólann í Reykjavík. Nemendur fluttu ljóð m.a. fyrir Björn Bjarnason þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, Sturlu Böðvarsson alþingismann og forseta Alþingis og Jón Ársæl sjónvarpsmann sem var að undirbúa þáttinn sinn "Sjálfstætt fólk".

Ikea verkefni

Nemendur unnu að hönnunarverkefni í samstarfi við Ikea í vetur. Tilgangur verkefnisins var að hanna unglingarýmið í Sjálandsskóla eftir þeirra höfði. Nemendur unnu í 4 hópum. Stuðs var við Sims Ikea til að byrja með en þegar á leið þá unnu nemendur nokkuð sjálfstætt og leyfðu sínum hugmyndum að njóta sín. Frábærar og flottar hugmyndir urðu til og útkoman var skemmtilega útfærð hjá hópunum. Við fengum svo í heimsókn útstillingahönnuð frá Ikea og markaðsstjóra Ikea til þess að dæma flottustu hönnunina. Allir hóparnir kynntu verkefnið sitt og áttu dómara í mestu erfiðleikum með að velja. Einn hópur var þó valinn sem sigurvegari og IKEA styrkti okkur með húsgögnum í unglingarýmið. Nemendur munu svo sjá um að setja húsgögnin saman. Skemmtileg og krefjandi verkefni sem nemendur lærðu heilmikið af.

Námsmat

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og námsmat fór heim í námsmatsmöppu. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á þriggja vikna fresti og einkunn send á foreldra eftir hvert próf. Í ensku og dönsku voru reglulega metin verkefni nemenda. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti, sjálfsmat og mat á þemalotunum. Námsárangur nemendar var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð sem tókst með ágætum. Skipulag námsefnis náði að halda nokkurn veginn en mjög gott var að hafa ekki þröngan tímaramma. Fínt að gera ráð fyrir örlitlum lengri tíma en áætlaður er. Nemendur voru nokkuð virkir í félagslífinu, jafnt í Sjálandsskóla og Garðalundi. Farið var á böll og opin hús í Garðalundi og svo héldu nemendur kósýkvöld með 7.bekk í Sjálandsskóla og haldið var ball.

SKÝRSLUR LIST OG VERKGREINAKENNARA

Skýrsla íþróttakennara



1. og 2. bekkur

Markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er fyrst og fremst að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum mismunandi æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mjög mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagana sína áfram.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember og frá apríl fram í júní var eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur inni í hreyfirýminu yfir háveturinn. Um var að ræða tvo námshópa í vetur með annars vegar 16 nemendum og hins vegar 18 nemendum. Hópastærðin breytist lítillega þegar nemendum var kynjaskipt og/eða skipt eftir árgöngum.

Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun. Liðleikaþjálfun í gegnum teygjur. Boltaiþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kýló. Frjálsariþróttir, spretthlaup, kúla, spjót, þristökk og langstökk og þar voru nemendur m.a. í hlutverkum tímavarda og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í

tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Brekkurnar í kringum skólann voru notaðar fyrir sleðaferðir. Boccia, krikket, kóngaleikur, munkur og frisbeegolf var kynnt fyrir nemendum. Einnig var brettapallatími, hjólatími og fjörutími. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári. Heimsókn er einu sinni á ári, á vorönn, frá elsta hópi á leikskólanum Sjálandi og í þeim tíma voru leikir og dansar.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, ýmiskonar stöðvaþjálfun þar sem húsnæðið býður upp á þá kennsluaðferð og svo voru þrautabrautir.

Tenging við lotur

Ekkert var unnið með umsjónarkennurum varðandi lotur en það væri sniðugt að gera eitthvað af því á næsta ári. Ég tengdi íslensku og stærðfræði inn í íþróttirnar. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadegi, skíðaferð og gróðurdegi.

Námsgögn og efni

Ýmsar bækur og geisladiskar.

Vettvangsferðir

Farið var í skíðaferð og ýmsar hjólaferðir.

Matsaðferðir

Í nóvember var lagt fyrir nemendur sjálfsmat ásamt því að kennari mat færni nemenda í að sippa, tímataka í 60m spretthlaupi og liðleika. Eins skrifaði kennari umsögn um hvern og einn nemanda. Í maí voru eftirfarandi atriði metin af kennara: sipp, 60m sprettur, kraftur, liðleiki, samvinna, hegðun, virkni og/eða hvernig þau fara eftir reglum í leikjum. Skoðun nemenda á íþróttum kom fram ásamt umsögn um hvern og einn nemanda frá kennara.

Mat

Til að ná ákveðnum markmiðum aðalnámskrár fyrir 1. og 2. bekk var álitid að það þyrfti að færa kennsluna inn yfir vetrartímann og var það gert. Það reyndist hárrétt ákvörðun. Mér fannst kennslan takast vel í vetur og hafði ég mjög gaman af að kenna þessum orkumikla, fjölbreytta og skemmtilega nemendahópi. Það kom mjög vel út að breyta hópunum þannig að þau voru fyrst í umsjónarhópum ákveðið tímabil svo voru þau aldursskipt og að lokum kynjaskipt í tímum.

3. og 4. bekkur

Markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er fyrst og fremst að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum mismunandi æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mjög mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagana sína áfram.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu tvo klukkutíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í nóvember og frá apríl fram í júní var eingöngu um útikennslu að ræða. Annars voru nemendur inni í hreyfirýminu yfir háveturinn. Um var að ræða þrjá námshópa í vetur, einn var með 15 nemendum og hinir tveir voru með 16 nemendum. Umsjónahóparnir voru einn tíma í viku saman en seinni tími nemenda var aldursskiptur, þ.e. tveir hópar úr 3. bekk og ein hópur með nemendur úr 4. bekk.

Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Polþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun. Liðleikaþjálfun í gegnum teygjur. Boltaiþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kýló. Frjálsariþróttir, spretthlaup, kúla, spjót, þrístökk og langstökk og þar voru nemendur m.a. í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur.

Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Brekkurnar í kringum skólann voru notaðar fyrir sleðaferðir. Boccia, krikket, kóngaleikur, munkur og frisbeegolf var kynnt fyrir nemendum. Einnig var brettapallatími en umsjónakennarar fóru með nemendur í hjólaferð þannig að ég frestaði henni fram á haustið. Viðfangsefni í íþróttum eru endalaus og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám og ýmiskonar stöðvaþjálfun þar sem húsnæðið býður svolítið upp á þá kennsluaðferð. Í byrjun hvernar annar glugga ég í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Síðan geri ég grófa áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst geri ég annaráætlun og að lokum tímaseðla. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoða ég svo áætlunina mína með tilliti til getu og áhugasvið hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í.

Tenging við lotur

Lítið var unnið með umsjónarkennurum varðandi lotur en það væri sniðugt að gera meira af því á næsta ári. Ég gerði nokkra ratleiki sem umsjónarkennarar lögðu fyrir m.a. um Halldór Laxness. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadegi, skíðaferð og gróðurdegi.

Námsgögn og efni

Ýmsar bækur og geisladiskar.

Vettvangsferðir

Farið var í skíðaferð. Ég lét umsjónakennara um hjólaferðina þetta árið en mun bæta úr því í haust.

Matsaðferðir

Í nóvember var lagt fyrir nemendur sjálfsmat ásamt því að kennari mat færni nemenda í að sippa, tímataka í 60m spretthlaupi og liðleika. Eins skrifaði kennari umsögn um hvern og einn nemanda. Í maí voru eftirfarandi atriði metin af kennara: sipp, 60m sprettur, kraftur, liðleiki, samvinna, hegðun, virkni og/eða

hvernig þau fara eftir reglum í leikjum. Skoðun nemenda á íþróttum kom fram ásamt umsögn um hvern og einn nemanda frá kennara.

Mat

Mér fannst kennslan takast vel í vetur og hafði ég mjög gaman af að kenna þessum kappsfulla, fjölbreytta og skemmtilega nemendahópi. Við vorum meira inni þennan vetur en undanfarna vetur. Það var vegna þess að mér fannst mikilvægara að nemendur fengju jákvæða upplifun og góða hreyfingu inni í stað þess að vera með þau úti í slæmu veðri. Mér fannst hópaskiptingin koma vel út, þegar hóparnir voru aldursskiptir blómstruðu einstaklingar sem annars höfðu sig ekki mikið frammi.

Hrafnhildur Sævarsdóttir íþróttakennari

5.-8. bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsum tímum.

Tími

Nemendur fá tvo íþróttatíma á viku, annar er 60mín útitími og hinn tíminn var í Ásgarði í 40mín. Ef veður er það vont að ekki er hægt að vera úti var reynt að komast inn í hreyfirými í skólanum eða nýta önnur svæði í skólanum.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvaþjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvaþjálfun notað til þess. Umhverfið í kringum skólann er stundum erfitt á veturnar, snjókast og að renna sér í brekkunum er einnig partur af íþróttakennslunni. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, 12345 dimmalimm og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og

sparkó eru líka leikir sem leyna á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluaðferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni nokkurn veginn en oft þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild.

Ávallt er farið eftir aðalnámskránni.

Tenging við lotur

Ekki var um að ræða tengingu við starfið í umsjónarbekkjunum en því þarf að breyta.

Námsgögn og áhöld

Ég nota bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar útaf námsgagnastofnun, áhöldin eru í geymslunni okkar og fleira í íþróttarými. Í Ásgarði vorum við svo með afnot af flestum áhöldum og tækjum sem þar eru fyrir, en það verður að segjast eins og er að þau eru af skornum skammti.

Vettvangsferðir

Farið var í skíðaferð, einnig kenndi ég í haust á ylströndinni, spretthlaup í sandinum og samvinnuleiki víða í bænum.

Matsaðferðir

Fyrir jól fóru allir krakkarnir í svokallað bíp-test, sem mælir getu þeirra til að hlaupa eins lengi og þau geta, þetta er fínt próf til að mæla loftháð þol og hægt er að skoða niðurstöðurnar á heimsíðu prófsins og finna þannig út hámarkssúrefnisupptöku. Niðurstöður úr þessu prófi voru sendar heim með matsblaði í október, og einnig umsögn um hegðun og virkni nemenda. Ef nemendur komu virkilega illa útúr þessu prófi kom það fram á þessu matsblaði og tillögur til úrbóta, aukna hreyfingu utan skólatíma. Í apríl lagði ég svo nokkur stutt og einföld próf fyrir nemendur til að kanna bæði fín- og grófhreyfingar hjá þeim. Knattrak og körfuskot, fimleikaæfingar, sipp voru meðal þess sem lagt var fyrir þau og fengu þau einkunn eða umsögn um hvort þau þyrftu að bæta sig,

væru á réttri leið eða hefðu góð tök á þessum viðfangsefnum. Einnig var mældur tími á vegalengd sem þau hafa hlaupið í allan vetur og kom það fram einnig á matsblaðinu.

Mat

Það tekur alltaf tíma að læra á nýjan einstakling í þjálfun, tala nú ekki um þegar þeir eru um og yfir 100 talsins ! Sumir leggja sig alltaf fram í hverjum einasta tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og mikilli hreyfingu, og það er oft erfitt að finna íþróttagreinir og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinir í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinir. Fjölbreytnin hefði kannski getað verið meiri en oftast var uppbyggingin í tímunum, upphitum með leikjum, aðalþáttur með boltagreinum eða öðrum stærri leikjum og í lokin var oft frjáls tími á skólalóðinni eða í salnum. Það er erfitt að eiga við veðrið og það var erfiðara en ég hélt í byrjun skólaárs, þegar það er kalt eða mikil úrkoma er fátt skemmtilegt sem íþróttakennarinn getur töfrað uppúr hatti sínum og það væri æskilegt að geta haft kost á því að fara inn þegar veður er vont.

Davíð Örvar Ólafsson

Sundkennsla

1.- 2. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Markmiðið er líka að kenna þeim á búningsaðstöðu en mikilvægt er að foreldrar þjálfar þá færni sumarið fyrir skólabyrjun svo hægt sé að nota sundtímana meira ofan í lauginni.

Samræmda sundstigið er eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 1. bekk:

Staðið í botni í grynri hluta laugar og andað að sér, andlitið fært í kaf og andað frá sér. Endurtekið 10 sinnum.

Flotið á bringu eða baki með eða án hjálpartækja

Gengið með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.

Bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja.

Markmiðin fyrir 2. bekk.

marglyttuflot með því að rétta úr sér.

10 metra bringusund með eða án hjálpartækja

10 metra skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja

spyrnt frá bakka og rennt með andlitið í kafi, að lágmarki 2,5 metra

hoppað af bakka í laug

Tími

Það voru tvær sundlotur, hvor um sig stóð yfir í ca. 4 vikur og fóru nemendur tvisvar hverja viku í 35 eða 40 mínútna sundtíma. Nemendur fóru að hausti og að vori þegar hlýtt var í veðri. Nemendur fengu 16 sundtíma.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, fjórar sunaðferðir, köfun, öndun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Á fyrra námskeiðinu var hópnum kennt í sveppalauginni svokölluðu. Þar var farið í vatnsaðlögun, flot, leiki og fótatökum í skriðsundi og bringusundi. Umsjónakennari var alltaf ofan í lauginni ásamt sundkennara. Á seinna námskeiðinu var umsjónakennari með nemendur í leikjum og æfingum í barnalauginni á meðan sundkennari var með nemendur í grynri hluta dýpri laugarinnar í kennslu á sunaðferðunum.

Matsaðferðir

Eftir fyrra námskeiðið var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftar í sund og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknud. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og

umsögn um nemandann. Ég bætti inní námsmatið hjá 1. bekk flot á bringu, flot á baki, hoppa af bakka í laug og skriðsundsfótatök.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat

Nauðsynlegt er að hafa umsjónakennara með þessum aldri í sundtímum og stórkostlegt að hafa kennarann ofan í vatninu við þær aðstæður sem eru í Ásgarði. Mér fannst líka koma mjög vel út að sundkennari fari ofan í laugina.

Ég vil koma inn meira af leikjum í sundkennsluna.

3. – 4. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 3. bekk.

12 m bringusund

12 m skólabaksund með eða án hjálpartækja

6 m skriðsundsfótatök með andlit í kafi og arma teygða fram

6 m baksundsfótatök með eða án hjálpartækja

Kafað eftir hlut á 1 – 1,5 metra dýpi.

Markmiðin fyrir 4. bekk

25 m bringusund

15 m skólabaksund

12 m skriðsund með eða án hjálpartækja

12 m baksund með eða án hjálpartækja

Flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja

Stunga úr kropstöðu

Tími

Það voru tvær sundlotur, fyrri stóð yfir í ca. 4 vikur og fóru nemendur tvisvar hverja viku í 35 eða 40 mínútna sundtíma. Nemendur fengu 15 sundtíma. Sundlaugin var lokuð í tvær vikur á meðan á sundnámskeiðinu stóð. Tekið var af tíma 1. og 2. bekkjar svo tíma missirinn yrði ekki enn meiri.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, sunnaðferðir, köfun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Á námskeiðinu var hópnum skipt í tvennt undir stjórn umsjónakennara í grunnri laug í vatnsaðlögun og leikjum. Hinn hópurinn var þá með sundkennaranum að læra sunnaðferðirnar í dýpri laug. Hvor stöð var í 20 mínútur. Með þessu móti voru nemendur á fullu allan tímann og engin bið eftir því að einhverjir væru búnir að synda. Hópaskiptingin fór eftir getu nemendanna. Á fyrra námskeiðinu syntu nemendur í 3. bekk þvert til að byrja með en í lok námskeiðisins voru nemendur farnir að synda út í rúmlega hálfu laugina. Í fjórða bekk eru nemendur mjög sterkir í sundi og syntu þau á báðum námskeiðunum 25m vegalengd í einu.

Matsaðferðir

Eftir fyrra námskeiðið var sent matsblað heim til foreldra, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund með nemendum og gert ákveðnar æfingar sem gefnar voru upp. Foreldrum var líka bent á að hafa samband við sundkennarann ef spurningar vöknudu. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur sundskírteini þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat

Petta var mjög einstaklingsmiðuð kennsla þar sem umsjónakennarar voru mjög virkir að aðstoða (fengu fyrirmæli frá sundkennara). Nauðsynlegt er að hafa umsjónakennara með þessum aldri til að ná hámarksárangri við þær aðstæður sem eru í Ásgarði. Ég vil vera með meira af leikjum í sundi.

5.-6. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Samræmdu sundstigin eru eftirfarandi:

Markmiðin fyrir 5. bekk.

75 m bringusund

25 m skriðsund m. fitum

25 m skólabaksund

12 m baksund

Marvaði í 20-30 sek

10 m flugsundsfótat. m hjálpart.

Stunga af bakka

Kafa eftir hlut 1-2m dýpi eftir 5m sund

Markmiðin fyrir 6. bekk.

200m bringusund

25m bringusund (35 sek)

50m skólabaksund

25m skriðsund

25m baksund

Marvaði

8m kafsund

Tími

Það voru tvær sundlotur, fyrri stóð yfir í 4 vikur og seinni í 5½ viku fóru nemendur tvisvar hverja viku í 35-40 mínútna sundtíma. Nemendur fengu 19 sundtíma.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundfærni og sundþol örlítið á leiki og keppni.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum var skipt á 3-4 brautir í lauginni eftir verkefnum. Raðað var á brautir eftir getu. Farið var mjög vel í allar sundaðferðirnar á fyrra námskeiðinu og var hópurninn einstaklega duglegur. Nemendur voru misfljótir að framkvæma þær æfingar sem lágu fyrir þannig að þeir fljótustu fengu tímaseðla sem þau syntu eftir þegar þau höfðu lokið þeim æfingum sem kennarinn var með. Með þessu móti tókst að sinna vel þeim sem þurftu virkilega aðstoð en hinir fengu engu að síður eftirtekt, hrós, hvatningu og síðast en ekki síst nóg að gera.

Matsaðferðir

Eftir fyrra námskeiðið var sent matsblað heim, þar kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur sundskírteini þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat

Það voru ekki allir nemendur sem náðu sundstiginu og var þeim gefin kostur á að æfa sig og hafa svo samband við sundkennara að vori til að ná sundstiginu. Enginn hafði samband. Ég er ekki alveg viss hvort þetta millimat þurfi að fara heim, kannski til þeirra sem þurfa á meiri æfingu að halda.

Það fer alveg ógurlega mikill tími í námsmat og þegar tímarnir eru svona fáir þá er alveg spurning hvort nóg hefði verið að senda mat í lok seinna námskeiðisins.

7. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 7. bekk.

300 metra bringusund, tímamörk; synt á minna en 10 mínútum.

50 metra skólabaksund, stílsund.

15 metra björgunarsund með jafningja, (skólabaksundsátök).

8 metra kafsund, stílsund.

Val nemenda:

50 metra bringusund á tíma

25 metra skriðsund á tíma

Tími

Það voru tvær sundlotur, fyrri stóð yfir í 4 vikur og seinni lotan var í 5 vikur. Nemendur fóru tvisvar hverja viku í 35-40 mínútna sundtíma. Nemendur fengu 16 tíma í sundi þar sem þau fóru á Reyki eina vikuna.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundfærni og sundþol, það var örlítið um keppni og leik.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum var skipt á 3 brautir í lauginni eftir bekkjardeildum. Tímarnir voru kynjaskiptir og voru nemendur úr 5. og 6. bekk með 7. bekk í sundi þar sem 56. bekkjar hópurinn var of stór. Farið var mjög vel í allar sundaðferðirnar á fyrra námskeiðinu og seinna námskeiðið fór í námsmat og þolsund. Hópurinn var einstaklega duglegur. Nemendur voru misfljótir að framkvæma þær æfingar sem lágu fyrir þannig að þeir fljótustu fengu tímaseðla sem þau syntu eftir þegar þau

höfðu lokið þeim æfingum sem kennarinn var með. Með þessu móti tókst að sinna vel þeim sem þurftu virkilega aðstoð en hinir fengu engu að síður eftirtekt, hrós, hvatningu og síðast en ekki síst nóg að gera.

Matsaðferðir

Eftir fyrra námskeiðið var sent matsblað heim, þar kom fram hvað vantar upp á hjá nemendum til að þeir nái sundstigi síns aldurs og úrbætur. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur sundskírteini þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann. Nemendur tóku báðar tímatökurnar þ.e. þau fengu ekki að velja.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat

Það voru ekki allir nemendur sem náðu sundstiginu og var þeim gefin kostur á að æfa sig og hafa svo samband við sundkennara að vori til að ná sundstiginu. Meira að segja kom sundkennari með tillögur að æfingum í námsmatinu. Það var enginn nemandi sem hafði hug á að bæta sig. Ég er ekki alveg viss hvort þetta millimat þurfi að fara heim, kannski til þeirra sem þurfa á meiri æfingu að halda.

8. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 8. bekk.

400 m þolsund, val um aðferð

75m skriðsund

50m baksund

50m bringusund (65/67sek)

25m skriðsund (30 sek)

25m flugsund m/ hjálpartækjum

10x50m ýmsar sundaðferðir

Marvaði 60 sek

8m kafsund, ná í hlut á 2m dýpi og endurtekið eftir 10 sekúndur.

Tími

Það voru tvær sundlotur, fyrri stóð yfir í 4 vikur og seinni lotan var í 5 vikur. Nemendur fóru tvisvar hverja viku í 35-40 mínútna sundtíma. Nemendur fengu 18 tíma í sundi.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundfærni og sundþol, það var örlítið um keppni og leik.

Kennslu og vinnuaðferðir

Nemendum var skipt á 3 brautir í lauginni eftir bekkjardeildum. Tímarnir voru kynjaskiptir og voru nemendur úr 5. og 6. bekk með 8. bekk í sundi þar sem 56. bekkjar hópurinn var of stór. Farið var mjög vel í allar sundaðferðirnar á fyrra námskeiðinu og seinna námskeiðið fór í námsmat og þolsund. Hópurinn var einstaklega duglegur. Nemendur voru misfljótir að framkvæma þær æfingar sem lágu fyrir þannig að þeir fljótustu fengu tímaseðla sem þau syntu eftir þegar þau höfðu lokið þeim æfingum sem kennarinn var með. Með þessu móti tókst að sinna vel þeim sem þurftu virkilega aðstoð en hinir fengu engu að síður eftirtekt, hrós, hvatningu og síðast en ekki síst nóg að gera.

Matsaðferðir

Eftir fyrra námskeiðið var sent matsblað heim, þar kom fram hvað vantar upp á hjá nemendum til að þeir nái sundstigi síns aldurs og úrbætur. Eftir seinna námskeiðið fengu nemendur sundskírteini þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki og umsögn um nemandann. Nemendum var boðið að reyna við einstök atriði í sundstiginu sem þau náðu ekki. Engin þáði slíkt boð.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og áhöld sem til eru í sundlauginni og í skólanum.

Mat

Það voru ekki allir nemendur sem náðu sundstiginu og var þeim gefin kostur á að æfa sig og hafa svo samband við sundkennara að vori til að ná sundstiginu.

Sundkennari kom einnig með tillögur að æfingum í námsmatinu. Það var enginn nemandi sem þáði þessa þjónustu. Ég er ekki alveg viss hvort þetta millimat þurfi að fara heim, kannski til þeirra sem þurfa á meiri æfingu að halda.

Ábendingar um kennsluna.

Það verður frábært að fá sundlaug við skólann. Mér fannst vanta fleiri skemmtileg leikföng/sundáhöld fyrir yngri nemendur sérstaklega. Nauðsynlegt er að hafa hópana ekki of stóra. Það er eiginlega lyklatríði í sundkennslunni. Betra er að hafa færri í hóp og færri tíma heldur en fleiri nemendur í fleiri tímum. Með því að ver amed færri í hópi næst betri árangur í kennslu. Einnig var frábært í 1.-4. bekk að hafa tvo kennara, grunnurinn er svo mikilvægur fyrir framhaldið hjá nemendum. Sérstaklega í aðstöðunni í Ásgarði sem er fín og flott og bíður upp á marga möguleika. Mér finnst að 1. bekkur ætti að vera sér í sundi því það er mjög mikill munur á nemendum í 1. og 2. bekk. Eins finnst mér 3. bekkur ekki passa með 4. bekk. Best væri að fá að getu skipta nemendum en endurskoða röðunina 2-3 sinnum á ári. Mestu skiptir þó að hóparnir séu ekki of fjölmennir bæði öryggissins vegna og eins upp á framfarir nemenda.

Skýrsla í myndmennt

1.- 2. bekkur

Í listum í 1.-2. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Samkenntla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennari var Guðrún Dóra Jónsdóttir. Nemendur voru 34 og skiptust þeir í þrjá hópa sem kom hver einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en stundum voru frjálsir tímar þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu, þ.e.a.s. tengt myndmennt.

Fram að jólum unnu nemendur í 1.- 2. bekk eftirfarandi verkefni í listum:

Möppu fyrir verkefni

Sjálfsmýnd. Farið var yfir það hvað einkennir okkur og þau fengu spegil til að vinna verkefnið og teiknuðu það sem þau sá í honum.

Áferð. Nemendur veltu fyrir sér hvað og hvernig áferð er og gerðu tvö verkefni tengt því.

Litafræði. Kynnt var fyrir nemendum frumlitirnir og þau gerðu svo einfaldar litablöndur út frá því.

Tvær manneskjur verða að einni, tengt lífsleikniþema.

Grunn- og náttúruleg form. Nemendur bjuggu til sviðsmynd tengt þema um Kardemommubæinn, þau tengdu það sem þau höfðu lært um formin inn í sviðsmyndina en einnig bjuggu þau til klippimyndir búnar til úr grunn- og náttúrulegum formum.

Mótun. Nemendur leiruðu dýr og glerjuðu.

Speglun. Nemendur bjuggu til fiðrildi þar sem lagt var áherslu á speglun.

Jólaverkefni. Nemendur fengu að velja á milli nokkurra verkefna í smíði, textíl og myndmennt og voru þá að vinna að því í listgreinatímum óháð því hvar þau ættu að vera.

Í frjálsum tímum var vinsælast að gera klippiverkefni, mála, leira frjálst og skissa. Nemendur voru flestir duglegir að velja sér fjölbreytt verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þemum sem nemendur unnu að hjá

bekkjarkennara. Í vetur voru tvö samvinnuverkefni í 1.-2. bekk:

- Í lífsleikni þema þá bjuggu þau til eina persónu sem gerð var úr tveimur einstaklingum.
- Í þema um Kardemommubæinn bjuggu nemendur til sviðsmynd sem notuð var í leikrit sem þau sýndu út um allan bæ.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Í desember og mars var færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

Mjög góð tók

Nokkuð góð tók

Á erfitt með

Í júní fengu svo nemendur afhent námsmat þar sem matskvarðarnir voru;

Fylgist með í tímum	Er hugmyndaríkur
Fer eftir fyfirmælum	Er jákvæður
Kemur sér fljótt að verki	Er vandvirkur
Er áhugasamur	Er sjálfstæður í vinnubrögðum
Er vinnusamur	Gengur vel um efni og áhöld

3. – 4. bekkur

Í myndmennt í 3. – 4. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Samkenndsla var í 3.og 4. bekk og unnið var með þrepamarkmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Kennari var Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Nemendur voru 48 og skiptust þau niður í fjóra hópa og kom hver hópur einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en að þeim loknum fylgdu stundum frjálssir tímar þar sem sköpun nemenda réð ríkjum – þá réðu þeir við hvað þeir unnu.

Í vetur unnu nemendur í 3. og 4. bekk eftirfarandi verkefni myndmennt:

Möppur fyrir verkefni.

Litafræði. Nemendur unnu tvö verkefni tengt litafræði en það var um heita og kalda liti og andstæða, það verkefni var samvinnuverkefni með smíði.

Tvívítt – þrívítt. Verkefni tengt þema þar sem þau bjuggu sér til hlut tengdan þeirri persónu sem þau voru í þemaverkefni sínu.

Endurvinnsla - pappírsgerð. Verkefni tengt þema um uppruna mannsins.

Bókakápa.

Íslenskir listamenn. Nemendur unnu verk í anda tveggja íslenska listamanna.

Jólaverkefni. Nemendur fengu að velja á milli nokkurra verkefna í smíði, textíl og myndmennt og voru þá að vinna að því í listgreinatímum óháð því hvar þau ættu að vera.

Í frjálsum tímum var vinsælast að gera klippiverkefni, mála, leira frjálst og skissa. Nemendur voru flestir duglegir að velja sér fjölbreytt verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þeim sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara og einnig unnu listgreinarnar sína á milli í verkefnum.

- Litafræði. Í myndmennt voru nemendurnir að fræðast um andstæða liti þau teiknuðu ávöxt á tréplötu og lituðu svo bakgrunninn með andstæðum lit. Þegar þau höfðu lokið við að lita tréplötuna unnu þau hana áfram í smíði, þar bjuggu þau til púsl úr henni.

- Tvívítt – þrívítt. Verkefni tengt þema þar sem þau bjuggu sér til hlut tengdan þeirri persónu sem þau voru í þemaverkefni sínu.

- Endurvinnsla - pappírsgerð. Verkefni tengt þema um uppruna mannsins. Nemendur fræddust um það hvernig pappír varð til og hvernig hann var búinn í gamla daga. Þau bjuggu svo til sinn endurunna pappír og enduðu á því að búa til bók úr honum.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Í október og febrúar var færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

Góð tök

Er á réttri leið

Á erfitt með

Í júní fengu svo nemendur afhent námsmat þar sem matskvarðarnir voru;

Fylgist með í tímum

Er áhugasamur

Fer eftir fyfirmælum

Er vinnusamur

Kemur sér fljótt að verki

Er hugmyndaríkur

Er jákvæður

Er vandvirkur

Er sjálfstæður í vinnubrögðum

Gengur vel um efni og áhöld

5. – 6. bekkur

Í myndmennt í 5. – 6. bekk var unnið eftir þrúamarkmiðum aðalnámsskrár. Kennari var Guðrún Dóra Jónsdóttir. Samkensla var í 5. og 6. bekk og var unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Nemendur voru 61 og skiptust þau niður í fimm hópa og kom hver hópur einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en að þeim loknum fylgdu stundum frjálsir tímar þar sem sköpun nemenda réð ríkjum.

Í vetur unnu nemendur í 5. og 6. bekk eftirfarandi verkefni:

- Möppur fyrir verkefni

- Línan – Fiskar. Nemendur unnu með línuna á margvíslegan hátt.

- Litir og áhrif þeirra – himingeimurinn (þema). Nemendur notuðu margvísleg efni við vinnu

sína.

- Impressjónismi punktalist. Unnið í anda listamannsins George Seurat.

- Blönduð tækni – bókakápa (þema). Nemendur notuðu margvíslega tækni við myndgerð

sína.

- Formkönnun – ávöxtur (þema). Nemendur könnuðu form fyrirmyndar og bjuggu til ávöxt í

tvívíðu og þrívíðu.

- Mótun – höfuð. Nemendur lærðu rúlluaðferðina og mótuðu út frá henni.

- Teikniverkefni. Nemendur voru með fyrirmynd og teiknuðu eftir henni.

- Jólaverkefni. Nemendur fengu að velja á milli nokkurra verkefna í smíði, textíl og myndmennt og voru þá að vinna að því í listgreinatímum óháð því hvar þau ættu að vera.

- Í frjálsum tímum var vinsælast að gera klippiverkefni, mála, leira frjálst og skissa. Nemendur voru flestir duglegir að velja sér fjölbreytt verkefni þar sem þeir lærðu eitthvað nýtt.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þemum sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara. Í vetur voru þrjú samvinnuverkefni.

- Litir og áhrif þeirra. Þar bjuggu nemendur til mynd af himingeimnum en þau voru í þemaverkefni um hann hjá bekkjarkennurum.

- Blönduð tækni. Nemendur bjuggu til bókakápu á verkefnabók sem þau

unnu hjá bekkjarkennurum tengt þema um Evrópu. Búin var til bókakápa úr bleki og sápu, svo bjuggu þau til rifmynd sem þau límdu á bókakápuna.

- Formkönnun. Nemendur bjuggu til ávexti sem settir voru í skál, þetta verkefni tengdist heimilisfræðipema hjá þeim.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í myndmenntastofunni, ásamt bókakosti skólans, s.s. listaverkabækur og skissubækur.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Í febrúar og nóvember var færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

Góð tók

Er á réttri leið

Á erfitt með

Í júní fengu svo nemendur afhent námsmat þar sem matskvarðarnir voru;

Fylgist með í tímum

Fer eftir fyfirmælum

Kemur sér fljótt að verki

Er áhugasamur

Er vinnusamur

Er hugmyndaríkur

Er frumlegur

Er vandvirkur

Er sjálfstæður í vinnubrögðum

Gengur vel um efni og áhöld

7. – 8. bekkur

Í listum í 7. – 8. bekk var unnið eftir markmiðum aðalnámsskrár. Kennari var Guðrún Dóra Jónsdóttir. Nemendur voru 39 og skiptust þau niður í þrjá hópa og kom hver hópur einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Námið byggðist upp af skylduverkefnum sem flest voru mjög krefjandi og tóku því langan tíma. Þeir sem fljótastir voru með verkefnin sín fengu meira rými fyrir frjálsa sköpun.

Í vetur unnu nemendur í 7. og 8. bekk eftirfarandi verkefni í myndmennt:

- Mappa fyrir verkefni
- Sjálfsmynd. Nemendur unnu sjálfsmynd þar sem annar helmingur andlitsins var raunverulegur en hinn helmingurinn var unninn með táknmyndum.
- Teiknað eftir fyrirmynd – Landslagsmynd (þema). Nemendur teiknuðu landslag eftir fyrirmynd.
- Dúkrista – samtíðalistamenn. Nemendur unnu dúkristu eftir ljóði Davíðs Stefánssonar.
- Manneskja í réttum hlutföllum (myndmennt/smíði/textílmenn). Nemendur unnu fígúru í vír og gipsi.
- Formfræði og litafræði. Nemendur máluðu abstrakt mynd og teiknuðu líka upp grunnformin.
- Jólaverkefni. Nemendur fengu að velja á milli nokkurra verkefna í smíði, textíl og myndmennt og voru þá að vinna að því í listgreinatímum óháð því hvar þau ættu að vera.
- Í frjálsum tímum var vinsælast að mála, teikna með kolum, og skissa.

Samvinnuverkefni

Viðfangsefni lista tengdust stundum þeim þemum sem nemendur unnu að hjá bekkjarkennara. Erfitt var að tengja samvinnuverkefni við þessa tvo árganga, þar sem samkensla er ekki í þeim.

- Teiknað eftir fyrirmynd. Nemendur í 7. bekk voru í veðurþema og fengu þau myndir til að teikna eftir þar sem hægt var að sjá veðurfar á (sól-rigning-þoka). Nemendur í 8. bekk voru að fara í ferð á Hellisheiði með bekkjarkennara og fengu þau myndir þaðan til að teikna eftir.

- Manneskja í réttum hlutföllum. Í þessu verkefni tengdust listgreinarnar þrjár saman þar sem þau hönnuðu manneskjuna í myndmennt, smíðuðu aukahluti í smíðum og bjuggu til föt í textílmennt. Hluti af manneskjunum sem nemendurnir bjuggu til fór á sýningu sem tengdist Hönnunardögum í Garðabæ og einnig var sýning í Ikea í tvær vikur þar sem þetta verkefni var. Þegar sýningin Hönnunardagar í Garðabæ var á Garðatorgi þá fór allur hópurinn með listgreinakennurum á hana og skoðuðu afrakstur vinnu sinnar og annara nema í Garðabæ.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau tól og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Einnig gerðu nemendur sjálfsmat. Í desember og apríl var færni nemenda metin með eftirfarandi skala:

Mjög góð tök

Nokkuð góð tök

Á erfitt með

Í júní fengu svo nemendur afhent námsmat þar sem matskvarðarnir voru;

Fylgist með í tímum

Fer eftir fyfirmælum

Kemur sér fljótt að verki

Er áhugasamur

Er vinnusamur

Er hugmyndaríkur

Er frumlegur

Er vandvirkur

Er sjálfstæður í vinnubrögðum

Gengur vel um efni og áhöld

Skýrsla í hönnun og smíði

1.- 2. bekkur

Tölulegar upplýsingar

Kennt var einu sinni í viku, klukkustund í senn, allan veturinn. Hóparnir voru þrír og í hverjum hóp voru 11-12 nemendur, blandaðir árgangar úr 1. og 2.bekk. Sömu hópar voru saman allan veturinn en stundataflan breyttist lítillega um áramót. Umsjónarkennarar skiptu nemendum í hópana í byrjun vetrar.

Helstu áherslur

Lögð var áhersla á að kynna nemendum smíðastofuna, helstu verkfæri og efni sem notuð eru í smíðastofunni. Unnið var eftir Aðalnámskrá grunnskóla með markmið beggja árganga. Lögð var áhersla á að nemendur hönnuðu og teiknuðu smíðagripa sína sjálfir áður en smíðin hófst. Helstu efnisflokkar sem unnið var með voru tré, plast og efni úr náttúrunni, ásamt yfirborðsefnum eins og málningu og olíu.

Verkefni sem unnin voru í 1.- 2.bekk voru:

Kubbaleikur (smíðað úr efnisafgöngum)

Nafnspjöld úr MDF (lyklakippa eða segulspjald)

Klemmurammi

Órói (úr greinum, binda hnúta)

Snagar

Stafurinn minn (saga út stafinn sinn í krossvið)

Furðufugl á standi

Rammi með hópmynd (Kardimommubærinn)

Jólaverkefni í samvinnu við myndmennt og textíl.

Aukaverkefni að eigin vali eftir getu og vinnusemi.

Námsgögn og námsefni

Tré (MDF, krossviður, trjágreinir), lím, málning, brennipenni og vélar og verkfæri sem unnið er með í smíðastofunni. Ekki er unnið eftir neinni námsbók en stuðst er við námsefni frá Námsgagnastofnun og efni úr smíðabókum og af netinu. Nemendur söfnuðu teikningum í möppu.

Kennsluaðferðir

Fjölbreyttar kennsluaðferðir voru notaðar, s.s. sýnikennsla, verklegar æfingar, sköpun, viðfangsefni tengd daglegu lífi, hugmyndavinna o.fl.

Námsmat

Námsmat var sent heim með námsmatsmöppunni í október og janúar, þar sem verkefni voru metin eftir markmiðunum. Í júní var lokamat þar sem vinnusemi, verkfærni, hegðun, sjálfstæði, umgengni o.fl. var metið.

Í öllum tilvikum var notaður þriggja bila kvarði: Góð tók – Er á réttri leið – Á erfitt með

Almennt mat á vetrinum

Nemendur í 1.- 2. bekk voru mjög vinnusamir og duglegir í vetur. Þeir voru áhugasamir og flestir unnu mjög vel. Töluverður getumunur var á milli nemenda og gátu sumir unnið nokkur aukaverkefni á meðan aðrir náðu varla að klára skylduverkefni. Lögð var áhersla á einstaklingsmiðað nám og að höfða til áhuga hvers og eins með því að hafa ýmiss konar val, t.d. í jólaverkefnum.

3.- 4. bekkur

Tölulegar upplýsingar

Kennt var einu sinni í viku, klukkustund í senn, allan veturinn. Hóparnir voru fjórir og í hverjum hóp voru 11-12 nemendur, blandaðir árgangar úr 3. og 4. bekk. Sömu hópar voru saman allan veturinn en stundataflan breyttist lítillega um áramót. Umsjónarkennarar skiptu nemendum í hópana í byrjun vetrar.

Helstu áherslur

Lögð var áhersla á að kynna nemendum smíðastofuna, helstu verkfæri og efni sem notuð eru í smíðastofunni. Unnið var eftir Aðalnámskrá grunnskóla með markmið beggja árganga. Lögð var áhersla á að nemendur hönnuðu og teiknuðu smíðagripi sína sjálfir áður en smíðin hófst. Helstu efnisflokkar sem unnið var með voru tré (MDF, fura og krossviður), plast og trjágreinar, ásamt yfirborðsefnum eins og málningu og olíu.

Verkefni sem unnin voru í 3. - 4. bekk voru:

Nafnspjöld úr trjásneiðum (lyklakippa eða hálsmen)

Naglamynd (dýr) með vír

Leikfang (perlur á vír)

Púsl (í samvinnu við myndmennt)

Plastlyklakippa eða hálsmen

Blöðrubátur úr furu

Réttvörpun (teikning)

Nýsköpunarkeppnin

Hendi (í tengslum við nýsköpunarkeppnina)

Peytispjald (í tengslum við þema)

Jólaverkefni í samvinnu við myndmennt og textíl.

Aukaverkefni að eigin vali eftir getu og vinnusemi.

Námsgögn og námsefni

Tré (MDF, krossviður, fura, trjágreinir), lím, málning, brennipenni og vélar og verkfæri sem unnið er með í smíðastofunni. Ekki er unnið eftir neinni námsbók en stuðst er við námsefni frá Námsgagnastofnun og efni úr smíðabókum og af netinu. Nemendur söfnuðu teikningum í möppu.

Kennsluaðferðir

Fjölbreyttar kennsluaðferðir voru notaðar, s.s. sýnikennsla, verklegar æfingar, sköpun, viðfangsefni tengd daglegu lífi, hugmyndavinna o.fl.

Námsmat

Námsmat var sent heim með námsmatsmöppunni í nóvember og febrúar, þar sem verkefni voru metin eftir markmiðunum. Í júní var lokamat þar sem vinnusemi, verkfærni, hegðun, sjálfstæði, umgengni o.fl. var metið.

Í öllum tilvikum var notaður þriggja bila kvarði: Góð tók – Er á réttri leið – Á erfitt með

Almennt mat á vetrinum

Nemendur í 3.- 4. bekk voru mjög vinnusamir og duglegir í vetur. Þeir voru áhugasamir og flestir unnu mjög vel. Töluverður getumunur var á milli nemenda og gátu sumir unnið nokkur aukaverkefni á meðan aðrir náðu varla að klára skylduverkefni. Lögð var áhersla á einstaklingsmiðað nám og að höfða til áhuga hvers og eins með því að hafa ýmiss konar val, t.d. í jólaverkefnum. Samvinna var við myndmennt með eitt verkefni (púsl) og eitt verkefni (þeytipjald) var unnið í tengslum við þema.

5.- 6.bekkur

Tölulegar upplýsingar

Kennt var einu sinni í viku, klukkustund í senn, allan veturinn. Hóparnir voru fimm og í hverjum hóp voru 12-13 nemendur, blandaðir árgangar úr 5. og 6.bekk. Sömu hópar voru saman allan veturinn. Umsjónarkennarar skiptu nemendum í hópana í byrjun vetrar.

Helstu áherslur

Lögð var áhersla á að kynna fyrir nemendum fjölbreytt efnisval, helstu verkfæri og áhöld sem notuð eru í smíðastofunni. Unnið var eftir Aðalnámskrá grunnskóla með markmið beggja árganga. Lögð var áhersla á að nemendur hönnuðu og teiknuðu smíðagripa sína sjálfir áður en smíðin hófst. Helstu efnisflokkar sem unnið var með voru tré (fura, MDF og krossviður, trjágreinir) og plast, ásamt yfirborðsefnum eins og málningu og olíu. Þá lærðu nemendur að nota ýmis ný verkefni eins og hefil, útskurðarjárn og kjullu, tálguhníf o.fl. Eitt hópverkefni var unnið í vetur þar sem nemendur bjuggu til farartæki og að lokum var keppni milli hópana.

Verkefni sem unnin voru í 5.- 6. bekk voru:

Segulspjöld

Hálsmen eða lyklakippa úr plasti

Skurðarbretti úr furu

Útskorin mynd

Farartæki með teygjudrifi (hópverkefni)

Nýsköpunarkeppnin

Púsl sem getur staðið, sagað í tifsög

Tálguverkefni

Jólaverkefni í samvinnu við myndmennt og textíl.

Aukaverkefni að eigin vali eftir getu og vinnusemi, t.d. plastskál, leikfang o.fl.

Námsgögn og námsefni

Tré (MDF, krossviður, fura, trjágreinir) og plast og vélar og verkfæri sem unnið er með í smíðastofunni. Ekki var unnið eftir neinni námsbók en stuðst er við námsefni frá Námsgagnastofnun og efni úr smíðabókum og af netinu. Nemendur söfnuðu teikningum í möppu.

Kennsluaðferðir

Fjölbreyttar kennsluaðferðir voru notaðar, s.s. sýnikennsla, verklegar æfingar, sköpun, viðfangsefni tengd daglegu lífi, hugmyndavinna, hópvinubrögð, samvinnunám o.fl.

Námsmat

Námsmat var sent heim með námsmatsmöppunni í desember og mars, þar sem verkefni voru metin eftir markmiðunum. Í júní var lokamat þar sem vinnusemi, verkfærni, hegðun, sjálfstæði, umgengni o.fl. var metið.

Í öllum tilvikum var notaður þriggja bila kvarði: Góð tók – Er á réttri leið – Á erfitt með

Almennt mat á vetrinum

Nemendur í 5 og 6. bekk voru vinnusamir og duglegir í vetur. Töluverður getumunur var á milli nemenda og gátu sumir unnið nokkur aukaverkefni á meðan aðrir náðu varla að klára skylduverkefni. Lögð var áhersla á einstaklingsmiðað nám og að höfða til áhuga hvers og eins með því að hafa ýmiss konar val, t.d. í jólaverkefnum. Sum verkefni tóku lengri tíma en áætlað var, t.d. smíði farartækis. En nemendur höfðu gaman af verkefnum og mikil spenna myndaðist í kringum keppnina.

Sumir nemendur voru mjög duglegir og náðu að vinna nokkur aukaverkefni að eigin vali.

7.- 8. bekkur

Tölulegar upplýsingar

Kennt var einu sinni í viku, klukkustund í senn, allan veturinn. Hóparnir voru þrír og í hverjum hóp voru 11-12 nemendur, blandaðir árgangar úr 7. og 8. bekk. Sömu hópar voru saman allan veturinn. Umsjónarkennarar skiptu nemendum í hópana í byrjun vetrar.

Helstu áherslur

Lögð var áhersla á að kynna fyrir nemendum fjölbreytt efnisval, helstu verkfæri og áhöld sem notuð eru í smíðastofunni. Unnið var eftir Aðalnámsskrá grunnskóla með markmið beggja árganga. Lögð var áhersla á að nemendur hönnuðu og teiknuðu smíðagripina sína sjálfir áður en smíðin

hófst. Helstu efnisflokkar sem unnið var með voru tré (fura, MDF og krossviður, trjágreinir), plast, málmur og gler, ásamt yfirborðsefnum eins og málningu og olíu. Lögð var áhersla á að kynna nýjan efnivið fyrir nemendum eins og málm og gler.

Verkefni sem unnin voru í 7.- 8. bekk voru:

Segultafla (hönnunarverkefni)

Plastverkefni (skál, lyklakippa eða annað)

Málmsmíðaverkefni (skartgripur, skál eða annað)

Glerverkefni úr tiffanys-gleri (næla, veggmynd, kross eða annað)

Mosaik (spelligill með ramma úr mosaikflísunum)

Tálguverkefni

Jólaverkefni í samvinnu við myndmennt og textíl.

Aukaverkefni að eigin vali eftir getu og vinnusemi, t.d. plastskálar, skartgripir eða annað að eigin vali.

Námsgögn og námsefni

Tré (MDF, krossviður, fura, trjágreinir), plast, gler, málmur o.fl. Ekki var unnið eftir neinni námsbók en stuðst var við námsefni frá Námsgagnastofnun og efni úr smíðabókum og af netinu. Nemendur söfnuðu teikningum í möppu.

Kennsluaðferðir

Fjölbreyttar kennsluaðferðir voru notaðar, s.s. sýnikennsla, verklegar æfingar, sköpun, viðfangsefni tengd daglegu lífi, hugmyndavinna og hönnun.

Námsmat

Námsmat var sent heim með námsmatsmöppunni í nóvember og apríl, þar sem verkefni voru metin eftir markmiðunum. Í júní var lokamat þar sem vinnusemi, verkfærni, hegðun, sjálfstæði, umgengni o.fl. var metið.

Í öllum tilvikum var notaður þriggja bíla kvarði: Góð tók – Er á réttri leið – Á erfitt með

Almennt mat á vetrinum

Nemendur í 7 og 8. bekk voru mis áhugasamir í vetur. Sumir unnu mjög vel á meðan aðrir unnu frekar hægt og afraksturinn því ekki mikill. Nemendur höfðu sumir hverjir ekki mikinn áhuga á faginu, sérstaklega 8. bekkur. Það væri því vænlegri kostur að hafa hönnun og smíði sem valgrein á unglingastigi.

Lögð var áhersla á einstaklingsmiðað nám og að höfða til áhuga hvers og eins með því að hafa ýmiss konar val, t.d. í jólaverkefnum. Sum verkefni tóku lengri tíma en áætlað var en lagt var upp með að hver nemandi ynni a.m.k. eitt verkefni í tré, málm, plast og gler. Sumir gerðu fleiri verkefni og gátu þá valið efnisviðinn (tré, plast, málm eða gler).

Skýrsla tónmenntakennara

Tími

Í vetur var tónmennt kennd í 12 klst. og 40 mínútur. Þar af voru 2 klst. og 40 mínútur nýttar í kórstarf skólakórsins sem var stofnaður í haust. Allir nemenda hópar fengu 1 klst. á viku. Allir nema 3. og 4. bekkur komu saman í heilum bekkjum. Hópar 3. og 4. bekkjar komu í tónmennt sem hluta af listahringekju þar sem þremur umsjónarhópum hafði verið skipt upp í fjóra hópa. Í október fengu nemendur í 8. bekk aukið tímamagn vegna þemans um tónlist 20. aldarinnar. Var þá bætt við 100 mínútum á viku í um 5 vikur.

Kennslan í 1. – 2. bekk

Viðfangsefni vetrarinnar voru eftirfarandi.

Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Í tengslum við uppsetningu barnanna á Kardimommubænum voru lögin æfð í tónmennt auk þess sem þau voru tekin upp og sett á heimasíðu skólans.

Taktur. Nemendur hafa spilað takta eftir nótum og hefur verið farið í ýmsa leiki þar sem unnið er með takt. Einnig hefur verið spilað á skólahljóðfæri í takt við tónlist og eftir fyrir mælum og stjórnun kennara eða samnemenda.

Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil. Einnig var unnið með spuna í tengslum við spurning/svar þar sem kennari ”spurði” og þau ”svöruðu” með spuna á sílafóna.

Tónsköpun. Nemendur hafa samið og flutt stutt hljóðverk fyrir hljóð sem hægt er að búa til með höndunum. Hljóðverkið var skráð með óhefðbundinni nótnaskrift. Þá bjuggu nemendur til stutt hljóðverk sem áttu á túlka ákveðið veður og aðrir áttu að giska á hvaða veður verið væri að túlka.

Hljóðfæri. Í upphafi unnu verkefni þar sem hendurnar voru þeirra hljóðfæri og sömdu stutt hljóðverk í hóp og fluttu fyrir bekkinn. Nemendur hafa lært um mun á laglínuhljóðfærum og takthljóðfærum auk hljóðfæraflokkana: ásláttar-, tréblásturs-, málmblásturs- og strengjahljóðfæri. Þá hafa þeir unnið mikið með og leikið á skólahljóðfærin bæði takt- og laglínuhljóðfæri. Nemendur hafa leikið stutt hljóðverk skráð með óhefðbundinni nótnaskrift.

Hlustun. Í upphafi vetrar unnu nemendur verkefni þar sem unnið var með hljóð úr umhverfinu og hljóð sem við getum búið til með höndunum og líkómum okkar. Í því verkefni var mikið unnið með hlustun. Þá hafa nemendur hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt. M.a. Hljómsveitin kynnir sig eftir Benjamin Britten, Pétur og úlfinn eftir Sergei Prokofiev og Maxa mús eftir Hallfríði Ólafsdóttur þar sem m.a. koma fyrir 5. símfónía Beethovens og Bolero eftir Ravel.

Tónfræði. Sérstaklega hefur verið unnið með eftirfarandi þætti tónfræðinnar:

styrkleika (sterkt-veikt, vaxandi-minnkandi)

langa og stutta tóna

tónhæð (háir og lágir tónar)

óhefðbundna nótnaskrift

Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni auk verkefna úr verkefnabók 1 fyrir tónmennt. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 1.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 1. og 2. bekk voru:

tekur virkan þátt í söng,

getur í hóp búið til stutt hljóðverk með höndunum

getur flutt í hóp frumsamið hljóðverk

getur leikið á skólahljóðfæri í takt við undirspil

þekkir nokkur hljóðfæri sinfóníuhljómsveitar

þekkir nokkur hugtök tónfræðinnar

er virk/virkur í tímum

fer eftir fyrir mælum

er áhugasamur/áhugasöm

vinnur vel í tímum

fylgist með í tímum

fer vel með hljóðfæri

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af

hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

Kennslan í 3. – 4. bekk

Viðfangsefni vetrarinns voru eftirfarandi.

Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Í tengslum við þemað Saga mannkyns voru sungin lög frá Perú, Kína og Evrópu á miðöldum. Lögin voru æfð, tekin upp og birt á vef skólans. Í tengslum við Haldórs Laxness þema voru sungin lög við texta hans.

Taktur. Unnið hefur verið með takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið unnið með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri. Í tengslum við þemað Saga mannkyns voru leiknir taktar í tengslum við kínsverska tónlist, tónlist frá Perú og tónlist frá Evrópu miðalda. Í tengslum við þemað um Halldór Laxness var lag við texta hans útsett fyrir takthljóðfæri sem nemendur æfðu og léku. Þá léku nemendur polka takt sem undirspil fyrir spuna hvers annars.

Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil og hefur spuni þeirra verið tekinn upp reglulega og framfarir metnar. M.a. spunnu nemendur yfir polka undirspil hvers annars, þeir hafa spunnið með nótum pentaton skalans og unnið með spuna í tengslum við spurning/svar þar sem kennari spann spurningu og nemandi svaraði með eigin spuna.

Tónsköpun. Unnið var með óhefðbundna nótnaskrift og í tengslum við þá vinnu sömdu nemendur eigið hljóðverk og skráðu með óhefðbundinni nótnaskrift. Verkin voru svo flutt og æfð af nemendum.

Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt. Sérstök áhersla var lögð á tónlist W.A. Mozarts. Í tengslum við þemað Saga mannkyns var hlustað á tónlist frá Perú, Kína, og gregorískan munkasöng.

Þá var hlustað á tónlist samda við texta Halldórs Laxness í tengslum við þema sem var tileinkað verkum hans.

Hljóðfæri. Nemendur hafa leikið einfaldar útsetningar af lögum á skólahljóðfæri, bæði laglínuhljóðfæri og takthljóðfæri. Í tengslum við þemað um sögu mannkyns voru kennd, æfð og tekin upp lög frá Perú, Kína og munkasöngur frá miðöldum. Einnig léku nemendur polka á skólahljóðfæri.

Tólistarsaga. Nemendur kynntust tónskáldinu Wolfgang Amadeus Mozart, lífi hans og tónlist. Í tengslum við þemað um sögu mannkyns kynntust nemendur tónlist frá ólíkum heimshlutum og á ólíkum tímum.

Tónfræði. Unnið var með:

styrkleika (piano – forte, vaxandi styrkur-minnkandi styrkur)

ritun og lestur algengustu nótnagilda

hraða (hratt – hægt)

tónhæð (háir og lágir tónar)

óhefðbundna nótnaskrift

þrískiptan og fjórskiptan takt auk taktbreytinga

tónbil (þríundir og fimmundir)

Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforrit, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 3.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni og tölvuforritið *Háskaleik*. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 3.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 3. og 4. bekk voru:

tekur virkan þátt í söng

getur leikið einfalt stef eða takt eftir nótum

getur spunnið á tréspil og leikið í takt við undirspil

getur flutt tónlist frá framandi löndum og menningu

getur leikið fimmundir og þríundir á tréspil

getur spilað einfaldan takt í takt við undirspil

getur flutt í hóp stutt lag á skólahljóðfæri eftir nótum

getur þekki helstu lengdargildi nótna og getur lesið ær

getur hreyft sig í takt við tónlist

þekki tónskáldið Mozart og nokkur verka hans

er virk/virkur í tímum

fer eftir fyrirmælum

er áhugasamur/áhugasöm

vinnur vel í tímum

fylgist með í tímum

fer vel með hljóðfæri

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með.*

Kennslan í 5. og 6. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Einnig hafa verið sungin lög frá sem flestum heimsálfum. Í tengslum við vinnu með reggae tónlist útsettu nemendur íslenskt lag í reggae útsetningu og tóku upp eigin söng af laginu og birtu á vef skólans.

Taktur. Mikið hefur verið unnið með verið og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið þjálfað með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri. Unnið hefur verið með ólíka takta frá mörgum löndum. T.d. reggae, samba, rumba, takt leikinn við ástralska frumbyggja tónlist, afrískan takt og takt sem leikinn var við íslenskt þjóðlag.

Spuni. Nemendur hafa spunnið á skólahljóðfæri. Spuninn hefur verið tekinn upp og notaður við mat á frammistöðu og framförum nemenda.

Sköpun. Nemendur sömdu tónlist við söguna Júlíus eftir Anne-Marie Chapouton og Jean Claverie. Tónlistin var samin æfð og tekin upp af nemendum og birt á vef skólans.

Hlustun/tónlistarsaga. Megin áhersla vetrarins var að kynna og vinna með tónlist frá ólíkum heimshlutum. Í tengslum við það hefur verið unnið með tónlist frá Laos, Kína, Ástralíu, Perú, Jamaica, Kúbu, Argentínu, Brasilíu, Keníu, Noregi (Edvard Grieg), Finnlandi (Jean Sibelius) og Færeyjum. Unnið hefur verið með fimmundasöng.

Hljóðfæri. Nemendur léku undirleik á hljóðfæri í ýmsum sönglögum og í ýmsum tónlistarstílum. Margir nemendur nýttu sér hljómsveitarherbergi skólans þar sem þeir geta fengið tíma til að æfa sig saman eða ein á hefðbundin popp/rokk hljómsveitar hljóðfæri.

Tónfræði. Í viðfangsefnum vetrarins og sérstaklega tónsköpun á hefur verið unnið með frumþætti tónlistar, s.s. tónhæð, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun. Einnig unnu nemendur verkefnahefti þar sem unnið var með lengdargildi nótna, taktboða, nótnaheiti, rithátt nótna, hraða og púls.

Tölvur. Nemendur hafa unnið með upptökuforritið Garage band og tekið upp eigin tónlist, söng og hljóðfæraleik.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band, Live og Pro tools, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá var notað kennsluforritið Háskaleikur.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara en einnig var unnið með verkefnabókina Tónmennt 4.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem kennari mat í 5. og 6. bekk voru:

tekur virkan þátt í söng

getur leikið einfalt stef eða takt eftir nótum á skólahljóðfæri

þekkir einkenni afrískrar tónlistar

getur búið til í hóp einfalda tónlist við sögu sem túlkar ákveðna tilfinningu

getur flutt frumsamið hljóðverk í hóp

getur skráð nótnaheiti samkvæmt sol-fa kerfinu

þekkir helstu lengdargildi nótna

er virk/virkur í tímum

fer eftir fyrirmælum

er áhugasamur/áhugasöm

vinnur vel í tímum

fylgist með í tímum

fer vel með hljóðfæri

Þeir þættir sem nemendur mátu sjálfir í tengslum við Júlíusar-verkefnið:

hvernig gekk hópnum að semja tónlistina

hversu mikinn þátt tókst þú í að semja tónlistina

hvernig gekk hópnum að æfa og taka upp tónlistina

hvernig gekk þér að æfa og taka upp tónlistina

tókst hópnum að túlka tilfinninguna sem þið ætluðuð að túlka

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með*.

Kennslan í 7. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

Í vetur hefur verið lögð áhersla á skapandi vinnu hjá 7. bekk. Unnin voru ýmis tónsköpunar verkefni m.a. veðratónlist, ofurhetjustef, kvikmyndatónlist og hringitón.

Unnið var með frumbætti tónlistar út frá kvikmyndatónlist og annarri sköpun nemenda og í tengslum við hana unnu nemendur með eftirfarandi þætti:

Hlustun/Tónlistarsaga. Saga kvikmyndatónlistar á 20. öld kennd. Kvikmyndatónskáldin John Williams og Hilmar Örn Hilmarsson kynnt.

Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.

Spuni. Nemendur hafa spunnið á skólahljóðfæri sem og þau hljóðfæri sem þeir sem stunda hljóðfæranám leika á. Spunnið hefur verið yfir blúsformið.

Tónsköpun. Nemendur hafa samið eigin tónlist við stuttmyndir, samið hljóðverk sem túlkar ákveðið veður, samið stef sem túlkar eiginleika ofurhetju sem þau sköpuðu sjálf og búið til hringitón þar sem unnið var með pentatónískan skala.

Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.

Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritin: Garage band, Live og Pro tools. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist og tekið upp.

Samvinnuverkefni

Í tengslum við veðraþema á haust önn sömdu nemendur hljóðverk sem túlkuðu ákveðið veður. Í tengslum við þjóðsögubema sungu nemendur og hlustuðu á lög sem tengjast ákveðnum þjóðsögum.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band, Live og Pro tools, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist*.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 7. bekk voru:

tekur virkan þátt í söng

getur í hóp samið tónlist sem túlkar ákveðna tilfinningu

getur samið kaflaskipta tónlist t.d. A-A-B-A

getur beitt mismunandi styrkleika í eigin tónsmíð

getur leikið eigin tónsmíð á hljóðfæri

getur leikið á hljóðfæri undir söng (takt eða laglínuhljóðfæri)

þekkir nokkur kvikmyndatónskáld og tónlist þeirra

getur greint ákveðna stíla tónlistar í kvikmyndum

er virk/virkur í tímum

fer eftir fyrirmælum

er áhugasamur/áhugasöm

vinnur vel í tímum

fylgist með í tímum

samvinna

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af verkum og söng nemenda auk sjáfsmats. Merkt var við hvort nemandi hafi *gód tók, sé á réttri leið eða eigi erfitt með.*

Kennslan í 8. bekk

Viðfangsefni vetrarinnss voru eftirfarandi.

Tónlist 20. aldarinnar var yfirskrift vetrarinnss hjá 8. bekk. Reynt var að kynna fjölbreytileika aldarinnar og leyfa nemendum að prófa sjálfir að vinna með ólíka stíla og aðferðir sem voru notaðar og þróaðar á öldinni. Unnið var með eftirfarandi þætti:

Hlustun/Tónlistarsaga. Í tengslum við aldamótin 1900 var fjallað um tónskáldin Debussy, Satie, Stravinsky og Alban Berg, tónlist þeirra kynnt og nemendur fengu að prófa að semja tónlist með þeim tónstigum sem Eric Satie notaði. Í tengslum við þemað tónlist 20. aldarinnar var unnið með Bókina Hljóðspor eftir Pétur Hafþór Jónsson og hlustun tengda henni þar sem farið er í þróun dægurtónlistar fram til 1970. Eftir þemað var kennt um pönk tónlist áttunda áratugarinnss. Undir vorið var fjallað um íslensk þjóðlög. Í því samhengi var tónskáldið Jón Leifs kynntur og verk hans.

Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.

Tónsköpun.

Nemendur sömdu í hópum stef þar þeir notuðu tónstiga Eric Satie. Í tengslum við þemað Tónlist 20. aldarinnar völdu nemendur sér einn tónlistarstíl og sömdu lag í þeim stíl, æfðu og tóku upp. Í vinnu með þjóðlög og tónlist Jóns Leifs sömdu nemendur lag í þjóðlaga stíl og útsettu í nótnaskriftarforriti fyrir fimmundasöng.

Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.

Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritin: Garage band og Pro tools. Í þeim hafa nemendur samið eigin tónlist og tekið upp. Einnig var unnið með nótnaskriftarforritið Sibelius.

Samvinnuverkefni

Í október var unnið í samstarfi við umsjónakennara þemað Tónlist 20. aldarinnar en þar var fléttað saman þróun í dægurtónlist, tísku og menningu og þau áhrif sem samfélagsbreytingar höfðu á tónlistina og öfugt.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band, Live og Pro tools, nótnaskriftarforritið Sibelius, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Hljóðspor*.

Matsaðferðir:

Námsmat fór að mestu fram með könnunum og mati á tónsköpun og flutningi nemenda. Um símat var að ræða þar sem nemendur fengu matið jafn óðum og verkefni hafði verið klárað. Þá voru eftirfarandi þættir metnir að vori:

er virk/virkur í tímum

fer eftir fyrirmælum

er áhugasamur/áhugasöm

vinnur vel í tímum

fylgist með í tímum

samvinna

Merkt var við hvort nemandi hafi *góð tæk, sé á réttri leið* eða *eigi erfitt með*.

STUÐNINGSPJÓNUSTA

Skýrsla sérkennara

Í vetur starfaði einn sérkennari við skólann, Sigríður Ólafsdóttir í 80% starfshlutfalli. Hún sá um og hafði eftirlit með sérkennslu í 1 -7 bekk. Einnig störfuðu við skólann þrír þroskaþjálfar Jóhanna Elísa Magnúsdóttir á yngra stigi í 80 % starfshlutfalli, Sigríður Gísladóttir á miðstigi í 100% stöðuhlutfalli og Fanney Valgarðsdóttir á unglingastigi í 100 % starfshlutfalli. Sérkennslan fór fram ýmist inni á kennslusvæðum eða í sérkennslustofum og þá sem hóp- eða einstaklingskennsla. Skólasálfræðingur og talmeinafræðingur komu tvisvar í mánuði í skólann.

Umsóknir

Kennarar óska skriflega eftir sérkennslu fyrir nemendur sína. Stuðst er við niðurstöður skimunar í lestri og stærðfræði, þegar sérkennslan var skipulögð. Foreldrar eru ávallt upplýstir um stöðu mála og óskað eftir samþykki þeirra ef barn þeirra á að fá sérkennslu.

Að hverju vori leggja umsjónarkennarar fram skriflega beiðni til skólastjórnenda og óska eftir sérkennslu fyrir komandi vetur.

Allir nemendur í 1-6 bekk voru lestrarprófaðir að hausti og lögð voru fyrir ýmis skimunarpróf í lestri og stærðfræði. Þegar niðurstöður prófanna lágu fyrir var tekin ákvörðun um frekari aðstoð við nemendur og sérkennslan endurskipulögð og verkefnum forgangsraðað.

Kennslufyrirkomulag

Áhersluþættir sérkennslu voru grunnlestrarþjálfun, ritun, stærðfræði og svo og almenn vinnubrögð.

Haustönn hófst með því að sérkennari lestrarprófaði alla nemendur í 1.- 6 og hluta af nemendum í 7 bekk. Auk þess var fyrsti hlutinn af Læsi skimunarprófunum lagður fyrir yngri árgangana og Tove Krog skimunarprófið fyrir nemendur í 1. bekk. Unnið var úr niðurstöðum prófanna og kennslan endurskipulögð ef þurfa þyrfti.

Sérkennsla í lestri fór fram ýmist einstaklingslega eða í hópi (4 - 10 börn í hóp). Hópkennslan var tímabundin og kennt var í lotum, oftast daglega í 4 - 6 vikur í senn. Einstaklingskennsla miðaði að því að byggja upp grunnfærni í lestri og stærðfræði. Margir nemendur tóku sjálfviljugir á sig auka heimavinnu til þess að bæta getu sínu og var henni var fylgt eftir þeir hvattir áfram.

Lestrar- og stærðfræðikannanir voru reglulega yfir veturinn. Ef grunur vaknaði um að námið gengi ekki sem skyldi voru gerðar ráðstafir og reynt að finna lausnir.

Einnig var lögð áhersla á að nemendur tileinkuðu sér góð vinnubrögð, Fjöldi nemenda sem fékk sérúrræði og aðstoð á skólaárinu:

1. bekk; 10 nemendur, 7 drengir og 3 stúlkur. (2 nemendur allan veturinn)
2. bekk 2 nemendur, 2 drengir
3. bekk 12 nemendur, 7 drengir og 5 stúlkur (10 nemendur allan veturinn)
- 4 .bekk 19 nemendur, 14 drengir og 5 stúlkur (stór árgangur)
5. bekkur 10 nemendur, 6 drengir og 4 stúlkur
6. bekkur 8, nemendur, 3 stúlkur og 5 drengir
7. bekkur 7 nemendur 3 drengir og 4 stúlkur

Ráðgjöf var veitt foreldrum í sambandi við nám barna þeirra ef með þurfti. Proskaþjálfar aðstoðuðu þrjá nemendur sérstaklega og gátu þeir ráðfært sig við sérkennara og fengið aðstoð við val á kennslugögnum.

- Á vorönn var boðið upp á hraðlestrarnámskeið fyrir nemendur í 2 - 8 bekk í 3 vikur. Hraðlestrarnámskeiðið var fyrir þá nemendur sem vildu bæta grunnfærni sína í lestri og auka leshraða sinn.

Alls tóku um 40 nemendur þátt í námskeiðinu, 15 af neðra svæði og 25 af efra svæði.

Gafst hraðlestrarnámskeiðið mjög vel og bættu allir lestragetu sína.

Greiningar

Læsipróf voru lögð fyrir samkvæmt skipulagi. Læsipróf 1.1 – 1.3 var lagt fyrir í 1. bekk og Læsi 2.1 og 2.2 í öðrum bekk. Greinandi teiknipróf Tove Krogh var lagt fyrir nemendur í 1. bekk í byrjun nóvember. LH 60 og LH 40 var lagt fyrir nokkra nemendur í 3. og 4. bekk. Talmeinafræðingur lagði fyrir lesskimunarpróf Les 1 og Les 2 fyrir nemendur í 1. og 2. bekk í maí. Önnur greinandi próf sem notuð voru TOLD 2P og TOLD 2I málproskapróf. Sérkennari lagði nýja LOGOS lestrargreiningarprófið fyrir 3 drengi og 6 stúlkur á yngra stigi (3-4 bekkur) og fyrir 8 drengi og 4 stúlkur á eldra stigi. Unnar voru skýrslur út frá niðurstöðum prófsins og skilafundur haldnir með foreldrum og umsjónarkennara. Auk þess komu sálfræðingur, talmeinafræðingur og fleiri sérfræðingar að greiningum eftir þörfum og bentu á úrræði.

Lágmarksviðmið í raddlestri voru ákveðin að hausti og yngstu nemendum gefið tækifæri til að fara rólega af stað við upphaf lestrarnámsins. Viðmið í 1 og 2. bekk voru því höfð mjög sanngjörn og áhersla lögð á að leggja góðan grunn að lestrarnáminu.

Hraðaviðmið í raddlestri:

1. bekkur 0 - 50 atkvæði lesin á mínútu

2. bekkur 50 - 95 atkvæði lesin á mínútu
3. bekkur 95 -150 atkvæði lesin á mínútu
4. bekkur 200 atkvæði lesin á mínútu
5. bekkur 230 atkvæði lesin á mínútu
6. bekkur 265 atkvæði lesin á mínútu

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hlutfall þeirra nemenda sem náðu settum viðmiðum Sjúalandsskóla í lestri.

	1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur	5.bekkur	6.bekkur	7.bekkur
Viðmið um atkv./mín.	50	50-95	95-150	150-200	200-230	230-265	265
Hlutfall nem.	88,5%	95,5%	95,5%	88,5%	92%	93%	84%

Skýrsla þroskaþjálfara

Skólaárið 2008-2009 voru tveir þroskaþjálfar í 100% starfi í 5. og 8. bekk. Markmið með þeirra störfum var að bera ábyrgð á og skipuleggja allt nám nemanda með fötlun sem voru í 5. og 8. bekk.

Þroskaþjálfar í 5. og 8. bekk skipulögðu kennslustundir og útbjuggu námsefni við hæfi nemandanna. Þroskaþjálfar fylgdu nemandum í kennslustundum í listum, smíði, og textíl og skipulagðu nám í samvinnu við viðkomandi kennara. Þroskaþjálfar útbjuggu myndræna stundatöflu fyrir nemendur og í upphafi dags var farið munnlega yfir það sem framundan væri þann daginn. Fjölbreyttar kennsluáðferðir voru notaðar og einnig var notuð fjölbreytt umbun og hvatning til nemanda. Í kennslu voru notaðar hefðbundnar kennslubækur, ýmis konar sérútbúin verkefni, útprentuð blöð ásamt sérkennsluefni.

Nemendur tók þátt í þeim sem lögð voru fyrir í bekkjum. Þroskaþjálfar aðlöguðu efnið að nemendunum með markmið þeirra í huga. Nemendur voru að mestu inn í kennslustundum með sínum bekkjarfélögum en voru þó teknir fram til að lesa og leggja inn einstök verkefni. Meginmarkmið náms

voru lestur, skrift og stærðfræði, einnig var félagsleg þátttaka og líðan hluti af meginmarkmiðum vetrarins.

Þroskaþjálfar gerðu einstaklingsnámskrá fyrir nemendur, auk þess að gera markmið hvers mánaðar fyrir sig. Í janúar voru markmið endurskoðuð og ný sett fyrir vorönn. Í lok skólaárs útbjuggu þroskaþjálfar námsmatsblöð út frá markmiðum vetrarins og sjálfsmatsblöð og var námið í heild metið.

Auk þess að bera ábyrgð á námi nemanda með miklar sérþarfir sinntu þroskaþjálfarnir öðrum nemendum.

Þroskaþjálfinn á unglíngastigi var með hóp fjögura nemenda í íslensku 2x í viku og einnig með einn nemanda í stærðfræði alla daga vikunar. Þroskaþjálfinn fór með í allar vettvangsferðir og einnig öll ferðalög sem farin voru á skólaárinu. Þroskaþjálfinn hefur verið í töluverðum samskiptum við forráðamenn nemandans í vetur.

Þroskaþjálfinn í 5 bekk var með hóp nemenda í stærðfræðihóp, útbjó áætlun fyrir nemendur sem þurftu sérstaka aðstoð og útbjó sérstakt námsefni fyrir nokkra nemendur. Þroskaþjálfinn aðstoðaði nemendur sem áttu í félagslegum erfiðleikum og var í töluverðum samskiptum við foreldra þeirra nemanda. Þroskaþjálfinn var með vinnustund á hverjum degi þar sem hópur nemenda með námserfiðleika fengu sérstaka aðstoð.

Í vetur var þroskaþjálfanemi á öðru ári í vettfangsnámi í Sjálandsskóla.

Skýrsla meðferðarfulltrúa

Í vetur var einn meðferðarfulltrúi starfandi við skólann í 66,6% starfi. Hún starfaði í nánu samstarfi við umsjónarkennara í 1.-4.bekk. Einkum var um að ræða stuðning við nokkra nemendur í 1.bekk. Meðferðarfulltrúi í vetur var Jóhanna Elísa Magnúsdóttir.

Skýrsla námsráðgjafa

Námsráðgjafi var starfandi í Sjálandsskóla í 50% starfshlutfalli skólaárið 2008 – 2009. Var það í fyrsta sinn sem skólinn bauð upp á þjónustu náms-og starfsráðgjafa. Meginhlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum,

forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans, starfsfólki á fræðslu- og menningar sviði og félags- og heilbrigðissviði Garðabæjar að þáttum sem snúa að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Í ársskýrslu námsráðgjafa er gerð grein fyrir helstu verkefnum og áherslum í starfi náms- og starfsráðgjafa Sjálandsskóla skólaárið 2008 - 2009.

NÁMS - OG STARFSRÁÐGJÖF

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Einstaklingsviðtöl voru umfangsmikil í starfinu. Nemendur komu helst vegna vanda sem tengdist námi og vegna vanlíðunar og samskiptaerfiðleika. Einstaklingsmiðuða ráðgjöf má flokka í þrjá flokka.

1. Ráðgjöf við náms- og starfsval

Náms- og starfsráðgjöf miðar að því að nemendur efli og þroski þekkingu á sjálfum sér s.s. viðhorfum, áhuga, hæfileikum, getu og væntingum, námsleiðum, störfum og atvinnulífi til að auðvelda þeim ákvörðun um nám eða starf að loknum grunnskóla. Þar sem 8. bekkur var elsti árgangurinn var ekki talin þörf á þessari tegund ráðgjafar fyrir en skólaárið 2009-2010.

2. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur er veitt nemendum, forráðamönnum og kennurum. Ráðgjöfin snýst aðallega um:

persónuleg og einstaklingsbundin mál s.s. félags- og tilfinningalegan vanda, veikindi, sjálfstraust og sjálfmynd

samskiptavanda s.s. vináttu, ágreining og einelti

námstengdan vanda s.s. sértæka námserfiðleika, prófkvíða og námsleiða

Undir þennan hluta flokkuðust 31,2% þeirra nemenda sem komu til námsráðgjafa í vetur.

3. Ráðgjöf um vinnubrögð

Markmið fræðslu og ráðgjafar í námstækni er að nemendur kynnist hugsun, viðhorfum, námsaðferðum og námsvenjum sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt að eru árangursríkar. Nemendur fengu m.a. aðstoð við:

að skoða og meta eigin námsaðferðir og námsvenjur

fræðslu og þjálfun í minnistækni, lestri á námsefni og glósugerð

leiðsögn um vinnulag í einstökum námsgreinum, heimanám og upprifjun fyrir próf

43,9% þeirra nemenda sem komu til námsráðgjafa nýtti sér þessa þjónustu skólaárið 2008-2009.

Alls komu 108 nemendur í einstaklingsviðtal til námsráðgjafa í eitt skipti eða oftari og voru nokkrir nemendur í reglulegum viðtölum allan veturinn. Af þessum 108 voru drengir 50 talsins eða 46,3% og stúlkur 58 eða 53,7%. Nemendur skiptust á eftirfarandi árganga:

Árgangur	Fjöldi	Hlutfall
1.	1	0,90%
2.	9	8,30%
3.	15	13,90%
4.	7	6,50%
5.	21	19,40%
6.	16	14,80%
7.	19	17,60%
8.	20	18,50%
Samtals	108	100%

Hér eru ekki taldir upp þeir nemendur sem aðeins hittu námsráðgjafa einu sinni þar sem nær flestir nemendur skólans hafa hitt hann í vetur. Í töflunni er því aðeins um að ræða þann fjölda nemenda sem fengu frekari ráðgjöf eða aðstoð námsráðgjafa.

Hópráðgjöf / fræðsla

Námsráðgjafi hitti alla nemendur skólans yfir veturinn. Hér á eftir sést hver helstu viðfangsefni fræðslunnar voru eftir árgöngum.

1.-2. bekkur

Námsráðgjafi kynnti starf sitt fyrir nemendum og ræddi við þá um skólann. Spurningalisti um einelti, líðan, stríðni og vinnufrið lagður fyrir.

3.-4. bekkur

Kynning á starfi og hlutverki náms-og starfsráðgjafa. Spurningalisti um einelti, líðan, stríðni og vinnufrið lagður fyrir.

5.-6. bekkur

Kynning á starfi og hlutverki náms-og starfsráðgjafa. Spurningalisti um einelti, líðan, stríðni og vinnufrið lagður fyrir.

7. bekkur

Kynning á starfi og hlutverki náms-og starfsráðgjafa. Samræmt próf í íslensku og stærðfræði.

Spurningalisti um einelti, líðan, stríðni og vinnufrið lagður fyrir.

Skólinn. Rætt var um fjölgreindarkenninguna og mismunandi námsstíla (læra með því að heyra, sjá eða framkvæma).

Nemendur svöruðu spurningum um námsvenjur og fylltu út námshring.

Farið yfir niðurstöður sjálfskönnunar með hverjum nemanda og setti hann sér

markmið út frá niðurstöðum námshrings.

Undirbúningur þess að skipta um skólastig.

8. bekkur

Kynning á starfi og hlutverki náms-og starfsráðgjafa.

Spurningalisti um einelti, líðan, stríðni og vinnufrið lagður fyrir.

Skólinn. Rætt var um fjölgreindarkenninguna og mismunandi námsaðferðir (læra með því að heyra, sjá eða framkvæma). Nemendur svöruðu spurningum um námsvenjur og fylltu út námshring.

Farið var yfir niðurstöður sjálfskönnunar með hverjum nemanda og hann setti sér markmið út frá niðurstöðum námshrings.

Lestur og einbeiting. Minni og gleyska. Frestun.

Námstækni í stærðfræði. Námstækni í tungumálum.

Tímaskipulag-vikuáætlun og dagbók.

ÝMIS VERKEFNI

Gegn einelti í Garðabæ / verkefnastjórn

Verkefnisstjórn Gegn einelti í Garðabæ hittist nokkrum sinnum á skólaárinu. Megin verkefni verkefnastjórnar var að samræma aðgerðir skólanna í eineltismálum og útbúa spurningalista fyrir nemendur í 4.-10. bekk sem fyrirhugað er að leggja fyrir í öllum skólunum næsta haust.

Fundir með umsjónarkennurum

Námsráðgjafi veitti þeim umsjónarkennurum sem til hans leituðu ráð vegna kennslu og/eða einstakra nemenda

Nemendaverndarráð

Námsráðgjafi sat fundi í nemendaverndarráði á hálfmánaðar fresti.

Lausnar-teymi

Námsráðgjafi sat fundi í lausnar-teymi þegar þeir voru á dagskrá.

Kennarafundir

Námsráðgjafi sat vikulega kennarafundi.

Samráðsfundir námsráðgjafa í Garðabæ

Námsráðgjafi sat alla samráðsfundi námsráðgjafa í Garðabæ.

Skipulagning á aðlögun og móttöku nýrra nemenda í Sjúalandsskóla ásamt eftirfylgni

Námsráðgjafi tók á móti öllum nýjum nemendum sem hófu nám í Sjúalandsskóla og ræddi a.m.k. tvisvar sinnum við þá.

Gerð upplýsingabæklings um námsráðgjöf í Sjúalandsskóla

Námsráðgjafi vann bækling um námsráðgjöf í Sjúalandsskóla og var hann síðan sendur heim með öllum nemendum í töskupósti.

Upplýsingar um námsráðgjöf í Sjúalandsskóla á heimasíðu skólans

Námsráðgjafi sá til þess að upplýsingum um námsráðgjöf í Sjúalandsskóla væri komið á heimasíðu skólans.

Gerð bæklings um námstækni fyrir nemendur í 8. bekk

Námsráðgjafi tók saman bækling um námstækni fyrir nemendur í 8. bekk. Nemendur fengu bæklinginn með sér heim að loknu námstækninámskeiði.

Fyrirlagning og úrvinnsla könnunar um einelti, líðan stríðni og vinnufrið fyrir nemendur í 1.-8. bekk

Námsráðgjafi lagði fyrir, ásamt kennurum, könnun um einelti, líðan, stríðni og vinnufrið fyrir allan skólann og vann úr svörum með aðstoð ritara. Var umsjónarkennurum send skýrsla um hvern hóp fyrir sig.

Könnun á námsaðferðum og námsvenjum fyrir nemendur í 7. og 8. bekk

Námsráðgjafi lagði fyrir könnun á námsaðferðum og námsvenjum fyrir nemendur í 7. og 8. bekk og fór yfir niðurstöður með hverjum nemanda fyrir sig.

Að skipta um skólastig

Námsráðgjafi ræddi einslega við alla nemendur í 7. bekk um það að skipta um skólastig, þ.e. að fara í 8. bekk.

Námsráðgjafi tók að sér að sjá um stærðfræðinámskeið fyrir nemendur í 7. bekk og útbjó einnig stærðfræðihefti fyrir nemendur. Námsráðgjafi sat að auki yfir hluta nemenda í prófinu.

Námsráðgjafi tók að sér að sjá um íslenskunámskeið fyrir nemendur í 7. bekk og útbjó einnig íslenskuhefti fyrir nemendur. Námsráðgjafi sat að auki yfir hluta nemenda í prófinu.

Setið yfir nemendum sem finna til prófkvíða

Námsráðgjafi bauð upp á þá þjónustu að sitja yfir þeim nemendum sem einhverra hluta vegna voru óruggir þegar kom að próftöku.

Hraðlestrarnámskeið fyrir 40 nemendur í 3.-8. bekk

Námsráðgjafi tók þátt í því með sérkennara skólans, að kenna 40 nemendum á hraðlestrarnámskeiði, 4 x í viku í 3 vikur.

Önnur verkefni voru m.a.

Námsráðgjafi sat í þróunarhóp vegna áætlunargerðar og heimavinnu vegna sjálfsmats Sjúalandsskóla.

Námsráðgjafi sat í vinnuhóp um Gæðagreini v/sjálfsmats Sjúalandsskóla.

Námsráðgjafi sat í vinnuhóp um umbótavinnu v/foreldrakönnunar í Sjúalandsskóla haustið 2008.

Námsráðgjafi tók þátt í eins dags skyndihjálparnámskeiði á vegum Rauða Kross Íslands, sem haldið var í Sjúalandsskóla.

ENDURMENNTUN / VIÐHALD FAGÞEKKINGAR

Námsráðgjafi sótti eftirtalin námskeið og/eða fræðslufundi á skólaárinu:

Námskeið á vegum FNS

Heimsókn til námsráðgjafa í Ingunnarskóla

Heimsókn til námsráðgjafa í Kópavogsskóla

Heimsókn til námsráðgjafa í Garðaskóla

Námskeið fyrir náms-og starfsráðgjafa sem starfa í grunn- og framhaldsskólum á vegum Landlæknisembættisins.um efnahagsástandið og sálrænan stuðning

Fyrirlestur í HR um lýðheilsu og kreppu

Kynning á verkefnum nema úr meistaranámi í námsráðgjöf, Endurmenntun Háskóla Íslands

Sigríður Huld Konráðsdóttir, náms-og starfsráðgjafi

SKÝRSLA KENNSLURÁÐGJAFNA Í TÖLVU – OG UPPLÝSINGATÆKNI Í SJÁLANDSSKÓLA VETURINN 2008- 2009

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni í kennslu og umsjón með heimasíðu. Kennsluráðgjafi Sjálandsskóla hefur einnig umsjón með bókasafni skólans og sér um innkaup á öllum námsbókum og bókum fyrir bókasafn. Kennsluráðgjafi hefur því yfirumsjón með upplýsingamiðstöð skólans. Kennsluráðgjafi tók einnig fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, kennarafundum, þróunarverkefnum, umbótavinnu, vettvangsferðum og sérstökum þemadögum.

Kennsluráðgjafi fylgist með þeim sem eru í gangi hjá hverjum hópi og er vakandi fyrir möguleikum tölvu- og upplýsingatækninnar þar inni. Kennsluráðgjafi aðstoðaði nýja kennara að nýta sér fartölvurnar og kynnti þeim tölvukerfi skólans. Kennsluráðgjafi aðstoðar síðan kennara eftir þörfum með minni tæknileg vandamál. Almenn er kennarahópurinn nokkuð sjálfstæður hvað varðar tölvunotkun en með fjölgun starfsmanna og fartölva

verður óhjákvæmilega meiri vinna tengd þessu. Kennsluráðgjafi fylgdist með nýjungum, vefsíðum og námsefni sem nýtist í tölvuveri eða fyrir kennara í tengslum við kennslu þeirra á hverjum tíma.

Samstarf kennsluráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar

Kennsluráðgjafi fundaði reglulega í allan vetur með hinum kennsluráðgjöfunum þremur í grunnskólum Garðabæjar. Einnig voru nokkrir fundir með Völu Dröfn Hauksdóttur deildarstjóra tölvudeildar Garðabæjar. Á þessum fundum voru eftirtalin mál m.a. til umfjöllunar:

- Nýju heimasíður skólanna, ýmis atriði eins og myndamálin, teljaramál, aðgangsstýringar og skrifað undir verklókasamning
- Vélritunarkannanir og próf í 5. -7. bekk.
- Aðgangur okkar og kennara að nemendasvæðum
- Farið yfir og skráðar reglur varðandi internetið, tölvupóst og reglur nemenda varðandi aðgengi að tölvukerfi skólans.
- Öryggisreglur
- Stofnun tölvudeildar
- Rætt um heimasvæði og vinnudrif nemenda og starfsmanna.
- Námskeiðahald, örnámskeið, haldið verður áfram með það næsta vetur og ákveðið að samnýta krafta skólanna.
- Farið yfir nýjan hugbúnað og ýmsa áhugaverða vefi
- Farið yfir Mentor og nýjungar þar s.s. námsáætlanir, leiðsagnarmatið, námsframvindu
- Farið yfir Etwinning samstarfsverkefni og skólarnir skráðir á Etwinning
- Rætt um Office 2007 og að taka upp íslensku á kerfinu.
- Nýtt vefpóstkerfi fyrir alla

Tölvuver

Tölvuver Sjálandsskóla telur 24 tölvur. Skipulag tölvustofunnar er sérstaklega skemmtilegt, það er uppröðun í 4 “eyjar”. Nemendur hafa nægt pláss við hverja tölvu ásamt því að fleiri nemendur geta setið saman við vinnu. Samskipti við tölvuvinnu eru því mjög hentug bæði ef setið er saman við eina tölvu og eins þar sem nemendur geta setið andspænis hvor öðrum. Fjöldi tölva hefur gert okkur mögulegt að vera jafnvel með tvo hópa samtímis þegar ekki eru beinar innlagnir. Skólaselið og Alþjóðaskóli nýtir einnig tölvupall.

4 tölvur voru inn á heimasvæðum nemenda. Tvær á svæði 1.-4. bekkjar, tvær á svæði 5.-7. bekkjar. Í vetur voru 3 heimasvæði þar sem unglingadeildin hóf starfsemi í vetur. Engar tölvur eru á heimasvæði unglunga en unglingarnir voru dugleg að nýta sér tölvupallinn. Þar sem tölvupallur er þétt setinn flesta daga getur reynst erfitt að fá fleiri tími fyrir hópa sérstaklega í kringum þemu. Huga þarf að fleiri tölvum á heimasvæðum og fartölvuvagni sem gæti komið til móts við þemavinnu nemenda. Síðastliðinn vetur voru um 8 nemendur á hverja tölvu (Sjálandsskóli og Alþjóðaskólinn).

Kennsluráðgjafi fylgist með því að tölvur í tölvustofu og jaðartæki í tölvustofu og á heimasvæðum séu í lagi. Hann er í samskiptum við tæknimann varðandi vandamál varðandi tölvur og hugbúnað. Huga þarf að uppsetningum og lagfæringum. Útvega jaðartæki, hugbúnað og annað sem vantar til að halda stofunni í horfinu og koma til móts við þá þætti sem verið er að vinna að með nemendahópnum hverju sinni. Með auknu álagi á tölvustofunni gengur búnaður hraðar úr sér og endurnýjunar er þörf. Tölvurnar eru nú orðnar fjögurra ára og þarfnast endurnýjunar.

Tæknimaður er ekki á staðnum heldur veitir símaþjónustu og kemur þegar á þarf að halda. Hann brást alltaf vel við en það gat tekið langan tíma að fá úrlausn mála. Mun meira þurfti að leita til tæknimanns nú í vetur en í fyrra. Þar kemur til bæði að fleiri nemendur eru á svæðinu, fleiri kennarar með fartölvur og nemendatölvurnar komnar á tíma. Þá hefur mun meiri tími kennsluráðgjafa farið í það í vetur að finna út úr vandamálum er upp koma með tölvur kennara og nemenda. Eftirlit með tölvubúnaði og umgengni við hann tekur einnig drjúgan tíma. Kennsluráðgjafi hefur farið yfir reglur um umgengni í tölvustofu með hópum og er miklvægt að gera það reglulega.

Staðsetning tjalds fyrir skjávarpa er ekki heppileg þar sem birta er mjög mikil frá stórum glugga og endurkasti frá sjónum. Nýting skjávarpans með þessum hætti nýtist því ekki sem skyldi.

Skólinn á nú 28 tölvur ætlaðar nemendum. Miðað við að næsta vetur verði um 240 nemendur í skólanum og 40 í Alþjóðaskólanum þá eru um 10 nemendur á hverja tölvu sem er langt yfir því meðaltali sem aðrir skólar í Garðabæ búa við. Það er því orðið brýnt að fjölga tölvum í skólanum bæði á heimasvæðum og/eða með fartölvuvagni.

Myndasöfn


Í skólanum hefur verið lögð mikil áhersla að taka myndir af starfinu. Myndirnar eru verðmætar heimildir um það starf sem börnin hafa tekið þátt í. Kennsluráðgjafi sá markvisst um að taka myndir af starfinu á hverjum tíma. Kennarar voru einnig mjög duglegir í því sambandi og hefur hver árgangur eða teymi myndavél til umráða. Mjög mikilvægt er að hafa gott skipulag á myndasafninu og skoða þyrfti etv. einhver forrit sem aðstoða við það. Kennsluráðgjafi hafði umsjón með myndavélunum.

Heimasíða

Kennsluráðgjafi sér um að halda úti heimasíðu skólans <http://www.sjalandsskoli.is> Ný heimasíða grunnskólanna fjögurra í Garðabæ ásamt heimasíðu Garðabæjar var opnuð fyrir ári síðan. Vefsíðan er unnin í vefumsjónarkerfinu Lisu . Áhersla er lögð á að koma sem flestu efni útá heimasíðuna. Við höfum verið dugleg að setja fréttir og myndir sem eru lýsandi fyrir skólastarfið reglulega útá heimasíðuna. Við höfum einnig sett út sýnishorn af vinnu nemenda bæði í myndum og stafrænu formi. Mikið af tónlistarefni sem tónmenntakennari vann með nemendum er að finna þar og hreyfimyndir og myndasýningar sem kennsluráðgjafi vann með nemendum.


Frá því í desember 2008 hefur verið teljari á síðunni sem skoðar umferð um hana. Þar kemur fram að í hverjum mánuði koma um 1000 og uppí 1521 mismunandi notandi inn á síðuna. Daglega koma um 100-150 notendur inná síðuna. Þeir skoða um 12 – 18 þúsund blaðsíður á mánuði.

Fjöldi mismunandi notenda á mánuði:



Notendur á mánuði eru oftast í kringum 3600 en fóru uppí 5446 notendur í mars.

Fjöldi notenda á mánuði:



Vinsælustu síðurnar eru fréttakerfið, myndasafnið, upplýsingar um skólann og starfsmenn og atburðadagatalið.

Bókasafn

Kennsluráðgjafi hafði hönd í bagga með umsjón og faglega aðstoð á bókasafni. Kennsluráðgjafi sá um öll innkaup á bókasafnið í samráði við starfsmann á safni. Kennsluráðgjafi sá einnig um öll innkaup á námsbókum frá Námsgagnastofnun og öðrum aðilum og kom kynningarefni til réttra aðila.

Bókavörður er í hlutastarfi á bókasafninu. Hún sér um allan daglegan rekstur og aðstoðar nemendur og kennara þegar á þarf að halda. Hún sér einnig um að tengja nýjar bækur og plasta. Bókasafnið hefur verið opið frá 8:30-14. Nemendur hafa lært á útlánakerfi skólasafnsins og sjá nemendur

sjálfir um útlán og skil. Mikil brögð hafa verið að því að nemendur skila ekki bókum og var gengið harðar eftir því í vor en áður og bar það all góðan árangur. Þó eru alltof margar bækur útistandandi. Margir hafa borið því við að aðrir hafi skráð á þá bækur og telja sig ekki hafa tekið þær bækur sem skráðar eru á þá.

Eintakafjöldi safnsins er nú 8.047 og fjölgaði um 1.042 eintök í vetur en í fyrra fjölgaði þeim um 1.752 eintök. Bókaúrvalið er svolítið takmarkað sem von er á svona ungu safni, en vonandi verður hægt að bæta við á næsta vetri þrátt fyrir kreppuna. Skráð útlán í vetur eru 2.913 og var þó talsverður hluti af námsbókunum ekki skráður. Í fyrra voru skráð útlán 2.450. Margir nemendur og kennarar færðu skólanum bækur að gjöf og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir það.

Nemendur sækja talsvert á safnið og eiga þar oft notalegar stundir og sýna margir mikinn áhuga á bókum og fylgjast með útkomu nýrra bóka. Talsverður hópur sækir þó mest í Andrés Önd og Syrpu og Heimsmetabækurnar. Norrænu barnabóka- verðlaunin og heimsóknir sem þeim fylgja lífga upp á aðsóknina að safninu og auka áhuga barnanna. Kennarar voru einnig duglegir að nýta sér bókakost safnsins í tengslum við vinnu í þemum.

Gerð var tilraun með að hafa lestrarstundir í hádeginu í vetur en það náði engum vinsældum, það mætti athuga að finna rólegri stað heldur en undir stiganum þar sem alltaf er einhver umferð. En bókasafnið var mikið notað af sömu einstaklingunum í hádegishléi.

Kennsluráðgjafi sá um niðurhal og framleiðslu á hljóðbókum fyrir nemendur sem á þurfti að halda. Nú eru flest allar hljóðbækur frá Námsgagnastofnun fánlegar af netinu

Kennslufyrirkomulag

Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ voru hafðar til hliðsjónar við kennsluna en markmið þemu stýrðu einnig mikið vinnunni í tölvu- og upplýsingatækninni.

Kennslan í tölvustofu og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni þar miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvurnar í

tengslum við annað nám þeirra. Þá var rík áhersla lögð á að nemendur væru að vinna með opin forrit sem gerðu þeim kleift að fara ólíkar leiðir, unnið væri með efni sem tengdist þeirra eigin raunveruleika eða nýttist beint við úrvinnslu þeirra eigin gagna. Ég reyndi að vera vakandi fyrir því hvað umsjónarkennarar voru að vinna að í ýmsum greinum/þemum og finna tengsl við tölvu- og upplýsingatæknina þar sem við átti. Samvinna var við umsjónarkennara um afmörkuð verkefni. Öll vinnan miðaðist að sjálfsögðu við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni. Þjálfunarforrit voru nýtt þar sem við átti.

Allir hópar skólans áttu fasta tíma á tölvupalli. 1.-2. bekkur kom í tvískiptum hópum ásamt umsjónarkennara í klst. í senn. 3.-4. bekkur var með hringekju 40 mínútur í senn fyrir hvern hóp og sáu umsjónarkennarar um kennsluna. Nemendur í 5.- 6. bekk komu 1 klst. á viku fram að jólum með kennsluráðgjafa og/eða umsjónarkennara en eftir jól fengu þau 12 klst í lotum hver hópur með tölvukennara. 7. bekkur kom vikulega stærstan hluta vetrar í tölvustofu í kennslustund hjá kennsluráðgjafa eða til umsjónarkennara í eina klukkustund í senn. 8. bekkur átti 3 klst. fastar á viku á tölvupalli sem þau nýttu mikið við upplýsingaleit og úrvinnslu í tengslum við þemu.

Kennarar sendu einnig hópa á tölvupall sem fengu aðstoð eftir þörfum í tenglum við ýmis verkefni. Alþjóðaskólinn nýtti tölvurnar einnig mjög mikið í sinni kennslu. Nýting á tölvupalli var mikil og var hann þétt setinn flesta daga.

1. – 2. bekkur

Umsjónarkennarar 1. – 2. bekkjar sáu um tölvukennsluna. Þau komu að jafnaði eina klukkustund í viku. Kennsluráðgjafi aðstoðaði við undirbúning í byrjun. Nemendur lærðu að nýta sér teikniforritið Kidpix, talsettu myndir og bjuggu til sameiginlega sýningu. Þau unnu í sögugerð í forritinu 2 Create a story og eru sýnishorn af afrakstri þeirra á heimasíðunni. Nemendur nýttu ýmis kennsluforrit í lestri og stærðfræði þar sem við átti. Í þemanu um Kardimommubæinn lærðu þau að nota teikniforritið Paint og teiknuðu myndir. Þau lærðu að nota ritvinnsluforritið Word þegar þau skráðu uppskriftir sínar. Lestrarhópur notaði forritið Clicker 5 við lestur og ritun.

3. - 4. bekkur

Umsjónarkennarar 3.-4. bekkjar sáu um tölvukennsluna. Nemendur komu að jafnaði 40 mín í hringekju vikulega. Þau voru dugleg að nýta sér tölvurnar í tengslum við þemaverkefnið. Fyrsta þemaverkefnið var umhverfið mitt og lærðu þau að fara inn á netið á heimasíðu Garðabæjar, Stjórnunnar og skólans til að leita sér upplýsinga. Þau leituð upplýsinga um hvað er í matinn í hádeginu, hvenær eru æfingar í fótboltanum. Í draugþemanu var Kidpix notað í myndvinnslu og sögugerð í tengslum við íslensku. Í þemanu um sögu mannkyns nýttu nemendur Google Earth, Photostory og Netið. Þau lærðu að leita að ákveðnum upplýsingum, velja úr myndir sem nýttar voru í frásögn í verkefninu, röðuðu myndunum í Photostory og talsettu. Sýnishorn á heimasíðu undir verk nemenda. Í þessu þema var kennsluráðgjafi með umsjónarkennara í kennslu í tölvustofunni. Tölvufærni jókst í gegnum öll þessi verkefni. Leggja þarf meiri áherslu á fingrasetningu í Ritfinn og ritvinnslu hjá þessum hópi næsta vetur.

5. - 6. bekkur

Nemendur í 5. – 6. bekk komu fast eina klukkustund í viku fram að jólum. Þá var unnið með Google-Earth og Google-Star í tengslum við þemað um himingeiminn. Þá var unnið með grunnatriði varðandi notendanöfn, leyniorð, leit að upplýsingum, geymslu gagna og framsetningu. Nemendur voru við upplýsingaöflun í myndmennt og settu efnið fram í Powerpoint. Eftir jól komu nemendur 2 klst. í viku í 3 vikur tvisvar sinnum, samtals 12 klst. Þá unnu þau sjálfstætt á eigin hraða eftir leiðbeiningum og lærðu að nýta sér Word og Excel. Einnig nýttu þau markvisst Ritfinn fyrir þjálfun í vélritun og urðu miklar framfarir. Þau nýttu markvisst nokkra vefi í íslensku. Hóparnir voru mjög stórir eða um og yfir 20 nemendur og hafði það áhrif á kennsluna.

7. bekkur

Nemendur voru fast eina klukkustund á viku hálfan veturinn auk fleiri tíma í stærri verkefnum. Nemendur nýttu sér Moviemaker í tengslum við auglýsingagerð og íslensku. Í þemanu um líkamann var sett fram kynning í Powerpoint auk þess sem nemendur notuðu Freemind hugarkort við glósugerð við lestur námsbókarinnar. Í Evrópuþemanu unnu nemendur ferðabækling í Publisher. Þjálfun í vélritun var reglulega og fór nemendum mikið fram.

8. bekkur

Nemendur voru duglegir að nýta sér tölvustofuna og áttu þrjár klukkustundir fastar í töflu á viku. Vinna nemenda snerist fyrst og fremst um upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetningu í tengslum við þemun. Þá unnu þau heimasíðu í tengslum við þemað um 1918. Nemendur voru duglegir að þjálf sig í fingrasetningu og vélritun og voru miklar framfarir. Ikeaverkefnið var viðamikið þar sem nemendur hönnuðu og skipulögðu tómsundaráýmið sitt með húsgögnum frá Ikea. Í tengslum við þetta verkefni voru notuð forritið Sims Ikea og ýms framsetningarforrit.



Námsmat

Nemendur unnu sjálfsmat eftir ákveðnar lotur/þemu. Þar var bæði verið að meta færnimarkmið og vinnusemi. Nemendur frá 6. – 8. bekk tóku hraðapróf í vélritun tvisvar til þrisvar sinnum. Miklar framfarir urðu í leikni nemenda í vélritun.

Þá höfum við verið að skoða nýju eininguna „Námsframvinda“ í Mentor til að sjá hvernig falli að skólastarfinu hjá okkur. Næsta vetur munum við prófa að nýta okkur hana með ákveðnum hópum.

Vélritun

Nemendur í öllum árgögnum fengu kennslu og þjálfun í vélritun reglulega þó í mismiklum mæli. Kennsluráðgjafar ákváðu að leggja fyrir hraðapróf í vélritun hjá nemendum á eldri stigum. Lögð voru fyrir próf að hausti og vori og voru framfarir mjög miklar.



Samstarf við foreldrafélagið

Foreldrafélagið fékk aðgang að vefpóstinum okkar og gátu þannig sent fjölpóst í þeirra nafni á því formi sem þau höfðu áhuga á í stað þess að fara í gegnum Mentor. Kennsluráðgjafi tók við fundargerðum og skýrslum frá þeim og kom á heimasíðuna.

Kannanir (Survey Console)

Í vetur voru sjálfsmatskannanir skólans unnar í Survey Console kannanakerfinu sem skólinn hefur nú aðgang að. Um var að ræða foreldrakönnun, starfsmannakönnun, könnun til foreldra vegna vetrarfrís, könnun til kennara varðandi samkomulag. Kennsluráðgjafi sá um að setja efnið inn í kerfið og senda á markhópinn, fylgja því eftir og taka saman gögnin þegar þau höfðu borist. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sáu síðan um úrvinnslu og kynningu.

Kennaranemar

Sjálandsskóli er móðurskóli í vettvangsnámi. Í vetur tók kennsluráðgjafi á móti 4 kennaranemum. Tveir nemar á lokaári komu á haustmisseri í 5 vikur og gengu inn í skipulag og kennslu í flestum árgöngum. Á vormisseri komu tveir kennaranemar á fyrsta ári í vikutíma þar sem þeir kynntu sér skólann og starfsemina og tóku þátt í kennslu í tölvu- og upplýsingatækni.

Örnámskeið

Kennsluráðgjafi hélt örnámskeið fyrir starfsmenn skólans í Clicker5, Office 2007 og nýtingu tölva með sérkennslunemendum. Þá leiðbeindi hann einstaklingslega þegar á þurfti að halda. Mikill áhugi er á því næsta vetur að hlúa enn betur að nemendum með dyslexiu og aðra lestrarörðugleika. Hugmyndin er að bjóða hópi nemenda aðgang að fartölvu og forritið Easytutor sem getur hjálpað mikið á þessum vettvangi. Verið er að skoða fjármögnum á slíku verkefni. Einnig er áhugi fyrir því að taka þátt í samvinnuverkefnum við nemendur og kennara í skólum í Evrópu. Kennsluráðgjafar grunnskólanna í Garðabæ munu koma á samvinnu um örnámskeiðahalda næsta vetur.

Kennsluráðgjafi sótti námskeið og ýmsar kynningar á skólaárinu. Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ voru með fyrirlestur á Menntavísindasviði HÍ í grunnnámi kennara um uppbyggingu tölvu- og upplýsingatækni í grunnskólum Garðabæjar.

Það hefur verið mjög áhugavert að halda áfram að þróa starf kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni við Sjálandsskóla í vetur. Margt hefur komist til framkvæmda og mörg spennandi verkefni eru framundan. Kennsluáætlanir eru og verða stöðugt í þróun og endurskoðun með hliðsjón af starfinu á hverjum tíma. Nokkuð þarf að sníða þær til m.t.t. minna aðgengis að tölvutímum vegna breytingar á skipulagi. Þá á eftir að reyna nokkuð á nemendum og kennara í byrjun skólaárs að aðlagast nýju vinnuumhverfi í Office 2007 á íslensku.

Það er ánægjulegt að sjá að heimasíðan hefur fest sig í sessi og umferð um hana er stöðug. Við munum halda áfram að bæta hana með það að leiðarljósi að upplýsa sem mest og best um það starf sem fram fer í skólanum og sérstöðu hans meðal skóla í Garðabæ.

Kennsluráðgjafi hefur ekki verið með fasta kennslu í vetur. Hann sinnti þó nokkurri kennslu fyrir áramót í 5.-7. bekk. Kennsluráðgjafi var ávallt reiðubúinn að koma að kennslu í samstarfi við umsjónarkennara þegar það hentaði og voru kennarar sem nýttu sér það. Með því móti lærðu kennarar oft ný vinnubrögð og á ný forrit og nemendur fengu markvissari kennslu.

Skólinn á nú 28 tölvur ætlaðar nemendum. Miðað við að næsta vetur verði 240 nemendur í skólanum og 40 í Alþjóðaskólanum þá eru um 10 nemendur á hverja tölvu sem er langt yfir því meðaltali sem aðrir skólar í Garðabæ búa við. Það er því orðið brýnt að fjölga tölvum í skólanum bæði á heimasvæðum og/eða með fartölvuvagni.

Kristín Steinarsdóttir júní 2009

TÓMSTUNDAHEIMILI

Starfsmannamál

Í Sælukoti í vetur störfuðu 6 ráðnir starfsmenn og voru þeir allir í hlutastarfi nema umsjónarmaður. Stöðugildin í Sælukoti eru 2-4, mismunandi eftir dögum og fer eftir nemendafjölda hvern dag. Einnig voru í byrjun skólaárs nokkrir nemendur úr 7. og 8. bekk fengnir til starfa þegar vantaði enn fastráðna starfsmenn. Að auki var hægt að kalla á Soffíu af skrifstofunni

Þegar vantaði í vetur og núna í skólalok. Forfallastarfsmenn voru einnig kallaðir inn nokkrum sinnum þegar starfsmenn voru veikir eða horfnir til annara starfa.

Í byrjun skólaárs gekk illa að manna Sælukot og er það væntanlega vegna þess að fáir hafa tök á því að ráða sig í hlutastarf eftir hádegi og auk þess er starfið ekki sérstaklega vel borgað!

Fastráðnir starfsmenn í vetur voru eftirfarandi:

Jóhanna Jóhannesdóttir frá september fram að páskum

Andri Freyr Björnsson frá september fram í maílok

Fjóla Björnsdóttir frá september fram í maílok

Bjarney Gísladóttir frá okt. til skólaloka

Björg Júlíana Árnadóttir eftir áramót til skólaloka

Magnús Lundberg kom eftir páska og var fram að skólalokum

Hlutverk þeirra var almenn gæsla úti og inni og umsjón með ýmsum verkefnum t.d. hafa til nesti í kaffitíma, lesa upp nemendur, og aðstoð á völdum svæðum í daglegu starfi.

Þegar allir þessir starfsmenn voru við störf var Sælukot vel mannað alla daga og miðað við 12 nemendur á starfsmann vorum við vel mönnuð meirihlutann í vetur.

Starfsvið umsjónarmanns er að hafa umsjón með öllum þáttum Sælukots, allt frá því að sjá um skráningu nemenda inn og útúr Sælukoti, öll samskipti við Garðabæ útaf greiðslum og öðru slíku, samskipti við foreldra og yfirmenn Sjálandsskóla. Hann sér um agamál, innkaup, tímamál starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samvinnu við aðra starfsmenn Sælukots.

Starf leiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því skóla lýkur og þar til þeir fara heim. Álagstími er fyrst eftir að skóla lýkur þegar nemendafjöldinn er sem mestur. Eftir að nemendur hafa safnast saman og komuskráningu er lokið fara nemendur að borða. Að því loknu velja nemendur sér svæði eða verkefni og dreifast starfsmenn á þau svæði til eftirlits og aðstoðar. Eftir því sem nemendum fækkar minnkar starfsmannabörfin. Einn starfsmaður ber ábyrgð á að loka

tómstundaheimilinu. Það felur í sér að tryggja að allir nemendur séu örugglega farnir heim, frágangur á svæðum sé í lagi, ljós sé slökkt og nemendainngangur sé læstur. Starfsmannafjöldi má, af öryggisástæðum, ekki vera færri en tveir starfsmenn á hverjum tíma.

Tillögur að úrbótum.

Starfsmannahald verður að vera klárt þegar Sælukot hefst á haustin, í vetur vorum við að ráða starfsmenn eftir að Sælukot hófst og náðum því ekki að marka neina ákveðna stefnu hvað við ætluðum að gera í vetur. Náðum ekki að halda starfsmannafund í byrjun og koma með tillögur og hugmyndir um sérverkefni fyrir veturinn. Umsjónarmaðurinn var einnig nýr í starfi og þurfti einnig sinn tíma að koma sér inn í starfið. Eins og áður sagði þá reiknast 12 börn á einn starfsmann í Sælukoti og þegar einn starfsmaður fer í að sjá um matinn þá að sjálfsgöðu eykst álagið á hina starfsmennina, sérstaklega ef einn starfsmaður er úti með hóp af krökkum, best væri ef það væri sér starfsmaður sem sæi um þetta en hvort það sé mögulegt er síðan annað mál. Einnig væri þá hægt að nýta þann starfsmann til dæmis einu sinni í viku að vera með heimilisfræðslu, baka, elda jafnvel létta máltíð með krökkunum handa hinum krökkunum.

Sælukot í vetur

Rúmlega 50 krakkar komu í Sælukot í vetur, hámarksfjöldinn var 56 nemendur í sama mánuði og tæplega 50 krakkar sama daginn. Aldursdreifingin er frá 1.-4. bekk, langflestir úr 1.og 2. bekk.

Ekki var um sérstaka hópamyndun eftir aldri eins og árið áður, einfaldlega vegna skorts á starfsfólki í byrjun skólaárs. Krakkarnir hópa sig saman eftir aldri en þegar leið á veturinn blandast þetta saman og engin teljandi vandamál útaf aldri.

Starfstíminn er frá því að skóla lýkur og lokar Sælukot 17.15 alla daga. Eitthvað var um að foreldrar voru sein að sækja börnin sín og kom fyrir að starfsfólk þurfti að bíða með barni til að verða 18.00 einhverja daga en þeir voru sem betur fer mjög fáir. Eftir klukkan 16.30 fer börnunum að fækka umtalsvert og því er hægt að fækka starfsfólki eftir þann tíma. Á þeim dögum sem ekki er skóli en Sælukot er opið, s.s. jólafrí, páskafrí, skipulagsdaga og vetrarfrí var ekki mikill ásókn í Sælukot. Ekkert barn var skráð í jólafríinu og 1-3 börn í vetrarfríinu í einn dag.

Viðfangsefni vetrarins.



Á hverjum degi eru ákveðin svæði í boði fyrir krakkana sem þau velja sér sjálf og er þeim síðan frjálst að skipta um svæði yfir daginn. Mælst er til að krakkarnir haldi sig á sama svæði fyrsta klukkutímamann en síðan er mikið um að krakkar skipti um svæði. Krökkunum líkar þetta ákaflega vel, kerfið er einfalt, þau hafa sér nafnspjald með mynd af sér og nafni sem þau líma á ákveðin svæðisspjöld og því er auðvelt að finna hvern og einn. Eini gallinn við þetta er að krakkarnir gleyma stundum að færa nafnspjaldið sitt og þá getur tekið tíma að finna barnið þegar það er sótt eða á að fara heim. Áhersla var lögð á þetta frelsi þeirra í vetur þar sem þau koma úr miklu skipulögðu starfi úr skólanum og vilja fá að ráða sér sjálf í Sælukoti.

Námskeið

Nokkur námskeið voru í boði í vetur bæði á vegum Sælukots, Alþjóðaskólanum og einkaaðila sem heimsækja okkur og eru með námskeið í skólanum. Dansskóli Ragnars var með dansnámskeið bæði fyrir og eftir áramót og voru þau mjög vel heppnuð með foreldrasýningu í lok beggja námskeiða.



Tækni-Lego námskeið var haldið, skáknámskeið, músíknámskeið, enskunámskeið og spænskunámskeið hjá Alþjóðaskólanum. Einnig með tilkomu Bjarneyjar var hekl og saumar gríðarlega vinsælt í Sælukoti og var gríðarlega gott krydd í starfið að leyfa krökkunum að kynnst hannyrðum í Sælukoti. Einnig var Björg með flugelda föndur í byrjun janúar og söfnuðu krakkarnir ónýtum flugeldum og bjuggu til spjöld með flugeldum.



Íþróttasalurinn var einnig mjög vinsæll og væri hægt að búa til íþróttanámskeið í Sælukoti næsta haust með tilkomu nýja íþróttahússins, einnig væri hægt að hafa sundnámskeið ef kennari fæst til þess. Búningarnir eru líka vinsælir en það væri frábært ef við gætum fengið einhvern til að leiðbeina krökkunum og búa til einhverja léttu leikþætti í tengslum við búningana næsta haust.

Húsnæðið

Sjúalandsskóli er húsnæðið okkar, við erum með höfuðstöðvar á efri hæðinni við hliðin á Alþjóðaskólanum, einnig nýtum við öll skúmaskot og íþróttasalinn til að hafa svæðin á hverju sinni. Auk þess er útisvæðið nokkuð vinsælt þegar vel viðrar og kíktum við í fjöruna nokkrum sinnum og fórum einnig út á ylströnd í haust og núna í vor í göngutúra. Sælukot á skúffuskáp á hjólum þarsem meirihlutinn af efninu okkar er til húsa! Einnig höfum við geymslu þarsem hann er geymdur ásamt kubbum, föndurdóti og búningakössunum. Í sjálfu sér er þetta fínt svæði sem við höfum til umráða en næsta haust fáum við okkar eigin aðstöðu og verður spennandi að sjá hvernig hún nýtist okkur. Einnig fáum við aðgang að íþróttasalnum og verður þá hægt að hafa fleiri krakka í einu á íþróttasvæði en það er langvinsælasta svæðið í Sælukoti.

Eftirlit

Þar sem starfsemin í Sælukoti dreifist á mörg svæði á degi hverjum eru ekki starfsmenn á hverju svæði allan daginn, þetta hefur gengið ágætlega í vetur og er þetta hluti af því frelsi sem krakkarnir eru svo ánægðir með. Að sjálfsögðu er mesti hasarinn á íþróttasvæðinu og útisvæðinu og reynum við því að hafa sérstakar gætur á þessum svæðum yfir daginn. Fótboltastrákarnir hafa fengið sérstakt leyfi til að vera stundum einir úti en við kíkjum þá á þá með reglulegu millibili og hefur umsjónarmaðurinn einnig haft samband við foreldra þeirra útaf þessu. Best væri ef við gætum haft starfsmenn á hverju svæði en það er ekki svo og þess vegna ganga starfsmenn á milli svæða á daginn og fylgjast þannig með. Að sjálfsögðu er lögð áhersla á að fara út með krökkunum en þá höfum við haft þá reglu að ákveðinn fjöldi verður að vera úti til að starfsmaður geti farið út með þeim. Tölvurnar eru í boði einu sinni í viku og hefur það mælst mjög vel fyrir hjá foreldrum og er þá yfirleitt umsjónarmaður með umsjón yfir tölvupallinum þann daginn. Krakkarnir hafa hlýtt þeim fyrirmælum sem fylgja tölvunotkun í skólanum og gildir það líka í Sælukoti. Mikilvægt er að kynna reglurnar fyrir krökkunum og sýna þeim hvernig tölvurnar virka. Mörg skemmtileg forrit eru í tölvunum og einnig er leikjaland og leikjanet mjög vinsælt hjá krökkunum.

Misjafnt er hvort krakkarnir séu sóttir eða fara heim sjálfir, oftast er það umsjónarmaðurinn sem hefur yfirumsjón með þessu á degi hverjum, athuga þarf hvort allir séu ekki mættir og ef einhver sem er skráður skilar sér ekki þá þarf að finna hann og/eða skýringuna á því hvar hann sé!

Umsjónarmaður sér um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrirfram fyrir 20.hvers mánaðar. Þetta fyrirkomulag þarf að kynna nánar og betur fyrir foreldrum því of oft hringja foreldrar eftir þennan tíma og breyta tímafjölda eftir að greiðslusedilinn hefur borist þeim. Við höfum verið mjög sveigjanleg og ber að geta þess að Alma hjá Garðabæ á heiður skilið fyrir frábært viðmót gagnvart öllum eftirá breytingum í Sælukoti.

Einnig þarf að kynna systkinaafslátt Garðabæjar enn betur fyrir foreldrum í Sælukoti, ef yngri systkini eru á leikskóla eiga þau rétt á afslætti í Sælukoti.

Agamál

Ef upp koma agavandamál í Sælukoti hefur umsjónarmaður umsjón með eftirfylgni slíkra mála og hefur þá samband við foreldrar viðkomandi eða þá við kennara eða stjórnendur Sjúalandsskóla eftir alvarleika málsins. Sælukot hefur ekki verið með sérstakt agakerfi í vetur, hins vegar geta krakkarnir lent í því að vera útilokuð frá svæðum eða látin sitja lengur í matartímum vegna endurtekina hegðunarvandamála. Þessi mál hafa verið sárafá í vetur fyrir utan eitt mál sem kom upp í vetur. Var það virkilega snúið mál því málavextir voru mjög óskýrir og frásagnir mjög misjafnar. Leystist það mál hjá skólastjórnendum. Annars hafa agamál ekki verið til vandræða í vetur, krakkarnir hafa verið ljúf sem lömb og gríðarlega tillitsöm og góð við hvort annað og starfsmenn.

Eitt atriði sem þarf að brýna betur fyrir er þegar þeir sem eru komnir í 3. og 4. Bekk og eru skráð í Sælukoti en hafa hálfgerð leyfi til að fara sjálf heim eða mæta í Sælukot þegar þeim hentar, nokkrir einstaklingar virðast vera á slíkum samningi við foreldra sína og þarf að taka betur á þessum málum næsta haust.

Heimasíða Sælukots væri jafnvel góð aðferð til að kynna þetta betur fyrir foreldrum og jafnvel hægt að búa til einhvers konar rafrænina skráningu inná hana á degi hverjum svo foreldrar geti fylgst betur með og komið skilaboðum á framfæri til umsjónarmanns um viðkomandi barn.

Samstarf og samskipti

Sælukot er í að sjálfsögðu í miklum samstarfi og samskiptum við Sjúalandsskóla og við foreldra. Umsjónarmaður hefur góðan og greiðan aðgang að kennurum og stjórnendum Sjúalandsskóla og auðvelt að bera saman bækur sínar við þá um einstaka mál og einstaklinga. Upplýsingaflæði og samskipti

voru góð í vetur en alltaf má gera betur og gæti verið ágætt að setjast niður í haust og ákveða einhverjar ákveðnar reglur um samstarf meðal umsjónarkennar og umsjónarmanns Sælukots. Oft koma foreldrar einhverju á framfæri í foreldraviðtölum í sambandi við Sælukot og umsjónarmaður gæti þá komið inn í það eða fengið að koma sínum skoðunum á framfæri í þeim viðtölum.

Foreldrar

Samskipti við foreldra í Sælukoti er gríðarlega stór partur af starfi umsjónarmanns, símhringingar, tölvupóstur og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur partur af starfinu hjá umsjónarmanni. Ekki er ákveðinn fundardagur í Sælukoti með foreldrum en spurning hvort slíkt ætti að taka upp svo að foreldrar gætu komið sínum skoðunum á framfæri. Símhringingar eru fjölmargar á hverjum degi og tekur gríðarlega mikinn tíma frá umsjónarmanni og einnig að svara tölvupósti. Nánast ógerlegt er fyrir umsjónarmann að hafa umsjón með hópi á svæði ef þetta breytist ekki á næsta skólaári. Þetta þarf að setjast yfir og búa helst til ákveðnar reglur í sambandið við þetta og hef ég skrifað nokkra tillögur um hvernig hugsanlega hægt er að gera þetta á næsta ári.

Ef barn í Sælukoti ætlar að fá að fara heim með öðrum úr Sælukoti á að láta vita af því daginn fyrir eða áður en Sælukot hefst. Ekki verður gefið leyfi til að hringja heim samdægurs og spyrja leyfis þannig.

Krakkar fá ekki að hringja í foreldra nema að um neyðartilvik eða sér tilfelli sé að ræða.

Foreldrum er ekki leyft að hringja í Sælukot og láta senda krakkana út til að sækja. Foreldrar eiga að koma inn og sækja börnin sjálf – ALLTAF.

Barnið má ekki vera með síma sjálft í Sælukoti.

Tölvupóstar eiga að berast fyrir klukkan 14.00 til umsjónarmanns með hugsanlegum breytingum á hætti barnsins þann sama dag.

Fréttabréf sent heim til foreldra um dagskrá Sælukots allavega 2svar á hvorri önn. Ábyrgð Umsjónarmanns.

Betri upplýsingamiðlun á heimsíðu Sælukots. Ábyrgð Umsjónarmanns.

Tilkynningar um breytta dagvistun skal berast til umsjónarmanns fyrir 20.hvers mánaðar, annars er hætt á að breytingar gangi ekki í gegn.

Önnur tómstundaheimili og fleiri möguleikar

Nánast ekkert samstarf er á milli tómstundaheimilina í Garðabæ og eru þau 3. Gaman væri að ef hægt væri að koma á einhverju sambandi þarna á milli þó ekki væri nema til að skiptast á hugmyndum og skoða starfið hjá hinum með opnum huga. Hægt væri að kíkja í heimsóknir með litla hópa eða hittast t.d. á Stjörnuvelli og vera með eitthvað sprell og gaman þar. Einnig er hægt að athuga með nærliggjandi sveitarfélög og skóla þar, t.d. Álftanes eða Hafnarfjörð.

Samstarf við eldri borgara er líka inni í myndinni, til dæmis heppnaðist gríðarlega vel sýning hjá yngstu bekkjum Sjálandsskóla á leikriti fyrir eldri borgara í Jónshúsi í vetur. Sælukot gæti farið í heimsókn til þeirra eða þau jafnvel kíkt í kaffi til okkar sem við gætum þá undirbúið.

Samstarf við Stjórnuna gæti líkað verið hentugt, íþróttaskóli eða heimsóknir þjálfara frá deildum innan Stjórnunnar í Sælukot, kynna vetrarstarfið fyrir þeim og hugsanlegt samstarf um fylgd úr skóla á æfingar og öfugt.

Lokaorð

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel þrátt fyrir nokkra byrjunarörðugleika. Við höfum haldið okkur á okkar heimavelli mest allan vetur, og gengið vel. Krakkarnir eru mjög hrifnir af frelsinu sem þau hafa til að leika sér við vini sína og við það sem þeim finnst skemmtilegast. Samskipti við skólann og foreldra hefur gengið vel og hafa fjölmargir foreldrar lýst yfir gríðarlegri ánægju með Sælukot og komið með gagnlega og uppbyggjandi gagnrýni, sérstaklega hefur matmálstíminn verið umræðuefni og höfum við, að mínu mati, tekið skref í rétta átt í þeim málum. Hins vegar er fjölbreytni í matarmálum gríðarlega mikilvægt atriðið fyrir næsta haust og vonandi verður eitthvað hægt að gera í þeim málum. Einnig er mikilvægt að starfsmannamál verði nokkuð vegin klár þegar Sælukot hefst, þá verður hægt að fræða og funda og undirbúa næsta haust eins og best verður á kosið.

Það er alltaf hægt að gera betur en síðast og er það að sjálfsögðu það sem við höfum að leiðarljósi næsta haust, að gera enn betur en síðast þannig að krökkunum líði sem allra best í Sælukoti.


Umsjónarmaður Sælukots

David Örvar Ólafsson

FYLGISKJÖL

Fylgiskjal 1 – Skipurit Sjálandsskóla

Skipurit Sjálandsskóla skólaárið 2008 - 2009



Fylgiskjal 2 – Skóladagatal 2008-2009

Skólaárið
2008 – 2009

Skóladagatal

Sjálandsskóli
jan. 2003

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M
2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M
4 Miðdagur vesluarmánaða	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F
5 Þ	5 F	5 S	5 M (Gagnot gíman)	5 F	5 Þ	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 M	6 L	6 M	6 F (Gagnot gíman)	6 L	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L
7 F	7 S	7 Þ	7 F (Gagnot gíman)	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M
9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 S	10 S	10 Þ
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 Þ	12 Þ	12 F
13 M	13 L	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 Þ	16 Þ	16 F	16 M	16 F	16 F	16 M	16 M	16 Þ	16 L	16 Þ
17 M	17 F	17 M	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ	17 S	17 S	17 M
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F
19 Þ	19 S	19 M	19 S	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 M	20 M	20 F	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 F	22 M	22 L	22 M	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M
23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 L	23 F	23 Þ
24 S	24 M	24 Þ	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F
26 Þ	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 Þ	26 F	26 F
27 M	27 L	27 M	27 F	27 F	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 L	27 L
28 F	28 Þ	28 F	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S
29 F	29 M	29 L	29 M	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M
30 Þ	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ
31 S	31 F	31 F	31 M	31 M	31 L	31 M	31 Þ	31 S	31 S	31 Þ

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launaféðrar sveitarfélaga skulu skólacagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru firm (rauðir). Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8 (bláir dagar á skóladagatali). Skólanefnd skal staðfesta áætlun um starfstíma skóla

Fylgiskjal 3

Könnun á viðhorfum forráðamanna og starfsmanna til vetrarfrís skólaárið 2009-2010

Komið þið sæl.

Við viljum kanna hug ykkar til vetrarleyfis í Sjálandsskóla. Vinsamlegast svarið spurningunni fyrir laugardaginn 24. janúar.

Á næsta skólaári er gert ráð fyrir viku vetrarleyfi í grunnskólum Garðabæjar. Það er tillaga skólastjórnenda í grunnskólum Garðabæjar að leyfið verði 15.-19. febrúar en í þeirri viku eru bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Þessi vika er miðja vega á milli jólaleyfis og páskaleyfis auk þess er algengast að grunnskólar í nágrennasveitarfélögum taki vetrarleyfi í þessari viku. Annar möguleiki er að leyfið verði viku síðar (22.-26.febrúar) eða þá að ekki sé tekið vetrarleyfi.

- Ég styð að vetrarleyfi í grunnskólum Garðabæjar verði 15.-19. febrúar 2010
- Ég styð að vetrarleyfi í grunnskólum Garðabæjar verði 22.-26. febrúar 2010
- Ég styð ekki töku vetrarleyfis (vil taka lengra sumarleyfi) 2010
- Hef ekki skoðun eða forsendur til að svara

Niðurstöður

Flestir foreldrar og starfsmenn vilja leyfi í „bræðra“vikunni (54 foreldrar og 12 starfsmenn), þar á eftir koma þeir sem vilja leyfið í vikunni á eftir (35 foreldrar og 9 starfsmenn). Því næst koma þeir sem vilja ekkert vetrarleyfi (17 foreldrar og 2 starfsmenn) og nokkrir telja sig ekki hafa forsendur til að svara.

Tillaga um vetrarleyfi í Sjálandsskóla á næsta skólaári verður því byggð á þessum niðurstöðum.

Fylgiskjal 4

Læsispróf í Sjúalandsskóla 2008-2009

Árlega er lagt fyrir skimunarprófið Læsi hjá nemendum í 1. og 2.bekk. Prófin eru alltaf lögð fyrir á sama tíma hjá öllum grunnskólum Garðabæjar. Fyrsta prófið hjá 1.bekk er lagt fyrir í október, annað í febrúar og það þriðja í apríl. Hjá öðrum bekk eru tvö próf. Það fyrra er í október og það síðara í apríl. Umsjónarkennari og sérkennari sjá um fyrirlögn sem er stöðluð. Talmeinafræðingur fundar með þessum kennurum um niðurstöðurnar og kemur að ákvörðunum um framhaldið hjá neðsta hópnum. Niðurstöðurnar úr læsisprófunum skólaárið 2008-2009 eru eftirfarandi.

1.bekkur	0-49% rétt svör	50-64% rétt svör	65-100% rétt svör
október	30,7% nem	30,7% nem	38,5% nem
febrúar	30,7% nem	0	69,3% nem
apríl	27% nem	0	73% nem

2.bekkur	0-49% rétt svör	50-64% rétt svör	65-100% rétt svör
október	15% nem	10% nem	75% nem
febrúar	9,5% nem	4,8% nem	85,7% nem

Úrvinnsla vegna niðurstaðna

Þeir nemendur sem falla í neðsta flokkinn þ.e. ná einungis 49% eða minna réttum svörum fá sérstakan stuðning enda sterk vísbinding um lestrarerfiðleika. Þeir nemendur sem í ár falla í þennan flokk fá allir sérstaka þjónustu hjá Sigríði Ólafsdóttir sérkennara. Hún leiðbeinir einnig umsjónarkennurum þessara barna. Þau börn sem lenda í flokknum 50-64% eru undir auknu eftirliti Sigríðar og umsjónarkennara. Þann hóp köllum við áhættuhóp. Markmið okkar er að sem flestir nemendur nái að hækka sig á milli prófa og hefur það gengið eftir.

2/2/2009

Fylgiskjal 5

Samræmdu prófin í Sjúalandsskóla 2008

Samræmdu prófin í 4. og 7.bekk fóru fram í Sjúalandsskóla 16.og 17.október s.l.

4.bekkur

15 nemendur eða allir nemendur í 4.bekk þreyttu prófin. 9 af þessum nemendum hafa verið í Sjúalandsskóla frá því í 1.bekk. 4.nemendur komu í 2.bekk og 2 eru nýjir frá því í haust. Því má segja að þetta sé fyrsti hópurinn í Sjúalandsskóla sem tekur samræmd próf eftir að hafa verið hér frá upphafi skólagöngu.

Lægsta heildareinkunnin í stæ. hjá 4.bekk var 4,0 en einn nemandi hlaut þá einkunn. Tveir nemendur voru með 9,5 en það var hæsta einkunnin í stæ.

	Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjúalandssk	Normaldreifð eink.		Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjúalandssk	Normaldreifð eink.
Heildreink. í stæ.	6,8	7,77	35,2	Heildreink. í ísl.	6,7	6,9	32,8
Reikningur og aðgerðir	7,4	8,23	35,2	Stafsetning	5,9	6,8	33,33
Rúmfræði	6,8	7,83	34,33	Lestur	6,9	7,07	30,6

Lægsta heildareinkunn í ísl. í 4.bekk var 5,0 en einn nemandi hlaut þá einkunn. Hæsta einkunnin var 8,5 og var það einn nemandi sem hlaut hana.

Tölur og talnaskilningur	5,8	6,8	34	Ritun	5,2	6,07	35
--------------------------	-----	-----	----	-------	-----	------	----

7.bekkur

16 nemendur eða allir nemendur í 7.bekk þreyttu prófin. Aðeins eru tveir nemendur af þessum 16 sem tóku samræmt próf í Sjálandsskóla í 4.bekk.

	Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjálandssk	Normaldreifð eink.		Lands- meðaltal	Samræmd einkunn Sjálandssk	Normaldreifð eink.
Heildreink. í stæ.	6,5	7,16	33,06	Heildreink. í ísl.	7,1	7,13	29,69
Reikningur og aðgerðir	6,9	7,41	31,88	Stafsetning	6,9	6,38	27,56
Rúmfræði	5,5	6,69	35,19	Lestur	7,4	7,07	27,56
Tölfræði	6,6	7,03	32,25	Ritun	6,7	6,07	28,94

Hinir 14 hafa verið í 1-2 ár í skólanum.

Lægsta heildareinkunnin í stæ. hjá 7.bekk var 3,5 en einn nemandi hlaut þá einkunn. Einn nemandi var með 9,5 en það var hæsta einkunnin í stæ. Lægsta heildareinkunn í ísl. í 7 .bekk var 4,0 en einn nemandi hlaut þá einkunn. Hæsta einkunnin var 9,5 og var það einn nemandi sem hlaut hana.

Viðbrögð við niðurstöðum

Árangur nemenda í 4.bekk var að okkar mati býsna góður og sérlega ánægjulegur þar sem þetta er fyrsti nemendahópurinn sem tekur samræmt próf eftir að hafa verið hjá okkur frá því í 1.bekk. Þessir nemendur hafa frá upphafi stundað nám samkvæmt hugmyndafræði Sjálandsskóla þar sem áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám í blönduðum námshópum og í sveigjanlegu opnu rými. Í öllum námsþáttum þá er normaldreifða einkunnin yfir 30 sem er meðaltal landsins. Í nokkrum þáttum eru þessir nemendur

verulega yfir meðaltalinu. Árangur þessara nemenda í stærðfræði eru áberandi góður og lítill munur á árangri í einstökum þáttum. Í íslensku er árangurinn vel ásættanlegur og athygli vekur hversu ritunarþátturinn er hár en á undanförunum árum hefur sá þáttur oft komið illa út hjá okkur. Hjá þessum nemendum hefur sérstök áhersla verið lögð á ritun allt frá upphafi skólagöngu þeirra og er sú vinna greinilega að skila sér.

Umsjónarkennarar hópsins, sérkenari og aðstoðarskólalastjóri funduðu um niðurstöðurnar. Skoðaðar voru niðurstöður úr einstökum námsþáttum og árangur einstakra nemenda. Gerð var áætlun um að efla vinnu í einstökum námsþáttum út frá niðurstöðunum. Þeir nemendur sem náðu ekki einkunninni 6 í einhverjum námsþætti var gefin sérstakur gaumur og áætlun gerð til stuðnings þeim.

Í 7.bekk var árangur nemendanna nokkuð góður og þá sérstaklega í stærðfræði þar sem allir námsþættir voru vel yfir meðaltali í normaldreifðum einnkunum. Í íslensku var árangurinn nokkuð lægri en í stærðfræðinni. Í normaldreifðum einkunnunum vorum við aðeins undir 30 en meðaltal samræmdu einkunnanna er þó á pari við landsmeðaltal. Ekki er hægt að neita því að þessi niðurstaða stingur verulega í stúf við aðrar í þessum prófum. Sami háttur var hafður á hvað varðar niðurstöður einstakra nemenda og námsþátta og hjá 4.bekk. Skoðað var hvað gekk vel og hvað gekk illa og áætlun gerð byggð á þeim gögnum. Þegar skoðaðar eru framfarir frá því í 4.bekk þá er vandasamt að álykta út frá þeim þar sem aðeins tveir af þessum nemendum hafa verið í Sjúalandsskóla frá þeim tíma.

Ugglaust eru margar ástæður fyrir því sem gengur vel og því sem gengur illa. Við teljum þó ástæðu til að nefna í þessari samantekt að umsjónarkennari nemendanna í 7.bekk var mikið fjarverandi vegna veikinda vikunnar áður en prófið var tekið. Ekki nægir sú skýring ein sér en gæti verið ein af mörgum.

Fylgiskjal 6

Fréttir úr skólalífinu



10. júní 2009

Skólaslit

Í dag lauk fjórða starfsári Sjálandsskóla. Á skólaslitum í morgun sagði Helgi skólastjóri frá því að þetta hefði verið góður vetur og margt nýtt framundan. Næsta vetur bætast rúmlega 50 nemendur við hópinn og þá verða nemendur frá 1.-9. bekk í skólanum. Nýtt húsnæði verður tekið í notkun og breytir það miklu fyrir nemendur þar sem matsalur, tónmennt, ... [[nánar](#)]

08. júní 2009

5.-6. bekkur og reggea tónlist

Nemendur í 5. og 6. bekk hafa undanfarið unnið með reggea tónlist frá Jamica í tónmennt. Hluti af þeirri vinnu var að taka íslenskt lag sem á ekkert skylt við reggea tónlistarstílinn og klæða það í reggea búning. Hver nemandi syngur hluta af laginu ýmist einn eða með 2 - 3 öðrum. ... [[nánar](#)]



05. júní 2009

Esjan og innilega

Við fengum frábæran dag fyrir útvist í Esjunni. Hópnum var skipt í þrennt einn fór upp á topp, einn uppað steini og sá þriðji upp að brú. Það voru margir sigrar unnir í öllum hópum. Er heim var komið eða í skólann fóru nemendur í frjálsa leiki, foreldrar tóku síðan við og sáu um kvöldmatinn. Nemendur ... [[nánar](#)]



03. júní 2009

Brettapallar

Það var líf og fjör hjá nemendum í 1.-2. bekk þegar þau fóru út á brettapallana í íþróttatíma.... [\[nánar \]](#)

02. júní 2009

Tónlist 3.-4. bekkur

Nemendur í 3.-4. bekk unnu "rapp" lag sem fjallar um örkina hans Nóa og farþega hennar. Verkefnið snýst um lengdargildi nótna og takta og að blanda saman ólíkum töktum. Hvert dýr sem kemur um borð í laginu gefur frá sér sitt hljóð sem er af ákveðinni lengd eða með ákveðnum takti. Undir lok lagsins blandast ... [\[nánar \]](#)



29. maí 2009

Íslensku menntaverðlaunin

Helgi Grímsson skólustjóri fékk í gær Íslensku menntaverðlaunin í flokki námsefnishöfunda. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands afhenti verðlaunin. Helgi fékk verðlaunin fyrir námsbækur sínar Auðvitað sem samþætta eðlis-, efna- og jarðfræði fyrir miðstig og notaðar hafa verið í skólanum. Til hamingju Helgi. Sjá nánari upplýsingar hérna.... [\[nánar \]](#)



29. maí 2009

Dorin spilar á harmonikku

Í morgunsöng í morgun spilaði Dorin fyrir okkur á harmonikkuna sína. Hann og Alina eru að fara aftur til Rúmeníu í næstu viku og voru þau að kveðja okkur. En við erum svo heppin að þau koma aftur til starfa hjá okkur í haust og klöppuðu allir fyrir þeim af því tilefni. ... [\[nánar \]](#)



29. maí 2009

Árshátíð 7. bekkjar

Nemendur í 7. bekk héldu árshátíð í gær. Hún heppnaðist mjög vel og allir skemmtu sér vel eins og sjá má á myndum. Nemendur hjálpuðust að við að skreyta og undirbúa herlegheitin. Það komu allir með eitthvað matarkyns á hlaðborðið og úr varð þessi fínasta matarveisla. Eftir matinn kom leynigestur sem fékk krakkana með sér í dans ... [\[nánar\]](#)

26. maí 2009

Hringitónar og tónmennt

Undanfarnar vikur hafa 7. bekkingar samið, æft og tekið upp eigin verk sem eru hugsuð sem hringitónar fyrir gsm síma. Verkinu startaði Skúli Gestsson kennaranemi. Verkin áttu að uppfylla nokkur skilyrði þar sem þau áttu að innihalda stef samið á pentatónískan tónskala auk þess sem það mátti ekki vera lengra en ... [\[nánar\]](#)



26. maí 2009

Síðustu veðurfréttirnar

Í dag lauk veðurverkefninu með nemendum í 5. bekk. Magnus Lundberg kennaranemi frá Noregi hefur stýrt því. Krakkarnir hafa staðið sig vel og mælt skyggni, hitastig, loftþrýsting, úrkomu, vindstyrk, raka, sjávarhæð og fleira. Mælingar hafa farið fram uppi á þaki og niður við sjó. Veðurathuganirnar má finna hér... [\[nánar\]](#)



25. maí 2009

Flóð og fjara

Nýlega var sett stöng með hæðarkvarða úti sjó til að fylgjast með breytingunni á sjávarhæðinni. Veðurfræðingar skólans hafa t.d. verið að fylgjast með þessu undanfarið í veðurathugunum sínum. Myndir má finna hér... [\[nánar\]](#)



22. maí 2009

Unicefhlaupið

Í dag hlupu nemendur til styrktar Unicef. Þetta er skemmtilegt verkefni fyrir allan skólann þar sem nemendur hljóta fræðslu um jafnaldra sína í öðrum heimshlutum og safna fé fyrir þurfandi börn um allan heim með því að stunda holla hreyfingu. Krakkarnir fá bók og safna límíðum fyrir hvern hlaupinn kílómetra hérna meðfram ströndinni. Eins og sjá má á myndunum sprettu nemendur Sjúalandsskóla úr spori.... [\[nánar\]](#)



19. maí 2009

Reiðhjólahljálmar að gjöf

Í dag komu félagar úr Kiwanishreyfingunni og færðu öllum nemendum í 1. bekk reiðhjólahljálma að gjöf. Rætt var við börnin um mikilvægi þess að nota alltaf reiðhjólahljálma við hjólréiðar. Við færum Kiwanismönnum bestu þakkir fyrir... [\[nánar\]](#)



19. maí 2009

Tálgað í tré

Nemendur í skólanum eru nú flestir að tálga í tré í smíðum. Unnið er með tálgunarhnífa og íslenskað efnivið t.d. birki. Nemendur eru mjög áhugasamir um verkið og tálga af gríð og erg ýmsa spennandi hluti. Í dag notuðu nemendur í 5.-6. bekk góða veðrið og tálguðu útivið. Myndir af nemendum í 5.-6. bekk. ... [\[nánar\]](#)



18. maí 2009

112 hjól við skólann

Í dag voru 112 hjól fyrir utan skólann. Nemendur og starfsmenn hafa verið ótrúlega dugleg að nýta sér hjólafákana til að fara á milli heimilis og skóla. Nú stendur yfir átakið hjólað í vinnuna sem margir taka þátt í en nemendur Sjálandsskóla eru almennt mjög duglegir að hjóla í skólann. ... [\[nánar\]](#)



15. maí 2009

Frábær íþróttadagur

Þetta var besta lífsreynsla sem ég hef upplifað sagði einn nemandi á miðjum íþróttadegi. Lífið lék við okkur í dag. Íþróttakennarar voru búnir að skipuleggja frábær verkefni fyrir nemendur í allan dag. Nemendur og kennarar skoppuðu út um grundir og í önnur bæjarfélög á hjólum og línuskautum.... [\[nánar\]](#)



14. maí 2009

Verðlaun frá Ikea

Nemendur í 8. bekk hafa verið að vinna í hönnunarverkefni í samstarfi við Ikea í vetur. Tilgangur verkefnisins var að hanna unglingsrýmið í Sjálandsskóla eftir þeirra höfði. Nemendur unnu í 4 hópum. Stuðs var við Sims Ikea til að byrja með en þegar á leið þá unnu nemendur nokkuð sjálfstætt og leyfðu sínum hugmyndum að njóta sín. Frábærar og flottar hugmyndir urðu til og útkoman var skemmtilega útfærð hjá hópunum. Í dag fengum við í heimsókn útstillingahönnuð ... [\[nánar\]](#)



14. maí 2009

Veðurfræðingar skólans

Veðurfræðingar skólans úr 5. bekk hafa daglega farið uppá þak og niður í fjöru og gert veðurmælingar með Magnúsi hinum norska sem er hér hjá okkur í starfsnámi. Krakkarnir hafa verið dugleg að mæla í brjáluðu roki eins og þau sögðu. Það sem helst hefur breyst dag frá degi er hitastigið sem í dag mældist 13,6 stig en var 7,9 °C... [\[nánar\]](#)



11. maí 2009

Veðrið í dag

Nemendur í 5. bekk munu sjá um veðurfréttir næstu tvær vikurnar. Þau munu taka að sér störf veðurfræðinga og mæla hitastig lofts, sjávar og jarðar, sjávarhæð, raka, vindátt og vindstyrk, úrkomu, skyggni og loftþrýsting. Upplýsingar birtast að hluta til hér til hliðar og einnig á veðursíðunni. ... [\[nánar\]](#)



07. maí 2009

Lionshlaup hjá 5. bekk

Lionshlaupið í Sjálandsskóla var haldið fimmtudaginn 8. maí. Þetta er í annað skiptið sem hlaupið er haldið hér í skólanum en það hefur verið haldið í öðrum skólum til margra ára. Mikil stemming myndaðist strax um morguninn þar sem þrír bekkir áttu að keppa sín á milli í boðhlaupi. Bekkirnir þrír, A (rauður), B (gulur) og C (grænn) bjuggu til hvatningarspjöld ... [\[nánar\]](#)



05. maí 2009

Minkur í skólann

Í dag kom hún Þórunn amma Heiðrúnar og Huldu Þóroddsdætra í heimsókn. Hún færði okkur uppstoppaðan mink, skógarþröst ... [\[nánar\]](#)



05. maí 2009

Lára Sif vann í teiknisamkeppni

Nemendur í 4. bekk tóku þátt í teiknimyndasamkeppni á vegum markaðsnefndar mjólkuriðnaðirns. Lára Sif Davíðsdóttir nemandi í Sjálandsskóla var ein af nokkrum sem vann í keppninni. Við óskum henni til hamingju.... [\[nánar\]](#)



04. maí 2009

Hraðlestrarnámskeið

Hraðlestrarnámskeiði lauk í síðustu viku. Sigríður Konráðsdóttir námsráðgjafi og Sigríður Ólafsdóttir sérkennari sáu um námsskeiðið sem var ætlað nemendum í 3.-8. bekk. Námskeiðið stóð yfir í þrjár vikur og var kennt daglega í 20 mínútur (í senn). ... [\[nánar\]](#)



27. apríl 2009

Umhverfisdagurinn

Í dag fóru allir nemendur um nágrenni skólans eins og stormsveipur. Þau hreinsuðu allt rusl sem höndum var á komið á skólalóðinni, í læknum og í nánasta umhverfi. Það voru miklar hrúgur af rusli sem verða sendar á haugana. Sjáið myndir af 3.-4. bekk við vinnuna.... [\[nánar\]](#)



20. apríl 2009

Fjöruferd 3.-4. bekkur

Í dag voru nemendur niður í föru með greiningarlykla og skoðuðu lífverur sem þau fundu í fjörunni. Síðan var allt skoðað í vís sjá og skrifað um það sem fyrir augu bar í ritunarbókina. Þau fundu m.a. krabba, nákuðunga, krækling og marflær. Sjáið myndir á myndasíðunni.... [\[nánar\]](#)



16. apríl 2009

Ljóðagerð í útikennslu

5.-6. bekkur notaði góða veðrið í dag til að semja ljóð. Farið var annars vegar út í Gálgahraun og hins vegar á ströndina. Ljóðin samanstóðu af nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum og öllum öðrum orðum sleppt.... [\[nánar\]](#)



03. apríl 2009

1.-2. bekkur og textílmenn

Nemendur í 1. – 2. bekk hafa verið að vinna með íslensku ullina í textílmenn. Þau þæfðu tvær kúlur og bjuggu til karl eða kerlu úr þeim og útkoman varð skrautlegar fígúrir. Skoðið fínu myndirnar.... [\[nánar\]](#)



01. apríl 2009

5.-6. bekkur - heimsálfurnar

Nemendur hafa sl. vikur verið að vinna þemaverkefni um heimsálfurnar. Þeim var skipt í 6 hópa og tók hver hópur að sér að kynna eina heimsálfu. Á fimmtud. sl. settu þau upp allsherjar ferðarástefnu á heimasvæðinu þar sem foreldrum ... [\[nánar\]](#)



31. mars 2009

Hlutföll mannsins

Krakkarnir í 7.- 8. bekk hafa undanfarnar vikur verið að vinna verkefni um hlutföll mannsins. Þau bjuggu til karla úr vír, dagblöðum og gipsi í myndmennt. ... [\[nánar\]](#)

30. mars 2009

Síðasti innritunardagur

Við viljum minna á að síðasti dagur til að innrita börn í skólann er þriðjudagurinn 31. mars.... [\[nánar\]](#)



24. mars 2009

Lífið og tilveran

Þorgrímur Þráinsson kom og hélt fyrirlestur fyrir 8.bekk um Lífið og tilveruna í boði Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar. Nemendur settu sér svo í lokin skrifleg markmið um hvert þau stefna í lífinu. Skemmtilegur og fróðlegur fyrirlestur. ... [\[nánar \]](#)



19. mars 2009

Gljúfrasteinn

Það má segja að Halldór Laxness hafi verið maður vikunnar hér hjá nemendum í 3. – 4. bekk. Nemendur hafa unnið hörðum höndum að veggspjaldi um skáldið, lært lög eftir ljóð skáldsins ásamt því að hlusta á upplestur úr verkum hans. Í gær heimsóttum ... [\[nánar \]](#)



20. mars 2009

Gleðidagurinn

Hápunktur vikunnar var gleðidagurinn. Það var gaman að sjá þrúðbúið ungt fólk mæta hér í skólann í morgun með sparibrosið sitt og góða skapið. Starfsfólk Sjálandsskóla vill þakka foreldrum fyrir að taka vel í þennan dag og veitingarnar sem voru sendar með börnum. ... [\[nánar \]](#)



17. mars 2009

Upplestrarkeppnin

Ár hvert er haldin hin svokallaða Stóra upplestrarkeppni. Keppt er um allt land í hverjum landshluta eða svæðum fyrir sig. Þátttakendur keppinnar eru nemendur í 7. bekk. Hin

árlega upplestrarkeppni fór fram í Sjálandsskóla 17. mars síðastliðinn og voru 5 nemendur í 7. bekk skráðir til leiks. ... [\[nánar\]](#)



12. mars 2009

Foreldrasýning

Í dag buðu nemendur í 1.-2. bekk foreldrum sínum á Kardimommubæinn. Sýningin tókst afar vel og foreldrar nutu skemmtunarinnar. Eftir sýninguna var boðið uppá súkkulaðiköku sem nemendur bökuðu í gær. ... [\[nánar\]](#)

11. mars 2009

Fréttir frá Reykjum

Nemendur í 7. bekk eru nú í skólabúðunum að Reykjum í Hrútafirði. Þar hefur allt gengið vel í yndislegu veðri, snjó og björtu. Það var mikil stemming að koma sér fyrir á heimavistinni og var kennara á orði að fataverslanir hefðu verið settar upp í sumum herbergjunum. ... [\[nánar\]](#)

11. mars 2009

Opið hús

Fimmtudaginn 12. mars verður opið hús í Sjálandsskóla frá kl. 17-19 fyrir verðandi nemendur skólans, foreldra þeirra og aðra þá sem vilja kynna sér skólastarfið. Boðið verður upp á leiðsögn um skólann og sagt frá skólastarfinu. Ávaxtasafi, kaffi og vöfflur verða á boðstólum. ... [\[nánar\]](#)



10. mars 2009

Kardimommubærinn

Á föstudaginn fóru nemendur í 1.-2. bekk með allt sitt hafurtask og sýndu leikritið Kardimommubæinn fyrir börnin í leikskólanum Sjálandi. Þetta var glæsileg sýning hjá þeim. Sjáið flottu myndirnar af þeim á myndasíðu bekkjarins.... [\[nánar\]](#)

09. mars 2009

Tónlist frá Kína og Perú

Í þemanu um sögu mannkyns unnu nemendur í 3.-4. bekk tónlist í tónmennt hjá Óla tengda svæðunum sem þau unnu með. Um er að ræða tvær útgáfur af Perúska laginu La Peresa, og

svo kínverska lagið Si chang zhi og munkasönginn Regina seli sem er frá miðöldum. Tónlistina má finna hér og undir "Verk nemenda hér til hægri".... [\[nánar\]](#)



06. mars 2009

Glíma hjá 4. bekk

Í dag vorum við svo heppin að fá hann Ólaf frá Glímusambandinu til að kynna glímu fyrir 4. bekk. Í fyrstu voru nemendur svolítið feimnir og fannst glíma frekar furðulegt og fyndið fyrirbæri. En þegar þau voru búin að setja glímubeltin á sig og byrjuðu að glíma hvert við annað var annað uppi á teningnu. Þegar Ólafur var farinn með glímubeltin þá héldu nemendur glímunni áfram. Frábær tími með frábærum krökkum og þökkum við Ólafi kærlega fyrir komuna. ... [\[nánar\]](#)



05. mars 2009

Frumskýning Kardimommubærin

Nemendur í 1.-2. bekk frumsýndu Kardimommubæinn fyrir nemendur í morgun. Þau hafa lagt mikla vinnu í verkefnið og unnið í tengslum við íslensku, lífsleikni, tónmennt, myndmennt og textíl. Þetta var glæsilegt sýning ... [\[nánar\]](#)



03. mars 2009

Mismunandi námsstílar

Í Sjúalandsskóla leggjum við áherslu á að nemendur fái tækifæri til að læra eins og þeim finnst best. Það er nefnilega mjög mismunandi hvað hentar hverjum og einum. Sumum finnst best að læra við skrifborð meðan öðrum finnst best að liggja á gólfinu.... [\[nánar\]](#)



27. febrúar 2009

Ávaxtakarfa

Föstudaginn 20. febrúar var 5.-6. bekkur C dreginn út í skráningarleiknum á Rás 2 í Lífshlaupinu. Til þess að komast í pottinn þurfti liðið að vera skráð í Lífshlaupið og duttu nokkrir bekkir víðsvegar um landið í lukkupottinn. Í verðlaun var ávaxtakarfa frá Ávaxtabílnum sem var afhent í umsjón í dag. Til hamingju með árangurinn!... [\[nánar\]](#)



25. febrúar 2009

Öskudagur

Dagurinn hófst að vanda með morgunsöng en síðan skiptu nemendur sér í sönghópa og æfðu söng- og dansatriði. Þá var haldinn stuttur dansleikur með fugladansi, magarena og súperman og að honum loknum var sleginn köttur úr tunnunni. Samhliða því gafst nemendur kostur á að spreyta sig á nokkrum þrautum eins og stultuhlaupi, húlla hopp og heimsókn í draugahús sem nemendur 8. bekkjar höfðu sett upp... [\[nánar\]](#)

02. apríl 2009

5.-6. bekkur Fimmtudagur til frægðar

... [\[nánar\]](#)



13. febrúar 2009

Saga mannkyns hjá 3.-4. bekk

Nemendur í 3.-4. bekk hafa verið að vinna með mannkynssöguna. Þau hafa kynnt sér valda þætti allt frá upphafi sögunnar til okkar daga. Í þessu þema var samþætting á sögu, íslensku, lífsleikni, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og tónmennt... [\[nánar\]](#)



11. febrúar 2009

Bláfjallaferðin stórkostlega

Allir nemendur og starfsmenn skólans fóru í vetrarferð í Bláfjöll í gær. Veðrið var hið fegursta og það voru glaðir og áhugasamir krakkar, kennarar og foreldrar sem brunuðu

niður brekkurnar á skíðum, brettum og þotum. Margir voru að stíga sín fyrstu skref á skíðum ... [\[nánar\]](#)



09. febrúar 2009

[Útikennsla hjá 3.-4. bekk](#)

Í dag fór 3.-4. bekkur í Gálgahraun. Nemendur bjuggu til brauðdeig í skólanum áður en lagt var í hann. Í Gálgahrauni reistu þau við tjald, vöfðu brauðdeiginu um birkigreinar og elduðu yfir opnum eldi. Í tjaldinu var hitað vatn í kakó á prímusum. Frábær útikennsla í alla staði. ... [\[nánar\]](#)



06. febrúar 2009

[Lífshlaup](#)

Í síðasta tíma í dag föstudaginn 6. febrúar fóru allir nemendur og starfsmenn skólans í góðan göngutúr. Þetta er liður í Lífshlaupinu, fræðslu- og hvatningarverkefni ÍSÍ um að hvetja alla til hreyfingar á hverjum degi. ... [\[nánar\]](#)



30. janúar 2009

[Íþróttir 1. bekkur](#)

Í íþróttum fóru fyrstu bekkingar í þrautabraut. Þrautabraut reynir á úthald, jafnvægi, áræðni, liðleika, kraft og þol svo eitthvað sé nefnt. Börnunum finnst alla jafna alveg ótrúlega gaman í tímum þegar þrautabrautir eru. Fyrstu 4 hringina á annarri brautinni fara þau ein og sér og ef einhver þarf aðstoð þá vil ég að þau biðji ... [\[nánar\]](#)

28. janúar 2009

[Tónsköpun hjá 5.-6. bekk](#)

Að undanfögnu hafa nemendur í 5. – 6. bekk verið að vinna við tónsköpun í tónmennt. Nemendur hafa í hópum samið tónlist við söguna Júlíus eftir frönsku höfundana Anne-Marie Chapouton og Jean Claverie í þýðingu Thors Vilhjálmssonar. ... [\[nánar\]](#)

Hve glöð er vor æska



Mikilvægur fundurinn 17. janúar 2009



20. janúar 2009

Niðurstöður foreldrakönnunar

Skýrsla um niðurstöður könnunar meðal foreldra Sjúlandsskóla liggur nú fyrir og er hægt að nálgast hana hér. Niðurstöðurnar bera farsælu skólastarfi gott vitni. Mikilvægar ábendingar komu fram í könnuninni um það sem yrði skólastarfinu enn frekar til framdráttar og verður unnið með þær í samstarfi starfsmanna, nemenda og foreldra.... [\[nánar\]](#)



20. janúar 2009

Dansnámskeið í Sælukoti

Dansnámskeiðið hefst í Sælukoti 28. janúar ef næg þátttaka fæst. Við erum enn að skrá á dansnámskeiðið og ætlum að gefa þessu eina viku í viðbót. Eins og staðan er núna er ekki næg þátttaka og vonumst við til að fleiri skrái sig núna á næstu dögum.... [\[nánar\]](#)



16. janúar 2009

Skólahópur í heimsókn

Á miðvikudaginn kom skólahópurinn af leikskólanum Sjúlandi í heimsókn til okkar í 1.-2. bekk. Hópurinn kom líka til okkar áður en við fórum í jólaaleyfi og þá fönnduðum við saman en núna voru krakkarnir að vinna saman verkefni á heimasvæði, bókasafni eða við fiskabúrið. ... [\[nánar\]](#)



14. janúar 2009

Form í umhverfinu

Nemendur í 3.-4. bekk fóru í útikennslu að skoða form í umhverfinu. Þau tóku með sér allar myndavélar skólans og tóku myndir af þeim formum sem þau sáu. Margt bar fyrir augu og

mikil umræða spratt um hringi, þríhyrninga, ferhyrninga, sívalninga o.fl. Nemendur vinna svo áfram með myndefnið á heimasvæðinu. Sjáið flottu myndirnar þeirra á myndasíðu 3.-4. bekkjar.... [\[nánar\]](#)



13. janúar 2009

Skráning í kórinn

Skráning er nú hafin í skólakór skólans fyrir vorönn. Kórinn er fyrir nemendur í 5. – 8. bekk og verða æfingar áfram á fimmtudögum frá 14:15 til 15:00 og verður fyrsta æfing fimmtudaginn 15. janúar. Á vorönn er stefnt að því að kórinn fari út úr bænum ... [\[nánar\]](#)



08. janúar 2009

Dippi du

Hér eru tvö lög sem 1. og 2. bekkur vann fyrir jól í tónmennt hjá Ólafi. Þetta eru lög sem þau lærðu, sungu og spiluðu þegar þau voru að læra um löng hljóð og stutt. 1. bekkingar spila langar nótur á simbal en 2. bekkingar spila stuttar nótur á stafi. Lagið er víxlsöngur og syngja árgangarnir á víxl í erindunum en saman í viðlögum. ... [\[nánar\]](#)

05. janúar 2009

Gleðilegt nýtt ár.

Nemendur mæta í skólann á morgun þriðjudaginn 6. janúar skv. stundaskrá. Það verður gaman að fá börnin í húsið aftur. Tveir nýir kennarar koma til starfa hjá okkur núna. Gunnhildur Grétarsdóttir mun verða umsjónarkennari í 7. bekk og Edda Björg Sigurðardóttir umsjónarkennari í 5.-6. bekk en hún kenndi í 3.-4. bekk í fyrra. Við bjóðum þær velkomnar til starfa.... [\[nánar\]](#)



19. desember 2008

Gleðileg jól!

Það voru yndisleg börn sem skemmtu sér, okkur og foreldrum hér í dag. Dagurinn byrjaði á því að dansa í kringum jólatréð, síðan voru skemmtiatriði í stiganum þar sem flestir

nemendur komu fram, kórinn flutti mjög falleg lög og 5. bekkur sá um helgileikinn sem þau gerðu frábærlega vel. Í lokin... [\[nánar\]](#)



18. desember 2008

[Kirkjuferð í Vídalínskirkju](#)

Í dag fóru nemendur og starfsfólk í heimsókn í Vídalínskirkju. Gengið var upp í kirkju og sáu eldri nemendur um að fylgja þeim yngri og sitja með þeim í kirkjunni. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir tók á móti okkur og sagði þeim jólaguðspjallið... [\[nánar\]](#)



18. desember 2008

[Skólakór Sjálandsskóla](#)

Á þriðjudaginn voru jólatónleikar Skólakórs Sjálandsskóla haldnir. Kórinn hefur verið að æfa síðan í haust og voru þetta fyrstu tónleikar hans. Það var því mikil spennan í kórmeðlimum að leyfa tónleika gestum að heyra afrakstur haustsins. Mjög góð mæting og stemning ... [\[nánar\]](#)

17. desember 2008

[Samræmdu prófin](#)

Nemendum Sjálandsskóla gekk mjög vel í samræmdu prófunum og óskum við þeim til hamingju með árangurinn. Einkunnir í 4. bekk: Stærðfræði 7,8 Íslenska 6,9 - Einkunnir í 7. bekk: Stærðfræði 7,2 Íslenska 7,1 ... [\[nánar\]](#)



17. desember 2008

[Kertagerð 1.-2. bekkur](#)

Það var blíðskaparveður s.l. föstudag þegar krakkarinnir í 1. og 2. bekk Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans þrömmuðu heim til Siggu sérkennara. Það er áralöng hefð fyrir þessari ferð en þá bjóða Sigga og Bjössi maðurinn hennar krökkunum í 1. og 2. bekk heim til sín. Í þessari heimsókn fá börnin að leika sér með leikföng sem mörg hver eru frá því að börnin þeirra Siggu og Bjössa voru lítil... [\[nánar\]](#)



16. desember 2008

Þjóðminjasafnið

Útikennslan hjá 3. og 4. bekk mánudaginn 15. des. var á Þjóðminjasafni Íslands. Á skemmtuninni var fjöldinn allur af leikskólabörnum og skólakrökkum, nemendur Sæmundarskóla sungu tvö lög og jólasveinninn Þvörusleikir ... [\[nánar\]](#)



15. desember 2008

Er Grýla dauð?

1.og 2.bekkur fór í heimsókn í Árbæjarsafn í dag. Þar voru þau frædd um jólin og jólasíði í gamla daga. Þetta var mjög fróðleg og skemmtileg ferð og krakkarnir voru eins og gefur að skilja mjög uppteknir af jólasveinunum gömlu og hrekkjum þeirra. Einnig var velt upp þeirri stóru spurningu um hvor Grýla væri dauð ... [\[nánar\]](#)



11. desember 2008

Skólahópur í heimsókn

Krakkarnir í skólahóp á leikskólanum Sjúalandi komu í heimsókn til okkar í 1. og 2. bekk. Við fönnduðum snjókarl og jólatré og hlustuðum á jólalög. Þetta var mjög skemmtileg stund og gaman að fá krakkana í heimsókn. Skoðið myndirnar af okkur og öllu fönndrinu. ... [\[nánar\]](#)



12. desember 2008

Jólaföndur 5.-6. bekkur

Það var líf og fjör hjá 5.-6. bekk er þau voru að fönndra og skreyta heimasvæðið sitt. Skoðið skemmtilegar myndir af þeim við þá iðju. Síðan eru flestir hópar að útbúa jólagjafir hjá

listgreinakenurum og við segjum ekkert meira um það né sýnum myndir af því. En þar er margt skapandi í gangi.... [\[nánar\]](#)



10. desember 2008

Lestrarvinir

Samstarfsverkefni Sjúalandsskóla og leikskólans Sjúalands um Lestravini fór af stað föstudaginn 5. desember. Tveir nemendur úr Sjúalandsskóla fóru og lásu fyrir skólahópinn á leikskólanum. Þetta tókst mjög vel og mun þetta verða vikulegur viðburður í vetur. Á myndinni má sjá Þórdísi Ólöfu og Helenu Ýr ásamt krökkunum úr skólahópnum í leikskólanum. ... [\[nánar\]](#)



09. desember 2008

Hlustið á tónverk 3.-4. bekkjar

Að undanförunu hafa nemendur í 3. og 4. bekk verið að læra að spila einfalda takta og stutt laglínustef eftir nótum í tónmennt hjá Óla. Í tengslum við þá vinnu tóku þeir upp lagið Saga úr sveitinni þar sem hver nemandi syngur í dúett eitt erindi og leikur svo viðeigandi stef eða takt við sitt erindi. Að lokum blandast öll stefin og taktarnir saman og úr verður lítið hljómsveitarverk. ... [\[nánar\]](#)



04. desember 2008

Könnun á viðhorfum foreldra

Nú hafa foreldrar fengið könnun á viðhorfum til skólastarfsins í Sjúalandsskóla sem er liður í sjálfsmati skólans. Við hetjum foreldra til að taka þátt því það skiptir okkur máli að heyra sjónarmið foreldra til að halda áfram að þróa skólastarfið í Sjúalandsskóla með hag barnanna okkar að leiðarljósi.... [\[nánar\]](#)

03. desember 2008

Foreldrar á vaktinni

Eins og flestir hafa orðið varir við tók stjórn foreldrafélagsins sig til og stóð vaktina við hringtorgið í síðustu viku og heldur því áfram enn um sinn. Tilgangurinn er að stýra umferð að og frá skólanum með öryggi barnanna að leiðarljósi. Morgnarnir eru farnir að ganga mjög vel en enn þarf að áréttta að hringtorgið er ekki bílastæði! ... [\[nánar\]](#)



01. desember 2008

1. des. fullveldisdagurinn

Að venju voru nemendur í 7. bekk með umfjöllun um fullveldisdaginn 1. des. Þá fengu Íslendingar full völd yfir Íslandi, en danski kóngurinn var áfram þjóðhöfðingi. Einnig sögðu þau frá því hvernig fólk hafði það á þessum tíma þegar engir bílar voru, lélegt húsnæði og hafís fyrir utan landið.... [\[nánar\]](#)



28. nóvember 2008

Bekkjarkvöld 7. bekkur

Bekkjarkvöld var haldið hjá 7. bekk á vegum foreldrafélagsins 26. nóv. Nemendur sáu um dagskrá og bökuðu kökur. Einnig komu foreldrar með meðlæti. Páll Ólafsson félagsráðgjafi ... [\[nánar\]](#)



27. nóvember 2008

Samstarf leik- og grunnskóla

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu var börnunum í 1. – 2. bekk í Sjálandsskóla boðið á Vínafund hjá leikskólanum Sjáland. Þar tóku þau þátt í samsöng ... [\[nánar\]](#)



26. nóvember 2008

Gjöf frá nemendum

Af tilefni 25 ára afmæli Heilsugæslunnar í Garðabæ þjuggu börnin í 1.- 4. bekk til fallega bók með teikningum sem þau unnu í myndmennt. Teikningar voru af þeirri starfsemi sem fram fer á Heilsugæslunni... [\[nánar\]](#)

25. nóvember 2008

Jambo tónlist á vefnum

Nemendur í 5. – 6. bekk hafa verið að læra um framandi tónlist. M.a. hefur verið fjallað um tónlist frá Kenýa. Nemendur lærðu takta og einfalt undirspil við lagið Jambo og tóku það upp á hin ýmsu skólahljóðfæri. Svo sungu þeir inn á upptökuna í tveimur röddum en lagið er á tungumálinu Svahílí sem er algengasta tungumálið í Kenýa. ... [\[nánar\]](#)

25. nóvember 2008

Ánægðir foreldrar

Í viðhorfakönnun Garðabæjar má sjá að svarendur úr hópi foreldra nemenda Sjúalandsskóla eru afar ánægðir með skólastarfið í Sjúalandsskóla. Þegar niðurstöður bæjarskólanna fjögurra eru bornar saman sést að Sjúalandsskólaforeldrarnir eru ánægðastir með sinn skóla. Þessi niðurstaða er afar ánægjuleg fyrir skólann okkar og hvatning til þess að gera enn betur í farsælu samstarfi við foreldra og nemendur. ... [\[nánar\]](#)



21. nóvember 2008

Ljóðalestur í sundi

Nemendur í 5.-6. bekk fluttu ljóð í sundtímum í sundlaug Garðabæjar. Þetta var gert í tilefni af degi íslenskrar tungu. Gestir sundlaugarinnar fengu að njóta upplestrarins.... [\[nánar\]](#)



17. nóvember 2008

Dagur íslenskrar tungu

Í tilefni af degi íslenskrar tungu fóru nemendur í 8. bekk í miðbæ Reykjavíkur. Tilgangur ferðarinnar var að lesa ljóð fyrir gangandi vegfarendur. Nemendur unnu saman 2-3 í hóp og tengdum við daginn jafnframt við þemað okkar "1918" því nemendur staðsettu sig við þekktar byggingar sem voru til á þessum tíma t.d. Stjórnarráðið, Alþingishúsið og Menntaskólann í Reykjavík. Nemendur fluttu ljóð m.a. fyrir Björn Bjarnason dóms... [\[nánar\]](#)

1



14. nóvember 2008

Kór Sjálandsskóla

Kór Sjálandsskóla æfir einu sinni í viku á fimmtudögum. Þar er hópur af duglegum og söngelskum krökkum að æfa fjölbreytt lög. Ólafur Schram tónmenntakennari stýrir hópnum. Við munum von bráðar heyra söng þeirra óma. Skoðið myndir af æfingu í myndasafni skólans... [\[nánar\]](#)



það var sól allan tíman

10. nóvember 2008

Sögugerð og tölvur

Nemendur í 1. og 2. bekk hafa verið að vinna sögu um það sem þeim þykir skemmtilegt. Þau hafa notað forritið 2Create a story, teiknað, skrifað og talsett. Kennaranemarnir Þóra og Erla unnu þetta með krökkunum í æfingkennslu sinni. Núna eru krakkarnir að ljúka sögunum og sýna hinum. Hægt er að skoða sýningarnar undir "Verk nemenda" [\[nánar\]](#)



10. nóvember 2008

Heimsókn í Jónshús

Nemendur í 7. bekk fóru í heimsókn í Jónshús og ræddu við eldri borgara. Þetta var mjög ánægjulegt heimsókn þar sem þau fræddust um margt úr lífi eldra fólksins frá því þau voru börn... [\[nánar\]](#)



06. nóvember 2008

Netnotkun barna

SAFT og Síminn munu standa fyrir ráðstefnu um netnotkun barna og unglinga og ábyrgð foreldra, laugardaginn 8. nóvember frá kl. 10.30-14.00 á Háskólatorgi... [\[nánar\]](#)

03. nóvember 2008

Tónverk nemenda

Í tengslum við þemað tónlist 20. aldar hjá 8. bekk hafa nemendur samið eigin tónverk. Hægt er að hlusta á verkin undir verk nemenda hér til hægri. Þar má finna diskó, rokk, country og pönkað kreppulag. Glæsilegt hjá krökkunum.... [\[nánar\]](#)



31. október 2008

Heimilsfræðivika

Nemendur í 1.-2. bekk hafa verið dugleg í heimilsfræðipemanu. Þau hafa fræðst um eldhúsið og störfin þar. Bakað kökur og poppað popp úti undir beru lofti.... [\[nánar\]](#)



29. október 2008

Gleðidagar í 8. bekk

Nemendur í 8. bekk voru með "Gleði daga" á þriðjudag og miðvikudag. Tilgangurinn var að brjóta aðeins upp skólastarfið og verðlauna krakkana fyrir mikinn dugnað og góðan árangur í skólanum. ... [\[nánar\]](#)

24. október 2008

Kennaranemar

Það hefur fjölgað í starfsmannahópnum hjá okkur því s.l. vikur og næstu vikur eru hjá okkur 5 kennaranemar. Þau hafa verið hjá 1.-2. bekk, 2 nemar í tölvu- og upplýsingatækni hjá öllum árgöngum og 2 í tónmennt hjá öllum árgöngum.... [\[nánar\]](#)

20. október 2008

Diskótek 5.-7. bekkjar

Næstkomandi fimmtudag verður diskótek í Sjálandsskóla fyrir nemendur 5.-7. bekkjar. Diskótekið er kl. 17.30-20.00 og sér Diskótekið Dísu um tónlistina. Aðgangur er ókeypis. Þeir sem vilja geta tekið með sér gos (í merktum umbúðum) og verða seldar pizzusneiðar á kr. 150. ... [\[nánar\]](#)



17. október 2008

Tónlist 20. aldar

Nemendur í 8. bekk hafa verið að kynna sér tónlist 20. aldar. Þau hafa valið sér tónlistarmenn og skrifað heimildaritgerð um þá. Einnig tóku þau viðtöl við foreldra sína og gerðu grein fyrir tónlistarsmekk þeirra á yngri árum. Nemendur byrjuðu að kynna verkefni sín í vikunni og verður haldið áfram í næstu viku.... [\[nánar\]](#)



16. október 2008

Nýir vefir leikskólanna

Nýir vefir leikskóla bæjarins, alls fimm talsins, voru opnaðir við hátíðlega athöfn á Bæjarbóli í dag miðvikudaginn 15. október. Opnun nýju vefjanna er framhald af endurnýjun allra vefja Garðabæjar en í vor var opnaði nýr vefur Garðabæjar og nýir vefir grunnskólanna. Hönnunarsafn Íslands sem rekið er af Garðabæ hefur einnig opnað nýjan vef sem byggir á sömu hönnun og vefir skólanna. ... [\[nánar\]](#)



13. október 2008

Útikennsla hjá 1.-2. bekk

Á útikennsludeginum s.l. föstudag var farið með farangur á vagni , deig, kol, eldstæði, trjágreinir og fl. út í Gálgahraun. Börnin snéru deiginu um trjágreinarnar og bökuðu sitt eigið brauð. Veðrið var frábært og börnin léku sér í hrauninu. Skoðið fínu myndirnar af þeim. ... [\[nánar\]](#)



13. október 2008

Myndmennt

Nemendur í 5. og 6. bekk hafa unnið undanfarið við að búa til fiska. Þau fengu hvert fyrir sig litla mynd af fiski og þurftu að stækka hann upp í raunstærð. Þá notuðu þau blýanta til að teikna og skyggja, þannig að fiskurinn væri sem raunverulegastur. Þegar það var búið þá bjuggu þau til litskrúðugt mynstur sem prýðir hina hlið fisksins. ... [\[nánar\]](#)

09. október 2008

Veðraverk

Nemendur í 7. bekk sömdu tónlist í tengslum við veðurþema sem þau voru í. Nemendur áttu að semja tónverk í þremur þáttum sem túlkuðu veður og veðrabreytingar. Hver kafli átti að hafa einhverskonar laglínu og a.m.k. einn kafli átti að hafa ákeðinn takt leikinn á takthljóðfæri. Hóparnir völdu að túlka sól, rigningu, fellibyl, snjó, logn og byl. Hlutið á tónverkin undir verk nemenda hér til hægri á síðunni.... [\[nánar\]](#)



07. október 2008

Bæjarferð 7. bekkjar

Í dag fóru nemendur í 7. bekk í bæjarferð. Farið var í heimsókn í Menntaskólann í Reykjavík þar sem námsráðgjafi tók á móti þeim og leiddi þau um húsið. Athygli vakti félagsmiðstöð nemenda Casanova sem búið er að breyta í kínverskt umhverfi svo og salurinn þar sem þjóðfundurinn 1851 var haldinn með Jóni Sigurðssyni í fararbroddi.... [\[nánar\]](#)

03. október 2008

Bláfjallaferð 5.-6. bekkjar

Ferðin í Bláfjöll hefur gengið vel. Nemendur koma tilbaka um kl. 14:00. Þetta hefur verið heilmikið ævintýri sértaklega eftir að tók að snjóa í gærkvöldi. Farið var í langa gönguferð og hellaskoðun. Kvöldvakan var fjölbreytt og skemmtileg. Myndir og nánari upplýsingar þegar ferðalangar verða komnir í hús.... [\[nánar\]](#)

25. september 2008

Dansnámskeið

Við ætlum að bjóða uppá 10 vikna dansnámskeið hérna í Sælukoti. Námskeiðin verða á miðvikudögum og er stefnt á að byrja miðvikudaginn 1.október næstkomandi. Námskeiðið verður frá kl 15.00-15.40 næstu 10 miðvikudaga. ... [\[nánar\]](#)

25. september 2008

Fjölbreytt vika

Það hefur mikið verið að gera í vikunni. Foreldrar hafa streymt í skólann og tekið þátt í námskynningum. Nemendur hafa einnig verið duglegir að leggja sitt af mörkum í þeim

efnum. 8. bekkur fór í ævintýralega útilegu og gönguferð á Hengilsvæðið og gistu í Þrymheimum.... [\[nánar\]](#)



22. september 2008

Norrænir rithöfundar

dag fengu nemendur í 5.-6. bekk heimsókn. Hingað komu 3 barnabókahöfundar. Rithöfundarnir voru Gerður Kristný, Ulf Nilsson frá Svíþjóð og Ritva Toivola frá Finnlandi. Þau lásu upp úr bókum sínum. Efni sagnanna tengdist allt draugum. Þannig að núna eru allir að lesa draugasögur. ... [\[nánar\]](#)

18. september 2008

1. bekkur semur lag

Nemendur í 1A hafa verið að læra um hljóð m.a. í tengslum við umhverfisþemað sem þau voru síðast í en einnig um hljóð sem við getum búið til með höndunum. Í tónmenntatímum hjá Ólafi Schram sömdu þau lag. Þau skiptast á að syngja einsöng og syngja svo öll saman inn á milli. ... [\[nánar\]](#)

Skóladagatal 2008-2009

Sjálandsskóli Jan. 2008		Skólaárið 2008 – 2009		Kennsludagur = 180						
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAJ	JÚNÍ
1 M	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M
2 P	2 F	2 F	2 S	2 P	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 P
3 M	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 P	3 P	3 F	3 S	3 M
4 M	4 F	4 L	4 P	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F
5 F	5 S	5 S	5 M (Clean og carnan)	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 P	5 F
6 M	6 L	6 M	6 F (Clean og carnan)	6 L	6 P	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L
7 S	7 P	7 P	7 F (Clean og carnan)	7 S	7 M	7 L	7 L	7 P	7 F	7 S
8 M	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M
9 P	9 F	9 F	9 S	9 P	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 P
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 P	10 P	10 F	10 S	10 M
11 M	11 F	11 L	11 P	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F
12 P	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 P	12 P	12 P
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 P	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 S	14 P	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 P	14 F	14 S
15 M	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 L	16 P	16 F	16 S (legur dæstur vegu)	16 P	16 F	16 M	16 M	16 L	16 L	16 P
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 P	17 P	17 F	17 S	17 M
18 M	18 F	18 L	18 P	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 F	18 F
19 P	19 S	19 M	19 M	19 F	19 F	19 M	19 F	19 P	19 P	19 F
20 M	20 M	20 F	20 F	20 L	20 P	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 P	21 S	21 P	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 P	21 F	21 S
22 F	22 M	22 L	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M
23 P	23 F	23 S	23 S	23 P	23 F	23 M	23 M	23 L	23 L	23 P
24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 M	24 P	24 P	24 F	24 S	24 M
25 M	25 F	25 L	25 P	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F
26 P	26 S	26 M	26 M	26 F	26 F	26 F	26 F	26 P	26 P	26 F
27 M	27 P	27 M	27 L	27 L	27 P	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L
28 F	28 P	28 P	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 P	28 F	28 S
29 M	29 M	29 L	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M
30 L	30 P	30 F	30 S	30 P	30 F	30 M	30 M	30 L	30 L	30 P
31 S	31 F	31 F	31 M	31 M	31 L	31 L	31 P	31 S	31 S	31 S

Samkvæmt Kjarsamningi Kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimn (rauðir). Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8 (bláir dagar á skóladagatali). Skólanefnd skal staðlesta áætlun um starfstíma skóla

Fylgiskjal 7

Foreldrakönnun – haust 2008

Hve glöð er vor æska



Niðurstöður foreldrakönnunar í Sjálandsskóla 2008

Inngangur

Sjúlandsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005. Skólinn er í útjaðri Sjúlandshverfis við Arnarnesvoginn og rennur Hraunsholtslækurinn undir skólann. Á fjórða starfsári voru nemendur í 1.- 8. árgangi og var fjöldi þeirra í byrjun október 181. Garðabæ er ekki skipt í eiginleg skólahverfi og hafa foreldrar því val um í hvaða grunnskóla nemendur stunda nám.

Í lögum um grunnskóla segir að grunnskólinn skuli í störfum sínum leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Það er markmið grunnskóla að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjúlandsskóla byggð. Skólahúsnæði Sjúlandsskóla er sveigjanlegt og í starfinu er lögð áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda.

Í leiðarljósi Sjúlandsskóla segir: „Í Sjúlandsskóla miðar umhverfi og starf að því að hver nemandi fái notið sín til fulls undir handleiðslu hóps samhentra starfsmanna. Kennarar hafa miklar væntingar til nemenda um námsárangur og gera til þeirra raunhæfar kröfur um leið og þeir eru hvattir til þess að gera sitt besta, sýna sjálfstæði, áhuga og frumkvæði í námi, starfi og leik. Samhliða því læra nemendur að axla ábyrgð á eigin gjörðum, hjálpa öðrum og sýna sjálfum sér og umhverfi sínu virðingu. Í starfinu er lögð áhersla á að skapa tækifæri til margháttaðra námsaðstæðna og fjölbreyttrar skiptingar í námshópa þar sem til dæmis er tekið mið af mismunandi áhuga, námsstöðu, kyni og námsstíl nemenda. Sköpun, tjáning og lýðræðisleg vinnubrögð eru samofin öllu skólastarfinu og nemendur fá fjölbreytt tækifæri til þess láta vonir sínar og væntingar rætast í námi og leik. Einkunnarorð skólans eru: *Að vilja og virða.*

Í starfinu hefur því í fjölmörgum atriðum verið vikið frá því sem einkennir hefðbundinn grunnskóla. Meiri áhersla er á einstaklingsmiðað nám, hópastarf, samþættingu námsgreina, sjálfstæða vinnu nemenda og samkenslu árganga. Mikil áhersla er á útikenslu í skólanum og til dæmis stunda allir árgangar í 1.-7. bekk nám sitt einn dag í viku utan veggja skólans. Daglegar venjur eru einnig að mörgu leyti ólíkar því sem gengur og gerist í skólum t.d. hafa nemendur val um hvort þeir eru inni eða úti í hádegisfrímínútum, morgunsöngur og umsjónarfundir er á hverjum degi. Lögð er áhersla á að nemendur ljúki vinnudegi sínum að mestu í skólanum og því er heimavinna í minna mæli en gengur og gerist.

Í nútíma samfélagi er þess vænst að skólinn starfi í nánnum tengslum við foreldra og það er lykll að farsælu skólastarfi að samhugur sé meðal starfsmanna skólans, foreldra og nemenda um skólastefnu. Því þótti mikilvægt að kanna áfram hug foreldra til skólastarfsins líkt og gert var á fyrsta og öðru starfsári skólans.

Aðferð

Spurningalistinn byggir að mestu á spurningalista sem foreldrar svöruðu lok nóvember 2005 og hefur hann verið endurskoðaður ár hvert frá þeim tíma. Skólastjóri setti saman þann spurningalista og hafði hann foreldrakannanir Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur (vor 2004, IMG Gallup) til hliðsjónar við val á spurningum og svarmöguleikum. Spurningalistinn var lesinn yfir af skólaráði Sjúalandsskóla og ýmsar ábendingar bárust frá starfsmönnum.

Umsjón tölvuvinnslu könnunarinnar var í höndum kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni en skólastjóri sá um tölfræðilega úrvinnslu í Exel og tók saman niðurstöður. Könnuninni var svarað á netinu í forritinu Survey Console og fengu að öllu jöfnu mæður allra nemenda skólans sendan aðgangsslykil í tölvupósti. Miðað var við nemendaskrá skólans eins og hún leit út í lok nóvember 2008 og voru aðgangsorð sent á 181 foreldri. Fjórar ítrekanir voru sendar foreldrum. 125 luku könnuninni og var heildar svarhlutfall því 69,1%. Niðurstöður ættu því að gefa góða mynd af viðhorfi foreldra til þeirra þátta sem spurt var um í könnuninni. Svarhlutfall skiptist á eftirfarandi hátt eftir umsjónarárgöngum:

Tafla 1. Svarhlutfall skipt eftir bekkjum

Bekkur	Hlutfall
1. - 2. bekkur	71,4%
3. - 4. bekkur	70,2%
5. - 6. bekkur	66,2%
7. bekkur	58,8%
8. bekkur	80,0%

Algengast var að mæður svöruðu könnuninni eða í 82% tilvika, feður svöruðu í 4% tilvika og báðir foreldrar í 14% tilvika.

Til þess að skerpa samanburð á milli einstakra þátta var farin sú leið að gefa tilteknum svörum ákveðin stig á fimm bila kvarða líkt og gert var á seinasta ári (svokallaðan 5 punkta *Likertkvarða* sem notaður hefur m.a. verið til þess að reikna út meðaltal í félagsfræðilegum rannsóknum). Þannig fékk svarið mjög sammála, mjög ánægð(ur), alltaf vel, hæfilegt 5 stig. Svarið frekar sammála, frekar ánægð(ur) eða oftast vel, fékk 4 stig. Svarið hvorki né, bæði og, stundum vel, fékk 3 stig. Svarið frekar ósammála, frekar óánægð(ur) eða oftast illa, fékk 2 stig. Svarið mjög ósammála, mjög óánægð(ur), alltaf illa 1 stig. Ekki var tekið tillit til svara þeirra foreldra sem töldu sig ekki hafa forsendur til að svara, eða svöruðu ekki. Með þessu móti var hægt að reikna út meðaltals niðurstöður hverrar spurningar.

Í nokkrum spurningum var spurt um hæfi einstakra atriða (t.d. lengd skóladags) ef foreldrar töldu hann hæfilega langan var gefið 5 stig, ef foreldrar töldu hann svolítið of langan eða svolítið of stuttan var svarinu gefið 3,5 stig. Ef foreldrar töldu hann allt of langan eða allt of stuttan var svarinu gefið 1 stig. Hæsta mögulega niðurstaða meðaltals í hverri spurningu gat því verið 5 stig og lægsta mögulega útkoma 1 stig.


Til þess að varpa síðan skýrara ljósi á gildi meðaltalanna voru þau flokkuð í *samanburðarbil*. The Gallup Organization hefur m.a. notað þessa aðferð í vinnustaðagreiningum og byggist sú flokkun á tengslum starfsánægju og framleiðni starfsfólks. Og þar sem að skóli er vinnustaður nemenda þótti við hæfi að styðjast við þessa aðferð. Til einföldunar var einnig notast við litamerkingar. Ef meðaltalið var hærra en 4,2 fékk það bláan lit og telst til styrkleika skólans (*styrkleikabil*). Fyrir meðaltal á bilinu 3,7 – 4,19 fær það grænan lit og telst viðunandi (*starfhæft bil*). Fyrir meðaltal lægra en 3,69 er gefin rauður litur og ljóst að aðgerða er þörf (*aðgerðabil*).

Hér er á ferðinni sama aðferð og notuð var á seinasta ári en þá voru gerðar breytingar á litamerkingum og viðmiðunum frá skýrslum 2005 og 2006. Niðurstöður fyrri ára voru endurreiknaðar með tilliti til nýrra viðmiðunar og fylgja í umfjöllunni hér á eftir. Samantekt allra þessara spurninga er viðauki 1.

Niðurstöður

Mikill meirihluti foreldra (91%) telur sig geta mælt mjög vel eða frekar vel með skólanum til annarra foreldra (meðaltal 4,47) eins og sjá má á mynd 1.

Mynd 1.



Menntastefna

Í fyrsta hluta könnunarinnar var spurt um ýmsa þætti sem kalla mætti menntastefnu skólans s.s. hversu vel Sjálandsskóli nái í starfi sínu að vinna að meginmarkmiðum grunnskólastarfs þ.e. “að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun”. Einnig voru foreldrar spurðir um hversu vel eða illa einkunnarorð skólans birtist í daglegu starfi. Þá var spurt um hversu vel sé tekið tillit til þeirrar forþekkingar sem nemandinn hefur við upphaf náms. Í skólastarfinu er lögð áhersla á útikennslu og að vinna að samvinnuverkefnum sem skilað er í áþreifanlegri afurð. Þá er lögð rík áhersla á að nemendur vinni verkefni sem tengjast náttúru, menningu og samfélagi skólans (Gardabæjar og umhverfi hans) og voru foreldrar spurðir um hversu vel þessar áherslur birtist í daglegu skólastarfi.

Almennt má segja að foreldrar sjái menntastefnu skólans birtast í daglegu skólastarfi eins og sjá má í töflu 2. Mikil ánægja er með áherslu skólans á útikennslu. Foreldrar eru almennt sammála þeirri hugmynd að þátttaka í heimilisstörfum sé hluti af heimavinnu nemenda og telja að börnin séu oftast að fást við verkefni við hæfi og tekið sé tillit til forþekkingar þeirra við skipulag náms.

Tafla 2. Menntastefna skólans

Spurning	Meðaltal			
	2008	2007	2006	2005
Áhersla á útikennslu og vettvangsferðir	4,58			
Hvernig tekst að tengja skólann menningu og samfélagi	4,51	4,47	4,51	4,49
Hvernig tekst til um samvinnuverkefni með sjáanlegri afurð	4,31	4,44	4,41	4,49
Vinna skólans í anda markmiða grunnskólalaga	4,31	4,33	4,38	4,53
Heimilisstörf séu hluti af heimavinnu nemenda	4,26	4,38	4,52	4,5
Sýnileiki einkunnarorða skólans í daglegu skólastarfi (vilja - virða)	4,07	4,23	4,29	4,5
Hversu vel er tekið tilliti til forþekking nemenda við upphaf náms	4,03	4,12	4,12	4,11
Hversu vel tekst til að láta nemandann fást við verkefni við hæfi	3,78	3,92	4,09	4,1

Kennsla einstakra greina

Í könnuninni var spurt um gæði kennslu í ýmsum greinum. Er það í fyrsta skiptið sem spurt er um þennan þátt. Almennir foreldrar mjög ánægðir með gæði kennslunnar í skólanum líkt og sjá má í töflu 3. Í Sjálandsskóla er lögð áhersla á þemakennslu þar sem fléttadar eru saman margar námsgreinar í stærri og heildstæðari verkefnum. Hornsteinar þemakennslunnar eru íslenska, lífsleikni, náttúrufræði og samfélagsfræði. List- og verkgreinar, upplýsinga- og tölvutækni fléttast inn í þemun en að auki eru þessar greinar kenndar sér. Sundkennsla fer fram í Ásgarði, íþróttakennsla fer fram í litlu hreyfirými, úti á skólalóð og í Ásgarði. Kennsla í íslensku og stærðfræði er í sérstökum tíma á töflu. Nýjar áherslur voru teknar upp í kennslu í íslensku og stærðfræði í 8. bekk (svokölluð Vallaskólaleið) og mælist hún mjög vel fyrir hjá foreldrum 8. bekkjar (íslenskan 4,38 og stærðfræði 4,56). 20% nemenda hafa samkvæmt könnuninni notið sérkennslu og eru foreldrar að öllu jöfn mjög ánægðir með hana.

Tafla 3. kennsla einstakra greina

Spurning	Meðaltal
----------	----------

	2008
Tónmenntakennslan	4,46
Kennsla í hönnun og smíði	4,43
Kennsla í textílmennt	4,42
Myndmenntakennslan	4,39
Sérkennslan	4,32
Kennsla í tölvu og upplýsingatækni	4,27
Þemakennslan	4,17
Sundkennslan	4,16
Íslenskukennslan	4,07
Stærðfræðikennslan	4,02
Íþróttakennslan	3,71

Viðmót, líðan og stjórnun

Foreldrar gefa viðmóti starfsmanna mjög góða einkunn og líðan nemenda er almennt góð í skólanum (sjá töflu 4). Það sama má segja um stjórnun skólans og umönnun starfsmanna. Athygli vekur að um 10% foreldra telja að barnið sitt hafi verið lagt í einelti í skólanum á liðnum þrem mánudum.

Tafla 4. Viðmót starfsmanna og líðan nemenda

Spurning

Meðaltal

	2008	2007	2006	2005
Viðmót starfsmanna við foreldri	4,67	4,64	4,72	4,76
Viðmót starfsmanna við barn	4,54	4,66	4,59	4,71
Viðmót umsjónarkennara við foreldri	4,54	4,71	4,74	4,75
Að ná sambandi við umsjónarkennara	4,51	4,57	4,71	4,62
Viðmót umsjónarkennara við barn	4,50	4,74	4,64	4,69
Líðan barns á leið til og frá skóla	4,42	4,37	4,43	4,44
Gæði almennrar umönnunar í skóla	4,39	4,28	4,39	4,63
Stjórnun skólans	4,36	4,48	4,62	4,58
Líðan barns í matmálstíma	4,18	4,18	4,31	4,39
Líðan barns í skóla	4,11	4,21	4,23	4,32
Líðan barns í útvist og frímínútum	4,09	4,12	4,24	4,24

Upplýsingagjöf


Í haust var breytt upplýsingagjöf til foreldra um námslega stöðu. Í byrjun hvers mánaðar er send heim mappa sem hefur að geyma upplýsingar um námsmat mánaðarins. Foreldrar eru greinlega mjög ánægðir með þessa breytingu. Foreldrar eru almennt sáttir við upplýsingastreymi kennara um bekkjarstarfið. Upplýsingar um námframvindu og líðan eru ekki eins góðar að mati foreldra eins og sjá má í töflu 5.

Tafla 5. Upplýsingastreymi frá umsjónakennara

Spurning	Meðaltal			
	2008	2007	2006	2005
Upplýsingar um námslega stöðu	4,62	3,74	3,9	3,57
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um bekkjarstarf	4,38	4,55	4,59	3,97
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um námsframvindu	4,19	3,87	4,09	3,72
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um líðan	3,98	4,01	4,12	4,01

Í haust voru gerðar gagngerar breytingar á heimasíðu skólans. Í könnuninni voru foreldrar spurðir um hversu oft þeir færu á heimasíðu skólans, hvað þeim finndist um breytingarnar og um gæði upplýsinga á heimasíðunni. 46% foreldra telja sig fara oft á heimasíðu skólans eins og sjá má á mynd 2.

Mynd 2.



Foreldrar eru almennt sáttir við gæði upplýsinga á heimasíðu og við nýju heimasíðuna. Foreldrar eru almennt sammála því að upplýsingagjöf fari í ríkara mæli á netið (sjá töflu 6). Í könnuninni var spurt um hversu oft foreldrar nýttu sér Mentor upplýsingakerfið. 78,2% foreldra nota kerfið sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Tafla 6. Upplýsingar á heimasíðu og neti

Spurning	Meðaltal			
Upplýsingar á heimasíðu	4,12	4,14	4,48	4,19
Upplýsingagjöf fari á Netið	4,04			
Ný heimasíða	3,84			

Kröfur til nemenda og agi

Flestir foreldrar telja að félaglegar og námslegar kröfur í skólanum séu hæfilegar en nokkuð stór hópur telur að námskröfur séu svolítið of litlar eða allt of litlar (24,0%) Flestir foreldrar eru sáttir við agann í skólanum og telja 65,3% hann hæfilegan þó svo að all nokkrir (20,2%)


telji hann svolítið of lítinn eða allt of lítinn (9,7%). Hæfilegar kröfur til nemenda og agi teljast engu að síður til styrkleika skólans. (sjá töflu 5.)

Tafla 5. Kröfur til nemenda og agi

Spurning	Meðaltal	
	2008	2007
Félagslegar kröfur	4,86	4,89
Námslegar kröfur	4,56	4,34
Agi í skólanum	4,24	4,46
Heimavinna	4,10	3,92

Heimavinna

Í starfi Sjálandsskóla er lögð áhersla á að nemendur nýti skólann sem vinnustað sinn og að heimavinna sé fyrst og fremst lestur. Flestir foreldrar álíta að heimavinna nemenda sé hæfileg. Stór hópur foreldra telur hins vegar að heimavinna nemenda sé of lítil eins og sjá má á mynd 3. Ánægja með hæfi heimavinnu hefur aukist frá því í fyrra (4,1 árið 2008 í samanburði við 3,92 árið 2007).



Mynd 3.

Frímínútur

Sú stefna hefur verið við lýði að nemendur hafi val um það hvort þeir væru inni í skólanum eða úti á skólalóðinni í hádegisfrímínútum. Samkvæmt könnuninni eru foreldrar mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag (4,66).

Skóladagur og skólaár

Skóladagur allra nemenda er jafnlangur. Skóladagur yngri nemenda er því svölítið lengri en gengur og gerist í öðrum skólum í Garðabæ, skóladagur nemenda á miðstigi ívið styttri en í 8. bekk er kennslumagníð það sama og í Garðaskóla. Mikil sátt er meðal foreldra um lengd skóladagsins þar sem að 90,4% telja hann hæfilega langan (4,85). Meirihluti foreldra telur að skólaárið sé hæfilega langt (4,48)

Foreldrasamstarf og foreldrafundir

Í upphafi skólaárs komu nemendur og foreldrar þeirra í viðtal við umsjónarkennara. Í október og nóvember komu foreldrar í viðtöl við kennara eftir að kennslu lauk. Í janúar og febrúar eru foreldrar á ný boðaðir til viðtals. Í könnuninni var spurt um á hvaða hátt foreldraviðtölum sé best fyrir komið. 25,6% foreldra vilja sérstaka foreldraviðtalsdaga þar sem allir foreldrar hitta umsjónarkennara en 70,4% vilja að foreldraviðtölum sé dreift yfir skólaárið eftir samkomulagi kennara og foreldra.


Foreldrar voru spurðir um hvort þeir vildu hafa svipuð, meiri eða minni áhrif á skólastarf en nú er. Almenn sátt virðist vera um núverandi fyrirkomulag (foreldraráð, foreldrafélag, starf í umsjónarhópi) þar sem að 89,5% vilja hafa svipuð áhrif. 10,5 % vilja hafa meiri áhrif en enginn minni.

Matarmál

Í Sjálandsskóla er ætlast til þess að nemendur taki með sér ávexti eða grænmeti í morgunneiti og eru flestir vel sáttir við það fyrirkomulag (4,28). Foreldrum stendur til boða að kaupa heitan mat fyrir börn sín í áskrift og ef þeir kjósa það þá verða þeir að kaupa mat alla daga. Maturinn er aðsendur og er fülleldaður í skólanum og að auki hafa nemendur aðgang að salatbar. Maturinn er borinn á borð og nemendur skammta sér sjálfir. Þegar könnin var gerð kostaði máltíðin kr. 428. Mikill meirihluti nemenda sem svarað var fyrir er í mataráskrift eða 71,5% það er þó lækkun frá því í fyrra en þá var hlutfallið 82,6%. Einu atriðin í þessari könnun sem fara á aðgerðabil varða matarmál (sjá töflu 6 og mynd 7).

Tafla 6. Matarmál

Spurning	Meðaltal			
	2008	2007	2006	2005
Ávexta- og grænmetisneiti	4,28	4,29	4,32	4,45
Gæði heits matar	3,19	3,25	3,06	3,52
Heitur matur alla daga	3,03	3,39	3,84	3,83
Verð á skólamáltíðum	2,17	3,23	3,26	3,61



Mynd 7.

Alþjóðskólinn

Alþjóðaskólinn starfar í húsnæði Sjálandsskóla. Nemendur hans eru með nemendum Sjálandsskóla í matmálstímum, frímínútum og útivist. Nokkur samstarfverkefni eru í gangi á milli skólanna. Þá njóta nemendur Sjálandsskóla að nokkru kennslu í ensku frá kennurum Alþjóðaskólans. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er almenn ánægja er með þessa tilhögun (4,31).

Tómstundaheimili

Að loknum skóladegi nemenda stendur þeim til boða að taka þátt í starfi tómstundaheimilis. Í könnuninni voru foreldrar beðnir um að meta ýmsa þætti í starfi þess. Niðurstöður benda til almennrar ánægju foreldra með tómstundaheimilið eins og sjá má í töflu 7. Ánægja


foreldra með starfshætti í tómstundaheimili hefur engu að síður minnkað áberandi mikið á milli ára.

Tafla 7. Tómstundaheimili

Spurning	Meðaltal			
	2008	2007	2006	2005
Samskipti tómstundaheimilis við barnið	4,41	4,57	4,68	4,64
Samskipti tómstundaheimilis við foreldra	4,34	4,61	4,76	4,8
Viðfangsefni í tómstundaheimili	4,21	4,36	4,53	4,6
Eftirlit með barninu í tómstundaheimili	4,16	4,46	4,32	4,68
Líðan barns í tómstundaheimili	4,03	4,54	4,53	4,56
Ertu ánægð / óánægð með eftirmiðdagsmáltíð í tómstundaheimilinu	3,96	4,41		


Opnar spurningar

Í könnuninni var spurt um hvaða þætti foreldrar vildu helst hafa áhrif á. Ekki svöruðu margir þessari spurningu. Niðurstöður má sjá á mynd 8. Flestir nefna atriði sem varða meira samstarf milli heimilis og skóla og félagsleg samskipti í skólanum.




Mynd 8.

Í lok könnunarinnar voru foreldrar beðnir um að nefna eitt til þrjú atriði sem þeir eru sérstaklega ánægðir með í starfi Sjúalandsskóla. Flestir nýttu tækifærið og bentu á þætti sem þeir eru ánægðir með í starfi skólans en helst var minnst á atriði sem varða skólastefnu og kennsluhætti, samskiptin í skólanum og starfsfólkið eins og sjá má á mynd 9.



Mynd 9.


Einnig voru foreldrar beðnir um að nefna eitt til þrjú atriði sem þeir eru sérstaklega óánægðir með í starfi skólans. Margir kusu að láta þessari spurningu ósvarað en þeir sem það gerðu nefndu m.a. atriði sem varða nám og kennslu, matarmál og aðbúnað á lóð og húsnæði eins og sjá má á mynd 10. Óánægja með gæði íþróttaaðstöðu var áberandi.



Mynd 10.

Þá voru foreldrar beðnir að tilgreina atriði sem þér teldu að væru sérstaklega til bóta fyrir starfið í Sjúalandsskóla. Flestar ábendingar vörðuðu aðstöðuna, félagsstarf og félagsauð og matarmál. eins og sjá má á mynd 11.

Mynd 11.



Umræða

Í hugmyndafræði Sjúalandsskóla er lögð áhersla á sveigjanlegt skólastarf, lýðræðisleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám og speglun náttúru, samtíðar og samfélags í skólastarfinu. Starfið fer fram í anda meginmarkmiða grunnskólalaganna undir einkunnarorðunum: Að vilja og virða. Skóli með ferska hugmyndafræði laðar gjarnan til sín eldhuga, fólk sem hefur brennandi áhuga á að takast á við nýjungar og láta draum um góðan skóla rætast.

Almennt má álykta sem svo að foreldrar séu mjög sáttir við starfið í Sjúalandsskóla. Starfshópurinn fær góðan vitnisburð og er ljóst að foreldrar álíta að í Sjúalandsskóla starfi afar hæft starfsfólk sem leggur alúð í starf sitt og samskipti sín við nemendur og foreldra. Það hefur tekist að byggja upp jákvæðan og hvetjandi skólabrag. Foreldrar taka það skýrt fram hvað börnum þeirra líður að öllu jöfnu vel í skólanum.

Meginþættir einstaklingsmiðunar og sveigjanlegs skólastarfs hugnast foreldrum vel og telja þeir að mjög vel hafi tekist til um eftirtalda þætti:

- Verkefni nemenda tengjast náttúru, umhverfi, menningu og nærsamfélagi skólans
- Nemendur fást við samvinnuverkefni sem skila áþreifanlegri afurð
- Skólastarf er í anda markmiðsgreinar grunnskólalaga

Að mati foreldra hefur tekist vel að:

- samþætta námsgreinar í þemum.
- láta einkunnarorð skólans, *Að vilja og virða*, endurspeglast í skólastarfinu
- taka tillit til forþekkingar og áhuga nemenda í verkefnavali
- fá nemendum verkefni við hæfi.

Almenn ánægja er með ýmsar ákvarðanir sem teknar hafa verið s.s.:

- Skóladagur allra barna er jafn langur
- Nemendur hafa val um inniveru eða útiveru í hádegisfrímínútum
- Útikennsla og vettvangsferðir eru snar þáttur í skólastarfinu
- Dagurinn hefst á morgunsöng og morgunumsjón
- Tímasetning foreldravíðtala er sveigjanleg
- Skólinn er vinnustaður nemenda og heimavinna er einstaklingsmiðuð og stillt í hóf.
- Heimilisstörf eru hluti af heimavinnu nemenda

Þá fær starfsemi tólmstundaheimilis ágætán vitnisburð þó svo að ljóst sé að ánægja sé minni þetta árið en undangengin ár.

Eins og áður segir þá þarf að sýna varúð þegar niðurstöður kannana 2008, 2007, 2006 og 2005 eru bornar saman. Að hluta er um tvo ólíka hópa að ræða og eins að foreldrar orðnir vanir tilteknum vinnubrögðum og áherslum.

Fjöldmörg atriði í starfi skólans hafa öll fjögur starfsár hans talist til styrkleika hans. Þeir þættir lúta flestir að viðmóti starfsmanna, starfs í anda menntastefnu og sérstöðu skólans.


Nú í fyrsta sinn var spurt um ánægju foreldra í kennslu tiltekinna greina. Mikil ánægja er með kennsluna í list- og verkgreinum en minni ánægja er með kennslu í íslensku og stærðfræði og svo íþróttum. Hvað við kemur íþróttum er ljóst að þessa niðurstöðu má rekja til þess að inniþróttastaða í skólanum er afar bágborin og eldri nemendur skólans sækja íþróttakennslu að hluta upp í Ásgarð. Það er því ljóst að ánægja foreldra mun aukast þegar nýbygging kemst í gagnid. Vardandi niðurstöðuna í þemakennslu, íslensku og stærðfræði skal það til tekið að hún varðar að miklu ófyrirséðar aðstæður í litlum hópi sem búið er að vinna úr.

Nokkur atriði eru á starfshæfu bili og hefur atriðum á þessu bili fjölgað frá því á seinasta skólaári. Þau atriði varða starf í tómsundaheimlinu, líðan nemenda, starf í anda einkunnarorða skólans og gæði leikaðstöðu á lóð. Þessi atriði þarf að taka upp í starfshópnum og skólaráði til þess að leita leiða til þess að gera enn betur. Þó á eftir að greina þessar upplýsingar eftir einstökum árgöngum, það gæti breytt heildarmyndinni.

Í könnuninni koma víða fram ábendingar um að skerpa megi agann í skólanum þó svo að heildarniðurstæða falli á styrkleikabil. Í byrjun desember 2007 setti starfsfólkið saman áætlun um viðbrögð við hegðunarfrávikum. Stóðu vonir til þess að þessi áætlun skerpi á aga í skólanum og því er ljóst að betur má gera í að fylgja málum eftir og skiptir þar mestu að kennarar láti foreldra fyrr vita ef eitthvað bjátar á.

Þá er ljóst að fyrirkomulag hádegisverðar í skólanum þarf að skoða betur. Áberandi er að hádegisverðurinn er það atriði skólastarfsins sem helst hefur legið undir ámæli foreldra frá upphafi skólans. Þetta árið gæti verulegrar óánægju meðal foreldra um verð á skólamáltíðunum. Það fyrirtæki sem bæjaryfirvöld hafa samið við um matarmál (Skólamatúr) hefur gert á liðnum árum verulega bragarbót á starfi sínu t.d. með salatbar, endurskoðun matseðla og fulleldun matar í skólanum. Öll árin höfum við haft þá reglu að mataraskrift gildi alla daga. Þessi regla hefur gert andrúmsloftið í hádegismat mannvænna og börnin standa ekki í biðröðum að fá matinn sinn og læra að skammta sér sjálf. Þessi regla er engu að síður gagnrýniverð þegar mat foreldra að matarverð sé hátt og gæðin ekki nægjanleg, skoðanir foreldra eru hins vegar mjög skiptar eins og sjá má á mynd 12.

Mynd 12.



Það er hins vegar einlægur vilji starfsmanna að halda fyrirkomulagi mataráskriftar óbreyttu þar til að reynsla er komin af mataráskrift í framleiðslueldhúsi skólans eftir að 2. áfangi rís. Samningur Gardabæjar og Skólamatar rennur út í vor og verður matsala boðin út á nýjan leik í vor. Þá er bedið eftir túlkun menntamálaráðuneytis á lagagrein sem varðar útreikning á matarkostnaði. Það eru því mörg járn í eldinum sem varða matarmál.

Lokaorð

Virkt foreldrastarf er einn af hornsteinum góðs skólastarfs og það þarf samtakamátt starfsmanna, foreldra og nemenda til þess að skapa góðan skóla. Svarhlutfall foreldra í þessari könnun var nokkuð hátt og er það ánægjulegt þó svo hlutfall hafi lækkað frá seinustu árum. Væntanlega má rekja það til nýrrar spurnaraðferðar. Fljótt á litið má draga þá ályktun af svörum foreldra að starfið í Sjúalandsskóla sé í góðu horfi en engu að síður mikilvægt að nýta sér ábendingar foreldra til þess að gera enn betur í næstu skrefum.

Niðurstöður könnunarinnar verða því vegvísir fyrir starfið á vorönn og á næsta skólaári og er mikilvægt að starfsfólk og foreldrar komi að þeirri þróunarvinnu.

Nú hefur þessi könnun verið framkvæmd nánast með óbreyttu sniði í fjögur ár, þó svo að við höfum farið af pappír yfir á vefinn á þessu ári. Vænta má að könnunin verði með skýrari hætti tekin inn í sjálfsmatsferli skólans og skipt upp milli tímabila.

Garðabæ, 20. janúar 2009

Helgi Grímsson, skólastjóri Sjúalandsskóla

Viðauki 1.

Samantekt spurninga á fimm bila kvaða

	2008	2007	2006	2005
Félagslegar kröfur	4,86	4,89		
Lengd skóladags	4,85	4,82		
Viðmót starfsmanna við foreldri	4,67	4,64	4,72	4,76
Væl um að vera inni eða úti í frímínútum	4,66	4,64	4,73	4,81
Námsmatsmöppur	4,62			
Útikennsla og vettvangsferðir	4,58			
Námslegar kröfur	4,56	4,34		
Viðmót starfsmanna við barn	4,54	4,66	4,59	4,71
Viðmót umsjónarkennara við foreldri	4,54	4,71	4,74	4,75
Menning og samfélag	4,51	4,47	4,51	4,49
Að ná sambandi við umsjónarkennara	4,51	4,57	4,71	4,62
Viðmót umsjónarkennara við barn	4,50	4,74	4,64	4,69
Lengd skólaárs	4,48	4,22		
Mæla með Sjálandsskóla við aðra	4,47	4,70	4,76	4,64
Tónmenntakennslan	4,46			
Kennsla í hönnun og smíði	4,43			
Kennsla í textílmennt	4,42			
Líðan barns á leið til og frá skóla	4,42	4,37	4,43	4,44
Samskipti tómstundaheimilis við barnið	4,41	4,57	4,68	4,64
Myndmenntakennslan	4,39			
Gæði umönnunar í skóla	4,39	4,28	4,39	4,63
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um bekkjarstarf	4,38	4,55	4,59	3,97
Stjórnun skólans	4,36	4,48	4,62	4,58
Samskipti tómstundaheimilis við foreldra	4,34	4,61	4,76	4,8
Gæði sérkennslu	4,32			
Alþjóðaskóli	4,31	4,27	4,5	
Samvinnuverkefni	4,31	4,44	4,41	4,49
Markmið grunnskólalaga	4,31	4,33	4,38	4,53
Ávexta- og grænmetisnesti	4,28	4,29	4,32	4,45
Kennsla í tölvu og upplýsingatækni	4,27			
Heimilisstörf	4,26	4,38	4,52	4,5
Agi í skólanum	4,24	4,46		
Viðfangsefni í tómstundaheimili	4,21	4,36	4,53	4,6
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um námsframvindu	4,19	3,87	4,09	3,72
Líðan barns í matmálstíma	4,18	4,18	4,31	4,39
Þemakennslan	4,17			
Eftirlit með barninu í tómstundaheimili	4,16	4,46	4,32	4,68
Sundkennslan	4,16			
Upplýsingar á heimasíðu	4,12	4,14	4,48	4,19
Líðan barns í skóla	4,11	4,21	4,23	4,32
Heimavinna	4,10	3,92		
Líðan barns í útvist og frímínútum	4,09	4,12	4,24	4,24
Vilja virða	4,07	4,23	4,29	4,5
Islenskukennslan	4,07			
Upplýsingagjöf fari á Netið	4,04			
Líðan barns í tómstundaheimili	4,03	4,54	4,53	4,56
Forþekking við upphaf náms	4,03	4,12	4,12	4,11
Stærðfræðikennslan	4,02			
Upplýsingastreymi umsjónarkennara um líðan	3,98	4,01	4,12	4,01
Ertu ánægð / óánægð með eftirmiðdagsmáltíð í tómstundaheimilinu	3,96	4,41		
Ný heimasíða	3,84			
Gæði leikaðstöðu á lóð	3,81	4,07	4,47	4,54
Verkefni við hæfi	3,78	3,92	4,09	4,1
Íþróttakennslan	3,71			
Gæði heits matar	3,19	3,25	3,06	3,52
Heitur matur alla daga	3,03	3,39	3,84	3,83
Verð á skólamáltíðum	2,17	3,23	3,26	3,61

Viðauki 2.

Spurningalistinn



VIÐHORFSKÖNNUN HJÁ FORELDRUM NEMENDA SJÁLANDSSKÓLA

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Nú þegar skólastarf í Sjálandsskóla er komið vel á skrið tel ég afar æskilegt að leita til ykkar varðandi viðhorf ykkar til skólastarfsins nú á fyrstu mánuðunum. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar til áframhaldandi þróunar skólastarfsins og skiptir því miklu

máli að sem flestir taki þátt í könnuninni. Farið verður með svör ykkar sem trúnaðarmál. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar ítarlega fyrir foreldraráði og samantekt birt á heimasíðu skólans í febrúar 2009.

Svörum á að skila til umsjónarkennara í síðasta lagi föstudaginn 28. nóvember. Það tekur 15-20 mínútur að svara könnuninni.

Með kveðju,

Helgi Grímsson,

skólastjóri

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a. Kyn svarenda

- Karlkyn
- Kvenkyn
- Báðir foreldrar svara

b. Kyn barns

- Karlkyn
- Kvenkyn

c. Fæðingarár barns

- 2002
- 2001
- 2000
- 1999
- 1998
- 1997
- 1996
- 1995

d. Umsjónarkennari barns

- Ingunn Þóra Hallsdóttir (1-2.b)
- Ingveldur Karlsdóttir (1-2.b)
- Margrét Tómasdóttir (3-4.b)
- Sesselja Þóra Gunnarsdóttir (3.-4.b.)
- Þórey Íris Halldórsdóttir (3.-4.b.)
- Edda Björk Gunnarsdóttir (5.-6.b.)
- Margrét Helgadóttir (5.-6.b.)

- Margrét Þorleifsdóttir (5.-6.b.)
- Oddur Albertsson (7.b)
- Erna Sif Auðunsdóttir (8.b)

INNRA STARF SJÁLANDSSKÓLA

1. Hversu vel eða illa telur þú að Sjálandsskóli nái í starfi sínu að vinna að meginmarkmiðum grunnskólastarfs þ.e. „að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun”.

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Hef ekki forsendur til að svara

2. Einkunnarorð Sjálandsskóla eru: „Að vilja og að virða”. Hversu vel eða illa telur þú að þessi einkunnarorð birtist í daglegu starfi skólans?

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Hef ekki forsendur til að svara

3. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að taka tillit til þeirrar forþekkingar sem nemandinn hefur við upphaf náms. Hversu vel eða illa álitur þú að það takist?

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Hef ekki forsendur til að svara

4. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að vinna að samvinnuverkefnum sem skilað er í áþreifanlegri afurð. Hversu vel eða illa álitur þú að það takist?

- Mjög vel
- Frekar vel

- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Hef ekki forsendur til að svara

5. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að nemendur vinni verkefni sem tengjast menningu og samfélagi skólans (Garðabær og umhverfi hans). Hversu vel eða illa álitur þú að það takist?

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Hef ekki forsendur til að svara

6. Í skólanum er mikil áhersla á útikennslu og vettvangsferðir. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þá áherslu?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

7. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með íþróttakennsluna sem barnið þitt fær?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

8. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með sundkennsluna sem barnið þitt fær?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

9. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með tónmenntakennsluna sem barnið þitt fær?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

10. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með myndmenntakennsluna sem barnið þitt fær?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þá kennslu sem barnið fær í textílmennt?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

12. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með kennsluna sem barnið þitt fær í tölvu- og upplýsingatækni?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

13. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með kennsluna sem barnið þitt fær í hönnun og smíði?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

14. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með íslenskukennsluna sem barnið þitt fær?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

15. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með stærðfræðikennsluna sem barnið þitt fær?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

16. Í skólanum er lögð áhersla á þemakennslu í samfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og náttúrufræði. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þessa kennslu?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

17. Telur þú að þær kröfur sem gerðar eru námslega til barnsins í skólanum séu hæfilegar, of miklar eða of litlar?

- Allt of miklar
- Of miklar
- Hæfilegar
- Of litlar
- Allt of litlar
- Hef ekki forsendur til þess að svara

Með félagslegum kröfum er átt við t.d. að nemandinn geti fylgt skólareglum og tekið þátt í hópastarfi.

18. Telur þú að þær kröfur sem gerðar eru félagslega til barnsins í skólanum séu hæfilegar, of miklar eða of litlar?

- Allt of miklar
- Svólítið of miklar
- Hæfilegar
- Svólítið of litlar
- Allt of litlar
- Hef ekki forsendur til þess að svara

19. Telur þú barnið fá verkefni við hæfi í skólanum?

- Já, alltaf

- Já, oftast
- Stundum og stundum ekki
- Nei, oftast ekki
- Nei, aldrei
- Hef ekki forsendur til að svara

20. Telur þú að agi í skólanum sé hæfilegur, of mikill eða of lítill?

- Allt of mikill
- Svolítið of mikill
- Hæfilegur
- Svolítið of lítill
- Allt of lítill
- Hef ekki forsendur til að svara

21. Finnst þér skólanum vera vel eða illa stjórnað?

- Mjög vel
- Nokkuð vel
- Hvorki vel né illa
- Nokkuð illa
- Mjög illa
- Hef ekki forsendur til að svara

22. Í húsakynnum Sjúalandsskóla fer einnig fram starf Alþjóðaskólans. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með að hafa Alþjóðaskólann í Sjúalandsskóla?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til að svara

23. Hefur barnið þitt fengið sérkennslu á þessu skólaári?

- Já
- Nei

24. Ef Já (spurning 23) Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með sérkennsluna sem barnið þitt fær?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

25. Telur þú að heimavinna barnsins sé hæfileg, of mikil eða of lítil?

- Allt of mikil
- Svólítið of mikil
- Hæfileg
- Svólítið of lítil
- Allt of lítil
- Hef ekki forsendur til þess að svara

26. Hversu sammála eða ósammála ertu þeirri hugmynd að þátttaka í heimilisstörfum verði hluti af heimavinnu nemenda?

- Mjög sammála
- Nokkuð sammála
- Hvorki né / Bæði og
- Nokkuð ósammála
- Mjög ósammála

LÍÐAN OG AÐBÚNAÐUR

27. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með viðmót umsjónarkennara í samskiptum við barnið?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

28. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með viðmót starfsfólks skólans í samskiptum við barnið?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

29. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með almenna umönnun barnsins í skólanum?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

30. Hvernig telur þú að barninu líði almennt í skólanum?

- Alltaf vel
- Oftast vel

- Stundum vel
- Sjaldan vel
- Aldrei vel

31. Hvernig telur þú að barninu líði í útivist og frímínútum?

- Alltaf vel
- Oftast vel
- Stundum vel
- Sjaldan vel
- Aldrei vel

32. Hvernig telur þú að barninu líði á leið til og frá skóla?

- Alltaf vel
- Oftast vel
- Stundum vel
- Sjaldan vel
- Aldrei vel

33. Hvernig telur þú að barninu líði í hádegis- og/eða nestisstund?

- Alltaf vel
- Oftast vel
- Stundum vel
- Sjaldan vel
- Aldrei vel

Samkvæmt skilgreiningu er einelti endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einum, sem á erfitt með að verjast. Einelti felur í sér misbeitingu á valdi með þeim afleiðingum að þolanda líður illa og hann finnur til varnarleysis. Einstök átök, ágreiningur og stríðni milli jafningja telst ekki til eineltis.

34. Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum síðustu 3 mánuði?

- Já
- Nei

35. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með leikaðstöðu á skólalóð?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

36. Telur þú að kennsludagar, skóladagar á ári séu of margir eða of fáir?

- Allt of margir
- Svólítið of margir
- Hæfilega margir
- Svólítið of fáir
- Allt of fáir
- Hef ekki forsendur til að svara

37. Telur þú að skóladagurinn (kl. 8:15 – 14:05) sé of stuttur eða of langur?

- Allt of langur
- Svólítið of langur
- Hæfilega langur
- Svólítið of stuttur
- Allt of stuttur
- Hef ekki forsendur til að svara

38. Í hádeginu eru frímínútur þar sem nemendur hafa val um hvort þeir séu inni í rólegum leikjum eða fari út á skólalóð. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þetta fyrirkomulag?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)

- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

Matarmál

39. Er barnið í mataráskrift?

- Já
- Nei

40. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með það fyrirkomulag sem gildir í Sjúalandsskóla að ætlast er til að börn taki með sér ávexti og grænmeti í árdegisnesti?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

41. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með það fyrirkomulag sem gildir í Sjúalandsskóla að ef barn í 1.-7. bekk velur að vera í skólamat þá þurfi það að vera það alla daga?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

42. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með máltíðirnar sem barnið þitt fær?

- Mjög ánægð(ur)

- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

43. Hvað finnst þér um verð á skólamáltíðum?

- Mjög sanngjarnt
- Nokkuð sanngjarnt
- Hvorki né / Bæði og
- Nokkuð ósanngjarnt
- Mjög ósanngjarnt
- Hef ekki forsendur til þess að taka afsötu

SAMSKIPTI FORELDRA OG SKÓLA

44. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðmót umsjónarkennara í samskiptum við þig?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

45. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðmót starfsfólks almennt í samskiptum við þig?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

46. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara til þín um bekkjarstarfið?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

47. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara til þín um líðan barnsins?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

48. Í byrjun október og nóvember hafa umsjónarkennarar sent heim námsmatsmöppur. Þessar möppur verða sendar heim í byrjun desember, febrúar, mars, apríl, maí og júní. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þetta fyrirkomulag á birtingu námsmats.?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

49. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara til þín um námsframvindu barnsins?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og

- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

50. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með hvernig gengur að ná sambandi við umsjónarkennara ef þarf?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

51. Á hvaða hátt telur þú að foreldraviðtölum sé best fyrir komið:

- Sérstakir foreldraviðtalsdagar þar sem allir foreldrar hitta umsjónarkennara
- Foreldraviðtölum dreift yfir skólaárið eftir samkomulagi kennara og foreldra
- Annað: _____

52. Vildir þú sem foreldri hafa svipuð, meiri eða minni áhrif á skólastarf en nú er?

- Svipuð áhrif
- Meiri áhrif
- Minni áhrif

53. Hvaða þætti í skólastarfinu vildir þú helst hafa áhrif á?

54. Á seinasta skólaári var heimasíðu Sjúalandsskóla breytt. Hversu ánægður eða óánægður ertu með breytinguna?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

55. Hversu oft eða sjaldan ferð þú inn á heimasíðu Sjúalandsskóla?

- Mjög oft
- Frekar oft
- Hvorki oft né sjaldan
- Frekar sjaldan
- Mjög sjaldan
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

56. Finnst þér upplýsingar á heimasíðu skólans gagnlegar?

- Mjög gagnlegar
- Frekar gagnlegar
- Hvorki né/bæði og
- Ekki gagnlegar
- Alls ekki gagnlegar
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

57. Ertu sammála því eða ósammála að færa upplýsingagjöf frá skóla til foreldra í auknum mæli inn á Netið?

- Mjög sammála
- Nokkuð sammála
- Hvorki né / Bæði og
- Nokkuð ósammála
- Mjög ósammála

58. Hversu oft eða sjaldan notar þú Mentor upplýsingakerfið?

- Einu sinni í viku eða oftar
- Einu sinni í mánuði eða oftar
- Sjaldnar en einu sinni í mánuði
- Aldrei

STEFNUMÓTUN Í STARFI SJÁLANDSSKÓLA

59. Nefndu eitt til þrjú atriði sem þú ert sérstaklega ánægð(ur) með í starfi Sjálandsskóla.

60. Nefndu eitt til þrjú atriði sem þú ert sérstaklega óánægð(ur) með í starfi skólans.

61. Geturðu nefnt a.m.k. eitt atriði sem yrði til bóta fyrir skólastarfið?

62. Hversu vel eða illa getur þú mælt með Sjálandsskóla til annarra foreldra?

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar illa
- Mjög illa

SÆLUKOT TÓMSTUNDAHEIMILI SJÁLANDSSKÓLA

63. Hefur barnið verið í dvöl á tómstundaheimilinu Sælukoti á þessu skólaári? (EF NEI, ÞÁ SVARAR ÞÚ EKKI SPURNINGUM 64-69)

- Já
- Nei

64. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu tómstundaheimilis hvað varðar eftirlit með barninu?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

65. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu tómstundaheimilis hvað varðar samskipti þín við starfsfólk?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

66. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu tómstundaheimilis hvað varðar samskipti barns við starfsfólk?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

67. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu tómstundaheimilis hvað varðar dagleg viðfangsefni?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né / Bæði og
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)

- Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

68. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu tómstundaheimilis hvað varðar eftirmiðdagsmáltíð?

- Mjög ánægð(ur)
 Frekar ánægð(ur)
 Hvorki né / Bæði og
 Frekar óánægð(ur)
 Mjög óánægð(ur)
 Hef ekki forsendur til þess að taka afstöðu

69. Hvernig telur þú að barninu þínu líði á tómstundaheimilinu?

- Alltaf vel
 Oftast vel
 Stundum vel
 Sjaldan vel
 Aldrei vel

70. Atriði sem þú vilt koma á framfæri varðandi Sælukot.

Kærar þakkir fyrir þátttökuna!

Helgi Grímsson, skólastjóri

